

*Úrskurðarnefnd um viðskipti við
fjármálafyrirtæki*

Samantekt úrskurða

2001

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, mánudaginn 2. apríl, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Björk Sigurgísladóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 18. janúar 2001 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. janúar 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svar varnaraðila barst með bréfi frá lögfræðingi F, dagsettu 7. febrúar 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi, dagsettu 6. mars 2001, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. mars 2001. Með bréfi, dagsettu 6. mars 2001, var óskað eftir frekari upplýsingum og útreikningum varnaraðila. Svör varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 15. sama mánaðar. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. og 16. mars og 2. apríl 2001.

II.

Málsatvik.

Hinn 29. desember 1999 gerðu aðilar máls þessa með sér svokallaðan gjaldmiðlaskiptasamning þar sem samið var um kaup og sölu eins gjaldmiðils fyrir annan miðað við gengi í lok mars 2000. Fyrirgreindan dag keypti sóknaraðili alls sjö erlenda gjaldmiðla fyrir kr. 49.170.410,- miðað við gengi þeirra þann dag, sem afhendast skyldu gegn húsbréfum í flokki 96/2 að nafnvirði kr. 37.000.000,- sem á samningsdegi var að markaðsvirði kr. 49.170.410,-. Ávöxtunarkrafa í upphafi var 4,83%. Lokadagur samningsaðila var 30. mars 2000. Samkvæmt ákvæðum hans skyldu erlendar fjárhæðir hans uppreiknaðar að nýju á gengi varnaraðila í lok samnings. Skyldi það vera meðaltal almenns sölugengis viðeigandi gjaldmiðla sem varnaraðili birti í almennri gengistöflu sinni tveimur bankadögum fyrir lokadag samningsins nema um annað gengi hefði verið samið sérstaklega. Núvirði húsbréfanna skyldi uppreiknað að nýju með þeirri ávöxtunarkröfu sem bankinn byði tveimur bankadögum fyrir skráðan lokadag og skyldi útreikningurinn taka mið af nafnvirði bréfanna.

Sóknaraðili skuldbatt sig að auki til að greiða tiltekna LIBOR-vexti af hinum erlendu gjaldmiðlum, auk 1,6% álags. Skyldi útreiknuð greiðsla sóknaraðila á vöxtum í erlendum gjaldmiðlum umreiknuð í íslenskar krónur miðað við meðaltal almenns sölugengis viðeigandi gjaldmiðla tveimur bankadögum fyrir lokadag nema um annað gengi hefði verið samið sérstaklega. Samkvæmt samningnum skyldi sóknaraðili greiða til varnaraðila þann mismun sem orðið hefði á jafngildi erlendu fjárhæðanna í íslenskum krónum frá upphafi til loka samningsins, hefði samanlagt jafngildi erlendu fjárhæðanna í íslenskum krónum hækkað í lok samnings. Við útreikning á gengisbreytingunni skyldi miðað við gengi í upphafi samnings og nýtt gengi varnaraðila í lokin.

Samkvæmt framangreindum samningi aðila skyldi ennfremur við uppgjör aðila miða við þá ávöxtunarkröfu á húsbréfunum sem varnaraðili byði tveimur dögum fyrir lokadag. Í samningnum var ákvæði þess efnis að hefði samanlagt jafngildi erlendu fjárhæðanna í íslenskum krónum lækkað í lok samningsins skyldi varnaraðili greiða sóknaraðila breytinguna sem orðið hefði á samanlögðu jafngildi erlendu fjárhæðanna í íslenskum krónum frá upphafi til loka samningsins. Skyldi við útreikning á gengisbreytingunni miða við gengi í upphafi og nýtt gengi varnaraðila í lokin. Hefði samanlagt nýtt núvirði húsbréfanna hækkað í lok samningsins skyldi varnaraðili greiða sóknaraðila breytinguna sem orðið hefði á núvirði húsbréfanna frá upphafi til loka samningsins.

Ef greiðsla sóknaraðila yrði hærri en greiðsla varnaraðila skyldi sóknaraðili greiða mismuninn inn á reikning varnaraðila, en yrði greiðsla varnaraðila hærri en greiðsla sóknaraðila, skyldi varnaraðili leggja mismuninn að frádregnum fjármagnstekjuskatti inn á reikning viðskiptamanns.

Óumdeilt er að samningi aðila var lokað á svokölluðum lokunardegi hans 30. mars 2000. Varnaraðili gerði upp samning aðila miðað við gengi gjaldmiðla og húsbréfa þann dag. Samkvæmt því skyldi sóknaraðili greiða varnaraðila kr. 2.282.461,-.

Ágreiningur aðila snýst um hvort miða beri uppgjör þeirra við gengi gjaldmiðla og húsbréfa 28. eða 30. mars 2000. Sóknaraðili telur uppgjör varnaraðila á ofangreindum samningi rangt og krefst leiðréttingar, auk dráttarvaxta af mismuninum.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður að samkvæmt samningi aðila hafi átt að gera upp samning þeirra þann 28. mars 2000. Segir hann að hringt hafi verið í sig hinn 30. sama mánaðar og sér þá tilkynnt að tap hans væri kr. 2.282.461,- sem yrði skuldfært af tryggingafé sem hann hefði lagt inn á reikning varnaraðila. Hafi sóknaraðila ekki verið skýrt frá við hvaða dag uppgjör aðila miðaðist. Kveðst sóknaraðili ítrekað hafa óskað eftir því að skriflegt uppgjör yrði sent honum en án árangurs fyrr en í septembermánuði að hann hafi loks fengið uppgjórið í hendur. Hafi hann borið fram munnlega kvörtun við varnaraðila skömmu síðar sökum þess að uppgjórið væri ekki í samræmi við samning aðila. Kvörtunina hafi hann ítrekað nokkrum sinnum án árangurs.

Sóknaraðili sendi varnaraðila bréf, dagsett 13. desember 2000, þar sem hann kveðst vera að ítreka það sem fram hafi farið milli sín og starfsmanns varnaraðila. Lagði sóknaraðili fram tillögu að „*endanlegu uppgjóri*“ þar sem miðað yrði við viðmiðunarverð þess húsbréfaflokks sem samningur aðila byggði á hinn 28. mars 2000. Hafi það verið 129.822,-. Eftir því sem skilið verður af bréfinu lagði sóknaraðili ennfremur til að miðað

yrði við gengi gjaldmiðla hjá Seðlabanka Íslands síðastnefndan dag, en sóknaraðili kveðst hafa hlutfallsreiknað áætlað millibankagengi út frá því uppgjöri sem gert var 30. mars 2000. Þá gerði sóknaraðili í tillögu sinni ráð fyrir meðaltalsdráttarvöxtum 22%. Ekki var gert ráð fyrir umsýslugjaldi. Samkvæmt tillögu og útreikningum sóknaraðila væri mismunur kr 875.013,- á uppgjöri varnaraðila miðað við gengi 30. mars 2000 annars vegar og uppgjöri miðað við 28. mars 2000 hins vegar.

Sóknaraðili kveðst í kvörtun sinni aldrei hafa gert samning sem þennan fyrir. Hafi hann haft samband við varnaraðila í kringum 20. mars 2000 og ætlað að loka samningnum sem þá hafi verið í rúmlega 900.000,- króna tapi. Hafi starfsmaður varnaraðila eindregið ráðið honum frá því. Sami starfsmaður hafi jafnframt síðar borið við hefð þegar hann var spurður um ástæður þess að samningur aðila var gerður upp miðað við 30. mars 2000. Kveðst sóknaraðili án efa hafa lokað samningi aðila 27. mars ef ekki hefði komið til alvarlegt slys sem hann kveðst hafa orðið fyrir hinn 26. sama mánaðar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur að eðlilega hafi verið staðið að lokun og uppgjöri samnings aðila. Verður því að skilja athugasemdir hans svo að hann geri þá kröfu við meðferð málsins að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir í fyrsta lagi á að kvörtun sóknaraðila sé of seint fram komin, sbr. gr. 4.2 í almennum skilmálum fyrir framvirk gjaldmiðlaviðskipti. Hafi uppgjör aðila farið fram 30. mars 2000 en skrifleg kvörtun hafi fyrst komið fram með bréfi sóknaraðila, dagsettu 13. desember 2000. Telur varnaraðili þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um leiðréttingu á uppgjöri.

Varnaraðili vísar til þess að samhliða samningi aðila hafi verið gerður eins samningur milli varnaraðila og fjármálastofnunar B, sem dagsettur hafi verið sama dag og með sama lokadegi. Hafi sóknaraðila verið fullkunnugt um að samningi aðila væri „speglad til“ síðastgreinds banka. Varnaraðili bendir á að í samningi aðila sé kveðið á um að miða skuli við gengi tveimur bankadögum fyrir lokadag nema um annað hafi verið samið sérstaklega. Ástæða þessa orðlags sé sú að hafa þurfi reglu um hvernig ganga eigi frá lokun samninga þegar ekki náist í samningsaðila en slíkt heyri til algerra undantekninga. Litið sé svo á að verið sé að semja sérstaklega um við hvaða gengi skuli miða þegar í samningsaðila náist á lokunardegi. Þau viðskipti sem um ræði í málinu hafi farið þannig fram að varnaraðili hafi haft samband við B og tilkynnt honum um lokun samningsins og þá fengið upp gefið það gengi sem bankinn byði varnaraðila við lok samningsins. Þar sem um sams konar samning hafi verið að ræða og varnaraðili hafi gert við sóknaraðila hafi samningi málsaðila verið lokað á sömu kjörum. Hafi verið rætt við sóknaraðila um lokun samningsins á lokunardegi hinn 30. mars 2000.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa verið gert það fullljóst að gerður yrði hliðstæður samningur við B og hafi honum verið kunnugt um að sömu skilmálar skyldu gilda um samning málsaðila. Hafi uppgjör samnings þeirra því eðlilega verið miðað við uppgjör varnaraðila við nefndan banka.

Varnaraðili kveður það rétt að sóknaraðili hafi haft samband við hann í vikunni fyrir lokadag samnings aðila. Hafi hann gert þetta í því skyni að ræða um stöðu samningsins og hvort rétt væri að loka honum þá þegar, sem samkvæmt samningi hafi

verið unnt gegn greiðslu sérstaks gjalds. Hafi sóknaraðili í ljósi upplýsinga frá varnaraðila ákveðið að bíða með að breyta lokadegi samningsins. Varnaraðili mótmælir því að hafa ráðlagt sóknaraðila að loka ekki samningi aðila. Þá telur varnaraðili eðlilegt að sóknaraðili hefði lagt fram skriflega ósk um lokun á samningi hefði hann viljað loka honum fyrir en á lokunardegi.

V.

Niðurstaða.

Varnaraðili hefur borið því að athugasemdir sóknaraðila séu of seint fram komnar. Í samningi aðila er tekið fram að auk þeirra ákvæða sem fram komi í samningnum gildi um hann almennir skilmálar um vaxta- og gjaldmiðlaskipti, útgefnir af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða í febrúar 1998 (1. útgáfa), sem sóknaraðili hafi fengið afhenta og kynnt sér. Samkvæmt grein 4.2 í almennum skilmálum fyrir framvirk gjaldmiðlaviðskipti og skiptasamninga skal banki senda viðskiptamanni útreikning innan 14 daga frá því að samningurinn féll úr gildi og gefa honum kost á að koma með athugasemdir við útreikninginn. Skuli viðskiptamaðurinn koma athugasemdum sínum á framfæri innan sjö daga og skuli bankinn hafa þær til hliðsjónar í endanlegum útreikningi sínum.

Uppgjör aðila ber ekki með sér hvenær það var mótttekið af hálfu sóknaraðila. Þeirri staðhæfingu sóknaraðila að honum hafi ekki, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um, borist uppgjör vegna samnings aðila fyrir en í september 2000 hefur ekki verið hnekktt af hálfu varnaraðila. Stóð það varnaraðila þó nær að tryggja sér sönnun um þessi atriði og hefði mátt gera með einföldum hætti. Ekki verður heldur annað ráðið af gögnum málsins en að uppgjör samningsins hafi oftsinnis komið til umræðu aðila áður en sóknaraðili sendi varnaraðila bréf sitt, dagsett 13. desember 2000. Með vísan til framanritaðs og atvika máls verður að hafna fyrrgreindri málsástæðu varnaraðila.

Kemur þá næst til skoðunar hvort miða beri uppgjör aðila við gengi gjaldmiðla og húsbréfa 28. eða 30. mars 2000. Í samningi aðila kemur skýrt fram að erlendar fjárhæðir skuli uppreiknaðar að nýju á gengi varnaraðila í lok samnings. Skuli það vera meðaltal almenns sölugengis viðeigandi gjaldmiðla sem varnaraðili birti í almenntri gengistöflu sinni tveimur bankadögum fyrir framanskráðan lokadag nema um annað gengi sé sérstaklega samið. Í samningi aðila kemur enn fremur fram að vaxtatímabil húsbréfa skuli vera allt samningstímabilið og er vaxtafótur sú ávöxtunarkrafa á umsömdum húsbréfaflokki, sem varnaraðili bjóði tveimur bankadögum fyrir lokadag. Ágreiningslaust er að lokadagur samnings aðila var 30. mars 2000, sem var fimmtudagur. Bar því samkvæmt skýru orðalagi samningsins að miða við gengi gjaldmiðla og ávöxtunarkröfu umsamins húsbréfaflokks eins og þau voru 28. mars 2000, nema um annað hafi verið samið sérstaklega. eru ákvæði samningsins að þessu leyti og í samræmi við gr. 4.2 í almennum skilmálum fyrir gjaldmiðlaviðskipti og skiptasamninga, þar sem mælt er fyrir um að útreikningur skuli byggður á markaðsskilyrðum tveimur bankadögum fyrir samningsslitadag.

Úrskurðarnefndin telur ósannað að sóknaraðili hafi við samningsgerð vitað að varnaraðili myndi gera sams konar samning við B. Því síður hefur varnaraðili sýnt fram á að sóknaraðili hafi skuldbundið sig til að hlíta niðurstöðu í uppgjöri þess samnings þá er samningur hans við sóknaraðila var gerður upp. Er hvergi vikið að þessu í samningi aðila. eru samningar varnaraðila við nefndan banka sóknaraðila því óviðkomandi. Varnaraðili

hefur heldur ekki getað sýnt fram á að hann hafi samið við sóknaraðila um aðrar viðmiðanir við uppgjör en skýrlega er mælt fyrir um í samningi aðila. Hefði og verið eðlilegt að um slíkar breytingar hefði verið samið skriflega. Þá er og vandséð af hverju sóknaraðili hefði á lokadegi samnings átt að semja við varnaraðila um að við uppgjör hans yrði miðað við gengi þann sama dag, en slíkt hefði haft í för með hundruð þúsunda króna tap fyrir sóknaraðila. Verður varnaraðili, sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fjármálaviðskipta, að bera allan halla af sönnunarskorti í máli þessu. Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að uppgjör aðila hefði átt að miðast við gengi gjaldmiðla og ávöxtunarkröfu umsamins flokks húsbrefa eins og þau voru þann 28. mars 2000.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 6. mars 2001, var óskað eftir útreikningum varnaraðila á uppgjöri aðila miðað við gengi 28. mars 2000. Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að það sé „ómögulegt að gera „rétt“ uppgjör“ miðað við 28. mars 2000 aftur í tímann, eins og fram kemur í bréfi varnaraðila til umboðsmanns síns, sem fylgdi bréfi þess síðarnefnda til nefndarinnar, dagsettu 15. mars 2001.

Í bréfi sínu, dagsettu 13. desember 2000, gerði sóknaraðili kröfu um leiðréttingu í samræmi við ákvæði samningsins um gengi 28. mars 2000. Miðaði hann gengi húsbrefa við upplýsingar Verðbrefafings Íslands hf. um hagstæðasta kaupþilboð þann dag en engin viðskipti munu hafa átt sér stað. Gengi gjaldmiðla er miðað við skráningu Seðlabanka Íslands. Hefur sóknaraðili síðan kosið að hlutfallsreikna gengið til að finna út áætlað millibankagengi eins og uppgjör varnaraðila hafi gengið út frá.

Varnaraðili hefur ekki mótmælt ofangreindum útreikningi sóknaraðila eða hnekk honum á nokkurn hátt. Þá hefur varnaraðili heldur ekki, þrátt fyrir beiðni nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 10. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, getað lagt fram aðra útreikninga miðað við gengi hinn 28. mars 2000. Verður varnaraðili að bera hallann af þessu. Með vísan til framanritaðs telur úrskurðarnefndin ekki óvarlegt að leggja til grundvallar fyrrgreindan útreikning sóknaraðila, enda virðist þar síst halla á varnaraðila.

Samkvæmt framansögðu verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða sóknaraðila kr. 875.013,-. Eftir atvikum þykir rétt að fallast á kröfu sóknaraðila um dráttarvexti. Skulu þeir miðast við lokadag samnings, 30 mars 2000.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili F, greiði sóknaraðila, M, kr. 875.013,- ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987 frá 30. mars 2000 til greiðsludags.

Reykjavík, 2. apríl 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Björk Sigurgísladóttir

Gunnar Viðar

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, föstudaginn 16. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Björk Sigurgísladóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 1. febrúar 2001 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. febrúar 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Varnaraðili gerði grein fyrir afstöðu sinni í bréfi til nefndarinnar, dagsettu 21. febrúar 2001. Bréf varnaraðila var sent sóknaraðila með bréfi, dagsettu 6. mars 2001, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar athugasemdir bárust. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. og 16. mars 2001.

II.

Málsatvik.

Með samningi um kaup og landleigu, dagsettum 1. apríl 1997, seldi sóknaraðili A og B, m.a. fimm loðdýrahús, fóðurstöð, frystiklefa, skinnaverkun ásamt tækjum og verkfærum, vörubifreið, tvær dráttarvélur, fóðurbirgðir, netrúllur, háþrýstidælur og önnur smærri verkfæri, sbr. 1. gr. samningsins. Umsamið kaupverð var kr. 20.600.000,-. Þar af greiddust kr. 2.763.847,- við yfirtöku veðskuldar við Stofnlánadeild landbúnaðarins. Eftirstöðvarnar, kr. 17.836.153,- skyldu greiðast með þeim hætti að af seldum afurðum loðdýrabúsins á hverju ári skyldu fyrstu kr. 11.000.000,- ganga til búsins en eftirstöðvar til greiðslu kaupverðs þar til það hefði verið greitt að fullu. Var fjárhæðin verðtryggð miðað við vísitölu neysliverðs, auk þess sem greiða átti 5,0% ársvexti af eftirstöðvum. Frá og með árinu 1999 skyldu kaupendur þó aldrei greiða sóknaraðila minna en kr. 1.000.000,- þar til eftirstöðvar væru að fullu greiddar. Sóknaraðili átti samkvæmt kaupsamningi að hafa aðgang að söluskýrslum loðdýrabúsins til þess að sannreyna upplýsingar samkvæmt framansögðu.

Í 6. og 7. mgr. 1. gr. téðs kaupsamnings er þess getið að kaupendur hafi „fengið afurðalánaviðskipti“ (sic) við útibú varnaraðila í K fyrir rekstrarárið 1997 og skyldi andvirði seldra afurða loðdýrabús kaupenda að öllu leyti ganga til útibúsins. Skyldi varnaraðili greiða til seljanda eftirstöðvar kaupverðs eftir því sem andvirði seldra afurða

hrykki til á meðan kaupendur hefðu afurðalánafyrirgreiðslu hjá varnaraðila. Sömu skilmálar skyldu gilda gagnvart nýjum aðila færðust afurðalánaviðskipti til hans á samningstímanum. Skyldi varnaraðili tilkynna sóknaraðila ef hann ákvæði að hætta afurðalánafyrirgreiðslu við kaupendur.

Í samningi sóknaraðila við nefnda kaupendur, A og B voru ennfremur ákvæði í 2. gr. um kaup hinna síðarnefndu á bústofni loðdýrabúsins, 760 minkalæðum, 160 minkahögnum, 200 refalæðum og 53 refahögnum, svo og um leigu kaupenda á jörð sóknaraðila og hluta af landi A I, sem ennfremur var eign sóknaraðila. Kaupendur tóku við umráðum hins selda og leigða 1. janúar 1997.

Í samningnum kemur fram að varnaraðila hafi verið kynntur samningurinn og er hann áritaður af hálfu varnaraðila um samþykki hans fyrir þeim skilmálum sem fram koma í 1. og 2. gr. samningsins. Ekki verður þó séð að lögð sé sérstök skylda á varnaraðila í 2. gr. samningsins.

Í mars 2000 leitaði sóknaraðili eftir því við varnaraðila að hann fengi aðgang að söluskýrslum loðdýrabús kaupenda sem lögju í bankanum. Hafði hann að sögn varnaraðila áður haft uppi slíkar óskir, en þá verið tjáð að varnaraðila væri sökum ákvæða í lögum um viðskiptabanka um þagnarskyldu óheimilt að verða við þeim án samþykkis A. Var honum því enn neitað um söluskýrslurnar í mars 2000. Síðar á fundi sóknaraðila með tilgreindum lögfræðingum varnaraðila og útibússtjóra hans í K tók varnaraðili að sér að afla samþykkis téðs A fyrir því að sóknaraðili fengi umbeðnar söluskýrslur. Kveður varnaraðili það samþykki hafa legið fyrir þann 31. maí 2000.

Með ódagsettri greinargerð, sem að sögn varnaraðila barst hinn 21. desember 2000, gerði sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili greiddi honum kr. 5.990.832,64 samkvæmt útreikningi sem fylgdi bréfi hans. Kemur þar fram sú skoðun sóknaraðila að varnaraðili hafi hlunnfarið sóknaraðila um „greiðslu lífdýrastofn loðdýrabúsins“ og var í því sambandi vísað í meðfylgjandi skrá.

Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila með bréfi, dagsettu 10. janúar 2001. Kemur þar fram það mat varnaraðila að hann hafi á engan hátt orðið valdur að hugsanlegu tjóni sóknaraðila og sé kröfu um skaðabætur því hafnað.

Sóknaraðili bar fram kvörtun sína á stöðluðu eyðublaði. Var það óútfyllt að öðru leyti en því að skráðar voru upplýsingar um sóknaraðila. Með kvörtuninni fylgdi áðurgreindur samningur um kaup og landleigu, dagsettur 1. apríl 1997, nefnd greinargerð sóknaraðila ásamt útreikningi á kröfu og loks bréf varnaraðila til sóknaraðila, dagsett 10. janúar 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Hvorki kemur fram í kvörtun yfir hverju sé kvartað né rökstuðningur fyrir kvörtuninni. Af greinargerð sóknaraðila, sem að sögn varnaraðila barst 21. desember 2000, má þó ætla að sóknaraðili telji sig hafa orðið fyrir tjóni sökum þess að varnaraðili hafi neitað að láta honum í té söluskýrslur kaupenda samkvæmt samningi sóknaraðila við A og B. Í greinargerðinni kemur fram að sóknaraðili álíti varnaraðila hafa hlunnfarið sig um greiðslu fyrir lífdýrastofn loðdýrabúsins. Ekki eru þó færð sérstök rök fyrir því.

Með bréfi nefndarinnar til sóknaraðila, dagsettu 6. mars 2001, var hann sérstaklega inntur eftir því með hverjum hætti hann teldi varnaraðila hafa valdið sér tjóni

og jafnframt gefinn kostur á að leggja fram frekari gögn því til stuðnings. Engin svör bárust frá sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að kröfum sóknaraðila verði vísað frá, en verði ekki fallist á þá kröfu gerir varnaraðili þá kröfu að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili rökstyður frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi með því að krafa sóknaraðila sé þess eðlis að hún heyri ekki undir úrskurðarnefndina heldur beint undir dómstóla. Vísar varnaraðili til þess að til að komast að niðurstöðu í málinu þurfi að fjalla um skýringu á ákvæðum kaupsamnings, þar sem væntanlega verði deilt um ábyrgð, þagnarskyldu og fleiri atriði sem þarfnist ítarlegrar gagnasöfnunar, skýrslutöku og vitnaleiðslu. Sé því einsýnt að almennir dómstólar eigi að fjalla um málið en ekki úrskurðarnefndin þar sem hennar hlutverk sé einkum að taka á minni háttar kvörtunum með skjótum og ódýrum hætti og meta hvort kvartandi hafi fengið þá meðferð og þjónustu sem hann átti rétt á. Beri úrskurðarnefndinni því að vísa frá og „ráðleggja dómstólameðferð“ viðamikilla deiluefna eins og í því máli sem hér er til úrlausnar, þar sem við blasi að umfang þess sé slíkt að það fari út fyrir þann starfsramma sem nefndinni er eðli máls settur. Yrði meðferð málsins fyrir nefndinni því einungis eyðsla á tíma og fé.

Í öðru lagi falli mál þetta undir e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina sökum óljósrar og algerlega órökstuddrar kröfugerðar sóknaraðila og beri nefndinni því ekki að fjalla um málið. Bendir varnaraðili á að í greinargerð sóknaraðila vanti allan rökstuðning fyrir kröfunni og framsetning sé þannig að meira en góðan vilja þurfi til að finna út úr því við hvað sé átt. Hafi sóknaraðili ekki nýtt sér forprentað kvörtunarform og séu reitir fyrir skýringar og rökstuðning auðir. Sé því með öllu óhugsandi að úrskurðarnefndinni sé mögulegt að taka afstöðu til krafna sóknaraðila í málinu á grundvelli framkominna gagna hans og illmögulegt fyrir varnaraðila að koma að athugasemdum og mótmælum þegar stöðugt þurfi að geta sér til um meiningu sóknaraðila.

Varðandi varakröfu sína vísar varnaraðili til þess að sökum þess að kröfugerð stefnanda sé svo óljós og án nokkurs rökstuðnings sé ómögulegt að átta sig á því á hverju kröfumar séu byggðar. Sé því að svo stöddu einungis vísað í bréf varnaraðila til sóknaraðila, dagsett 10. janúar 2001. Telur varnaraðili nær ómögulegt að setja fram vitræn mótmæli meðan kröfur eru með þessum hætti. Fer varnaraðili því fram á að úrskurðarnefndin taki fyrir frávísunarkröfu varnaraðila og úrskurði um hana áður en úrskurðað verður um efnisatriði.

Í síðastgreindu bréfi kemur m.a. fram að höfnun varnaraðila á beiðni sóknaraðila um að fá aðgang að söluskýrslum loðdýrabúsins hafi verið byggð á því að um trúnaðarupplýsingar hafi verið að ræða, sem bankanum hafi verið óheimilt að veita þriðja aðila án samþykkis A. Breyti framangreint ákvæði samnings sóknaraðila annars vegar og A og B hins vegar engu þar um, enda tæki það einungis til heimildar sóknaraðila til aðgangs að söluskýrslum hjá kaupanda.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin

m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Úrskurðarnefndin lítur svo á að með áritun sinni á samning sóknaraðila og A og B hafi varnaðili tekið á sig ákveðnar skuldbindingar gagnvart sóknaraðila, sbr. 6. og 7. mgr. 1. gr. samningsins. Telur nefndin því að skilyrðum a-liðar 2. mgr. 3. gr. samþykktanna fyrir nefndina um samningssamband aðila sé uppfyllt. Í téðum samþykktum er hvergi að finna nein ákvæði þess efnis að nefndinni beri að vísa frá og „*ráðleggja dómstólameðferð*“ viðamikilla deiluefna svo sem varnaðili heldur fram. Eru nefndinni engin takmörk sett um meðferð mála önnur en að framan greinir. Nefndin bendir ennfremur á að hvor aðili um sig getur skotið málinu til dómstóla, sbr. 12. gr. samþykktanna. Er kröfu varnaðila um frávísun málsins af framangreindum ástæðum því hafnað.

Kemur þá næst til skoðunar hvort kvörtun sóknaraðila sé tæk til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefndina. Svo sem að framan greinir bar sóknaraðili fram kvörtun sína á forprentuðu, stöðluðu eyðublaði. Var það óútfyllt að öðru leyti en því að skráðar voru upplýsingar um sóknaraðila. Með kvörtuninni fylgdi áðurgreindur samningur um kaup og landleigu, dagsettur 1. apríl 1997, nefnd greinargerð sóknaraðila ásamt útreikningi á kröfu og loks bréf varnaðila til sóknaraðila, dagsett 10. janúar 2001. Hvorki kemur fram í kvörtun yfir hverju sé kvartað né rökstuðningur fyrir kvörtuninni. Í ódagsettri greinargerð sóknaraðila kemur fram að sóknaraðili álíti varnaðila hafa hlunnfarið sig um greiðslu fyrir lífdýrastofn loðdýrabús þess sem hann seldi A og B. Ekki eru þó færð sérstök rök fyrir því hvenær eða með hverjum hætti það hafi átt að ega sér stað. Þó virðist mega ráða af málatilbúnaði sóknaraðila að meint vanefnd varnaðila á meintri skyldu hans til að afhenda sóknaraðila söluskýrslur nefnds loðdýrabús hafi valdið sóknaraðila tjóni. Sóknaraðili hefur þó hvorki rökstutt með hverjum hætti vöntun þeirra söluskýrslna hafi valdið honum tjóni né af hverju varnaðila verði um hana kennt. Þá verður ekki ráðið af málatilbúnaði sóknaraðila hverjar aðrar athafnir eða athafnaleysi varnaðila kunni að hafa valdið sóknaraðila tjóni. Loks er kröfugerð sóknaraðila óljós og útreikningar hans engum gögnum studdir.

Sóknaraðila var gefinn kostur á að rökstyðja mál sitt frekar og leggja fram frekari gögn. Hefur hann í engu orðið við því. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður að telja það svo óljóst og illa upplýst og kröfur sóknaraðila svo óskýrar að málið sé ekki tækt til úrskurðar. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli sóknaraðila á hendur varnaðila frá úrskurðarnefndinni, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna nefndarinnar. Málið verður þó tekið að nýju til meðferðar samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð, sbr. 3. málsl. e-liðar 6. gr.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila M, á hendur varnaraðila F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 16. mars 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Björk Sigurgísladóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, þriðjudaginn 15. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Björk Sigurgísladóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2001:**

M
gegn
fjármálafyrirtækjunum F og
G

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækin F og G, hér eftir nefnd varnaraðilar.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 8. mars 2001 með kvörtun umboðsmanns sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 15. mars 2001, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfum þeirra, dagsettum 4. apríl 2001. Bréfin voru send sóknaraðila með bréfi, dagsettu 5. apríl 2001, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila. Með bréfi, dagsettu 20. apríl 2001, var óskað eftir frekari upplýsingum varnaraðila G. Svör félagsins bárust með bréfi, dagsettu 25. sama mánaðar. Með bréfi, dagsettu 2. maí 2001 var óskað eftir frekari upplýsingum sóknaraðila og bárust svör hennar með bréfi, dagsettu 4. maí 2001. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. mars, 18. og 30. apríl og 15. og 18. maí 2001.

II.

Málsatvik.

Hinn 13. nóvember 2000 var sóknaraðili stödd í verslun í París í Frakklandi er hún kveðst hafa orðið fyrir því óláni að veski hennar var stolið úr mátunarklefa meðan hún var að máta föt. Í veskinu var m.a. visakort sóknaraðila. Mun þetta hafa gerst rétt eftir kl. 17.00 að staðartíma eða skömmu eftir kl. 16.00 að íslenskum tíma. Kveðst sóknaraðili þá þegar hafa hringt í uppgefið neyðarnúmer G í Lundúnum í Englandi en ekki hafi náðst samband. Hafi þá verið hringt í ótilgreindan aðila hér á landi. Mun það hafa verið kl. 16.09. Sá mun þegar hafa hringt í tiltekinn starfsmann varnaraðila F. Hafi sá starfsmaður reynt að hringja í neyðarnúmer varnaraðila G en það hafi ekki tekist fyrr en að tíu mínútum liðnum, um kl. 16.20 að héraendum tíma, þar sem númerið hafi ávallt verið á tali. Var korti sóknaraðila þá lokað.

Téðan dag kl. 16.05 var reynt að taka út á kort sóknaraðila í hraðbanka 6.000 franska franka. Var úttektinni hafnað þar sem innslegið persónulegt innsláttarnúmer,

svokallað pin-númer, var rangt. Klukkan 16.05 voru hins vegar teknir 600 franskir frankar út á kort sóknaraðila og rétt pin-númer þá slegið inn. Klukkan 16.07 voru teknir út 6.000 franskir frankar og kl. 16.08 voru teknar út 300 franskir frankar. Klukkan 16.09 var reynt að taka út 3.000 franska franka en því var hafnað þar sem heildarúttekt í peningum þann dag hefði með úttektinni farið umfram leyfilegt hámark sóknaraðila á einum degi, sem var 1.000 bandaríkjadalir. Klukkan 16.14 voru teknir út 500 franskir frankar og kl. 16.15 voru teknir út 800 franskir frankar. Úttekt á 800 frönskum frönskum var hafnað kl. 16.16 og á 400 frönskum frönskum kl. 16.20 þar sem heildarúttekt í peningum þann dag hefði farið umfram leyfilega heildarúttekt á einum degi. Alls voru því teknir út í hraðbanka í fimm skipti á tíu mínútna tímabili samtals 8.200 franskir frankar. Voru úttektirnar færðar á visareikning sóknaraðila og henni gert að greiða kr. 95.679,30 vegna þeirra.

Sóknaraðili mun hafa haft samband við varnaraðila F þá er hún kom aftur til Íslands. Þá hafði umboðsmaður sóknaraðila tal af starfsmönnum beggja varnaraðila. Hinn 4. janúar 2001 ritaði umboðsmaðurinn bréf til varnaraðila G, sem félagið svaraði með bréfi, dagsettu 18. sama mánaðar. Kemur þar fram sú afstaða þess að sóknaraðili sé ábyrgur fyrir úttektunum. Með bréfi, dagsettu 12. febrúar 2001, leitaði umboðsmaður sóknaraðila til Fjármálaeftirlitsins og bar síðan fram kvörtun í máli þessu hinn 8. mars 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður varnaraðila G neita að taka til greina röksemdir um að þeir sem stálu veski hennar hafi ekki haft persónulegt innsláttarnúmer sóknaraðila við úttektir úr hraðbanka, svo og að allt hafi verið reynt af hálfu sóknaraðila til að koma í veg fyrir úttektir en neyðarnúmer varnaraðila G hafi ávallt verið á tali, bæði í Englandi og hér á landi.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi að lokinni dvöl sinni í París í Frakklandi farið á starfsstöð varnaraðila F og sýnt starfsmanni þar miða frá varnaraðila G með persónulegu innsláttarnúmeri sóknaraðila. Hafi númerið því ekki verið í veski hennar. Þá megi og sjá að þjófarnir hafi ekki haft númerið tiltækt þá er þeir reyndu að nota kortið í fyrsta skipti enda hafi úttekt þá verið hafnað. Sóknaraðili segist á engan hátt hafa geymt númerið í veski sínu.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa þurft að nota persónulegt innsláttarnúmer sitt þegar hún framvísaði visakorti sínu til greiðslu í verslunum umræddan dag, 13. nóvember 2000.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili G telur sóknaraðila bera ábyrgð á úttekt reiðufjár, sem átt hafi sér stað með korti hennar í hraðbanka og hafi persónulegt leyninúmer hennar verið notað til staðfestingar á úttektinni. Sú staðhæfing sóknaraðila að ein tilraun með röngu pin-númeri sé sönnun þess að meintir þjófarnir hafi ekki haft rétt númer undir höndum sé alröng. Framvísun þar til gerðs blaðs með leyninúmerinu, sem sóknaraðili segist hafa geymt á öðrum stað, sé engin sönnun þess að sóknaraðili hafi ekki með einhverjum hætti skrifað það á gögn í veskinu sem stolið var. Það hafi þó ekki verið betur gert en svo að þjófurinn hafi strax í annari tilraun ratað á númerið.

Varnaraðili tekur fram að hægt sé að gera allt að fjórar tilraunir til að taka út reiðufé með greiðslukortum í hraðbanka. Sé rangt leyninúmer notað skilar hraðbankinn ekki kortinu í fjórðu tilraun. Telur varnaraðili hverfandi líkur á því að þjófurinn, sem stolið hafi veski af konu sem hann vissi engin deili á, gæti í annarri tilraun slegið inn fjögurra stafa leyninúmer hennar án þess að hafa haft númerið úr veskinu.

Þá getur varnaraðili þess að samkvæmt upplýsingum sóknaraðila hafi hún enn þá haft í förum sínum tilkynningu sem hún hafi upphaflega fengið til staðfestingar á leyninúmeri sínu. Vekur varnaraðili sérstaklega athygli á þeim leiðbeiningum sem þar eru gefnar varðandi varðveislu númersins. Er korthafa þar sagt að leggja leyninúmerið á minnið og eyðileggja miðann til að aðrir komist ekki yfir upplýsingamar. Þá er tekið fram að óheimilt sé að láta leyninúmerið öðrum í té eða geyma það með kortinu.

Loks bendir varnaraðili á að meint misnotkun kortsins hafi að mestu leyti átt sér stað áður en sóknaraðili náði símasambandi við fyrsta staðfesta viðmælanda sinn. Kveðst varnaraðili beita þeirri öryggisreglu varðandi úttektir reiðufjár í hraðbönkum að takmarka þá upphæð sem unnt er að taka út á hverjum sólarhring. Hafi sú vinnuregla leitt til þess að tjón sóknaraðila hafi takmarkast við þá fjárhæð sem nú liggja fyrir, þótt úttektarheimild kortsins hafi verið mun hærri.

Varnaraðili F bendir á að þótt sóknaraðili hafi framvísað afrifu með persónulegu innsláttarnúmeri sínu sé mjög algengt að korthafar skrifi slík númer hjá sér og geymi í veski sínu. Telur varnaraðili mjög líklegt að svo hafi verið í því tilviki sem hér er til umfjöllunar þar sem þjófarnir hafi náð réttu númeri í annarri tilraun. Þá hafi sóknaraðili tjáð varnaraðila að hún hafi uppgötvað þjófnadinn þá er hún hugðist greiða fyrir fatnaðinn sem hún var að máta. Mætti því ætla að nokkrar mínútur hafi liðið þar til hún uppgötvaði að veski hennar væri horfið.

V.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir ágalla á málatilbúnaði sóknaraðila þykir mega skilja hann svo að þess sé krafist að fyrrgreindar fimm úttektir í hraðbanka í París í Frakklandi hinn 13. nóvember 2000, samtals að fjárhæð kr. 95.679,30, verði bakfærðar af kortareikningi hennar.

Að mati úrskurðarnefndarinnar ber korthafi eðli máls samkvæmt að meginreglu til ábyrgð á vörslu og notkun kreditkorts. Er og mælt fyrir um það í viðskiptaskilmálum varnaraðila G að korthafi skuldbindi sig til að varðveita kortið þannig að óviðkomandi aðili komist ekki yfir það og gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta. Á sama hátt ber korthafa að tryggja að aðrir komist ekki yfir þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til úttekta úr hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum. Til slíkrar notkunar kreditkorts þarf sérstakt leyninúmer, svokallað pin-númer, og kemur það í stað undirskriftar. Er korthafa samkvæmt viðskiptaskilmálum óheimilt að láta öðrum númerið í té eða geyma það með korti sínu. Er þetta ennfremur ítrekað á miða þeim sem korthafi fær í hendur og hefur að geyma pin-númer viðkomandi. Er þar mælt til að korthafi leggi númerið á minnið og eyðileggi miðann svo aðrir komist ekki yfir númerið.

Samkvæmt 10. gr. viðskiptaskilmála G ber korthafa tafarlaust að tilkynna varnaraðila eða næsta umboðsaðila félagsins glatist greiðslukort hans. Sé tilkynning gefin símleiðis skal staðfesta hann innan þriggja daga. Sjálfsábyrgð korthafa takmarkaðist við jafnvirði ECU 150 í íslenskum krónum ef kort hans er notað af óviðkomandi aðila áður

en hvarf þess er tilkynnt. Þetta á þá ekki við ef um stórfellt gáleysi eða svik af hálfu korthafa hefur verið að ræða.

Þrátt fyrir að engin gögn hafi verið lögð fram um þjófnað á veski sóknaraðila og kreditkorti, þykir við úrlausn málsins mega miða við að veskinu og kortinu hafi verið stolið þá er sóknaraðili var að máta fót í ónefndri verslun í París í Frakklandi. Hefur þetta og ekki sætt sérstökum andmælum varnaraðila.

Eins og fyrr er rakið tókst hinum óprúttu aðilum að slá inn rétt fjögurra stafa leyninúmer við úttekt úr hraðbanka í annarri tilraun örskömmu eftir að hafa stolið veski sóknaraðila. Verður að telja hverfandi líkur á að slíkt hafi getað gerst án þess að viðkomandi hafi með einhverjum hætti komist yfir rétt númer. Sóknaraðili kveðst ekki hafa þurft að slá inn leyninúmer sitt við notkun kortsins fyrir þann sama dag og er því nánast útilokað að viðkomandi hafi með þeim hætti komist yfir rétt númer. Eins og á stendur í máli þessu verður stefnda að bera hallann af innslætti annarra á leyninúmeri sínu. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki hjá því komist að láta sóknaraðila bera ábyrgð á greiðslu þeirra fjármuna sem teknir voru út með kreditkorti hennar í hraðbanka í París þann 13. nóvember 2000.

Á hitt ber að líta að ekki liggur annað fyrir en að sóknaraðili hafi samstundis gert viðeigandi ráðstafanir til að tilkynna um hvarf kortsins. Hefur fullyrðingum hennar þess efnis ekki verið mótmælt, m.a. um að hún hafi þá þegar hringt í uppgefið neyðarnúmer G í Lundúnum í Englandi en ekki náð sambandi. Þá liggja fyrir gögn til stuðnings fullyrðingum sóknaraðila um að hún hafi reynt að hringja í mann hér á landi til að tilkynna stuldinn kl. 16.08 og 16.09 að íslenskum tíma nefndan dag. Þá hafi ónefndur þriðji maður m.a. hringt í tiltekinn starfsmann varnaraðila F, sem reynt hafi að hringja í neyðarnúmer varnaraðila G en það hafi ekki tekist fyrir en að tíu mínútum liðnum þar sem númerið hafi ávallt verið á tali. Hefur þessu heldur ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu varnaraðila og hefur varnaraðili G harmað það að ekki skyldi strax hafa náðst samband við vaktþjónustu félagsins. Gera verður ríka kröfu til þess að símaþjónusta kortafyrirtækja sé þannig úr garði gerð að korthafar geti tafarlaust tilkynnt um glötuð kort og takmarkað tjón sitt af völdum misnotkunar annarra. Verður ekki annað séð en að sóknaraðili hafi þá þegar gripið til allra þeirra ráða sem henni voru tæk til að tilkynna um hvarf korts síns. Verður að meta varnaraðilum það til hjúðs að sóknaraðili náði ekki strax sambandi við neyðarnúmer G þannig að korti hennar var lokað nokkrum mínútum síðar en ella hefði verið.

Með hliðsjón af öllu framansögðu telur nefndin eins á stendur í máli þessu rétt að sóknaraðili beri ein ábyrgð á 600 franka úttekt sem framkvæmd var kl. 16.05 nefndan dag, sem svarar til 6.849,49 íslenskra króna, en að úttektir sem framkvæmdar voru kl. 16.14 og 16.15, samtals 1.300 franskir frankar, sem svarar til 14.840,57 íslenskra króna og helmingur 6.300 franka úttekta kl. 16.07 og 16.08, þ.e. 3.150 franskir frankar eða sem svarar til 35.959,84 íslenskra króna verði bakfærður af kortareikningi hennar. Samtals skal því bakfæra af kortareikningi sóknaraðila kr. 50.800,40.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bakfæra skal af kortareikningi sóknaraðila kr. 50.800,40.

Reykjavík, 18. maí 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Björk Sigurgísladóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, þriðjudaginn 9. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólóf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2001**:

M

gegn

fjármálafyrirtækjunum F og L

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækin F og L, hins vegar, hér eftir nefnd varnaraðilar.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 30. maí 2001 með kvörtun umboðsmanns sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 30. maí 2001, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi þeirra, dagsettu 20. júní 2001. Bréfin voru send sóknaraðila með bréfi, dagsettu 21. júní 2001, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust frá sóknaraðila með bréfi, dagsettu 2. júlí 2001. Óskað var eftir frekari upplýsingum frá varnaraðila F með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. september 2001, og bárust þær með bréfi bankans, dagsettu 27. september 2001. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. september 2001, var sóknaraðila boðið að gera athugasemdir við síðastgreint bréf varnaraðila F. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 1. október 2001. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. ágúst, 17. og 24. september og 2. og 9. október 2001.

II.

Málsatvik.

Hinn 6. ágúst 1999 gerðu sóknaraðili og S, annars vegar og varnaraðili F með sér samning um sérbankaþjónustu. Skuldbatt varnaraðilinn F sig til að varðveita og ávaxta tiltekna fjármuni fjárfestis í samræmi við umsamda fjárfestingastefnu á hverjum tíma. Téð sérbankaþjónusta fól í sér alhliða fjármálaþjónustu, m.a. vörslu á fjármunum fjárfestis samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingastefnu. Samkvæmt viðauka I við samninginn tók varnaraðilinn F að sér umsjón og ávöxtun fjármuna, sem þá voru að verðmæti kr. 85.000.000,-. Veittu sóknaraðili og S, varnaraðilanum F fullt og ótakmarkað umboð til að annast ofangreinda fjármuni og þá sem síðar kynnu að koma í vörslu hans.

Varnaraðili F skyldi samkvæmt ákvæðum nefnds viðauka ávaxta fé þeirra sóknaraðila og S á sem arðbærastan og öruggastan hátt að teknu tilliti til óska þeirra á

hverjum tíma. Með umsjón og ávöxtun var samkvæmt viðaukanum m.a. átt við kaup og sölu á verðbréfum eins og nánar er þar lýst. Samkvæmt 5. tölul. samnings aðila um sérbankaþjónustu, var varnaraðila F heimilað að gera hverjar þær ráðstafanir við framkvæmd samningsins og til að starfa með milligöngu umboðsmanna, sem bankinn veldi í því skyni að rækja hlutverk sitt og ná fram markmiðum samningsins, og muni Eignastýring varnaraðila F sjá um ávöxtun fjármuna sóknaraðila og S. Samkvæmt sama tölulíð veita þau varnaraðila F fullt umboð til að ráðstafa því fé sem þau afhenda honum til ávöxtunar svo og því fé sem vera kann í vörslu hans hverju sinni. Í 8. tölul. samnings aðila um sérbankaþjónustu segir að bótaábyrgð varnaraðila eða aðila á hans vegum nái ekki til þess tjóns sem fjárfestir kann að verða fyrir í beinum eða óbeinum tengslum við efni samningsins, t.d. vegna verðfalls verðbréfa eða veitingu bankans á þjónustu sinni samkvæmt samningnum, nema að því leyti sem slíkt kann að leiða af vanefndum sem rekja megi til stórfellds gáleysis eða ásetnings af hálfu bankans eða aðila tengdum honum.

Í viðauka I er því frekar lýst í hvaða verðbréfum varnaraðila F sé heimilt að fjárfesta. Eru þar tilgreind hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem skráð séu á Verðbréfaþingi Íslands, hlutabréf sem þar séu skráð eða séu á leið inn á þingið samkvæmt einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar, traust erlend verðbréf sem skráð séu á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum OECD og loks innlán í bönkum og sparisjóðum. Samkvæmt viðaukanum skyldi hlutfall mismunandi tegunda verðbréfa vera þannig að 20% skyldu vera í innlendum skuldabréfasjóðum, 40% í innlendum hlutabréfum og 40% í erlendum verðbréfum. Í öllum tilvikum var heimilað frávik frá miðgildi 20% til hækkunar eða lækkunar.

Í viðauka III við samninginn var að finna umboð sem sóknaraðili og nefnd S veittu nafngreindum starfsmanni varnaraðila F til þess að undirrita og ganga frá fyrir þeirra hönd skiptasamningum og framvirkum samningum við varnaraðila báða. Segir í umboðinu að allt það sem umboðsmaðurinn undirritar fyrir hönd sóknaraðila og S skuli vera jafngilt og þau hafi sjálf gert það. Þar kemur ennfremur fram að í skiptasamningi felist erlend lántaka í myntkörfu samsettri eftir ráðgjöf varnaraðila beggja ásamt kaupum á innlendum verðbréfum samkvæmt ráðgjöf þeirra fyrir lánsfjárhæðina. Kemur fram að varnaraðilar hafi upplýst sóknaraðila og S um þá hættu sem hafi verið samfara skiptasamningum og framvirkum samningum og sé þeim ljós sú áhætta sem felist í gengisbreytingu íslensku krónunnar gagnvart erlendu láni og einnig sú áhætta sem felist í verðbreytingum á íslenskum verðbréfum. Í umboðinu kemur loks fram að greindur umboðsmaður muni taka ákvarðanir „*varðandi opnun og lokun á samningi*“ og sé það gert í samráði við starfsmenn beggja varnaraðila.

Í viðauka IV við samning sóknaraðila og S við varnaraðila F var að finna handveðsyfirlýsingu þar sem sóknaraðili og margnefnd S settu varnaraðilanum F að handveði þau verðbréf sem væru í vörslu hans á hverjum tíma samkvæmt fjárvörslusamningi aðila.

Í desember 1999 gerði sóknaraðili gjaldmiðlaskiptasamning við F/V. Samningurinn er gerður 7. þess mánaðar, og undirritaður þann 8. sama mánaðar. Samkvæmt samningnum voru höfuðstólsgreiðslur hvors aðila um sig kr. 99.672.020,-. Undir samninginn skrifar fyrir hönd sóknaraðila áður nefndur umboðsmaður hans, starfsmaður varnaraðila F. Sá hinn sami skrifar einnig undir fyrir hönd F/V ásamt tveimur

öðrum. Lokadagur samnings var 9. júní 2000. Var samningur aðila þá gerður upp og kom í ljós að sóknaraðili hafði tapað kr. 8.377.865,- á samningsgerðinni.

Aftur var gjaldmiðlasamningur gerður á milli sömu aðila þann 7. júní 2000 og undirritaður þann 9. sama mánaðar 2000. Skyldi hann vera til framlengingar hinum fyrri. Samningurinn er ekki undirritaður af hálfu sóknaraðila. Ekki er þó ágreiningur um að gengið hafi verið til slíks samnings af hans hálfu. Lokadagur samnings skyldi vera 11. desember 2000. Sá samningur var hins vegar gerður upp að ósk sóknaraðila hinn 11. ágúst 2000 og í því skyni útbúin ný samnings skjöl þar sem tekið er fram um breyttan lokadag samningsins. Þau skjöl eru hins vegar með öllu óundirrituð. Ekki er þó ágreiningur um að gera hafi átt upp gjaldmiðlasamninginn þennan dag, enda hafði sóknaraðili þá tekið ákvörðun um að flytja viðskipti sín frá varnaraðila F til fjármálafyrirtækisins H. Tap sóknaraðila á seinni samningi þeim, sem varnaraðili F gerði fyrir hans hönd, nam kr. 6.174.740,-. Samtals nam tap sóknaraðila á gerð fyrrgreindra tveggja samninga því kr. 14.552.605,-.

Sóknaraðili bar formlega fram kvörtun við varnaraðila F með bréfi lögmanns hans, dagsettu 2. febrúar 2001. Með bréfi varnaraðilans F, dagsettu 2. maí 2001, sem ennfremur var undirritað af forstjóra varnaraðila L, var því hafnað að varnaraðili F hefði sýnt af sér vanrækslu við vörslu fjár sóknaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst hafa verið í fjárvörslu hjá varnaraðilum og hafi varnaraðilar m.a. í hans umboði annast gerð tveggja skiptasamninga á árunum 1999 og 2000. Hafi tap sóknaraðila af þeim samningum numið um 14,5 milljónum króna. Sóknaraðili telur starfsmenn varnaraðila hafa sýnt af sér stórfellda vangæslu með því að fylgjast ekki með framvindu samninganna eins og þeim hafi borið að gera og veita viðeigandi ráðleggingar í samræmi við stöðuna hverju sinni. Hafi tjón sóknaraðila því numið mun hærrí fjárhæðum en eðlilegt hafi verið, enda hafi sóknaraðili haft í hyggju að segja upp samningunum ef í nokkurt tap stefndi. Eigi sóknaraðili af þessum sökum skýlausan rétt á bótum úr hendi varnaraðila.

Sóknaraðili kveður varnaraðila á grundvelli umboðs handa tilgreindum starfsmanni hans hafa gert nokkra skiptasamninga fyrir hönd sóknaraðila. Meðal þeirra hafi verið þeir tveir samningar sem fyrr var greint frá. Sóknaraðili segir nefndan starfsmann hafa látið af störfum í fyrri hluta júnímánaðar 2000. Hafi sóknaraðili gefið honum skýr fyrirmæli eftir að fyrri samningurinn tók gildi að samningnum yrði lokað, þ.e. gerður upp, um leið og tap af honum færi yfir tvær milljónir króna. Sóknaraðili kveður téðan starfsmann hafa annast gerð síðari skiptasamnings aðila áður en hann lét af störfum. Hafi sóknaraðili gengið út frá því að sömu fyrirmæli giltu og áður.

Sóknaraðili kveðst hafa treyst því að varnaraðilar fylgdust með samningnum í samræmi við ákvæði fjárvörslusamnings aðila og að honum yrði kynnt staða mála hverju sinni. Honum hafi hins vegar aldrei verið tilkynnt um að nefndur starfsmaður hafi látið af störfum, aldrei fengið send yfirlit yfir stöðu samningsins eða verið gert viðvart um að í tap stefndi. Heldur sóknaraðili því fram að starfsmenn varnaraðila hafi látið hjá líða að vakta síðari skiptasamninginn.

Sóknaraðili vísar því á bug að starfsmenn varnaraðila hafi verið í reglulegu sambandi við hann svo sem varnaraðilar haldi fram. Hann segir starfsmenn varnaraðila

ekki hafa veitt upplýsingar um stöðu fyrri samningsins, sem gerður var 9. desember 1999, fyrr en í maí 2000 og að þeir hafi aldrei haft samband til að greina honum frá stöðu síðari skiptasamningsins.

Sóknaraðili kveður óumdeilt að samþykki hans hafi legið fyrir við gerð beggja samninganna. Hann kveður ágreining aðila hins vegar snúast um þá stórfelldu vanrækslu sem varnaraðili hafi sýnt af sér við vöktun samninganna og upplýsingagjöf til sóknaraðila. Bendir sóknaraðili í þessu sambandi á að sökum ákvæða fjárvörslusamnings aðila og með tilliti til þess að um áhættusama skiptasamninga og verulegar fjárhæðir hafi verið að ræða, hafi varnaraðila borið að hafa stöðugt eftirlit með samningum aðila og upplýsa sóknaraðila um stöðuna. Hafi sérstaklega borið að gera honum viðvart „*ef að samningarnir færu í tap*“ (sic). Þá hafi starfsmönnum varnaraðila borið að loka samningi aðila fyrir lokadag ef í óefni stefndi, svo og að loka hvorum samningi um sig um leið og tapið væri orðið tvær milljónir króna. Loks telur sóknaraðili að sú skylda hafi hvílt á varnaraðilum að veita honum ráðleggingar í samræmi við stöðuna hverju sinni. Hafi varnaraðilar ekki getað sýnt fram á að slík aðgæslu- og upplýsingarskylda hafi verið uppfyllt. Bendir sóknaraðili á að varnaraðilar sérhæfi sig í gerð og vöktun skiptasamninga og séu sérfræðingar á því sviði.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa brotið gegn ákvæðum fjárvörslusamnings aðila og þeim skyldum sem á fjármálastofnunum hvíla, svo og 1. mgr. 15. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Þá bendir sóknaraðili á að hvorugur skiptasamninganna hafi verið gerður skriflega þó að efni þeirra hafi verið kynnt honum sérstaklega og samþykkis hans aflað.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðilar vísa því á bug að sóknaraðili hafi gefið varnaraðila F eða umboðsmanni sínum þau fyrirmæli að loka samningi aðila þá er tap sóknaraðila af samningnum færi yfir kr. 2.000.000,-. Vísa varnaraðilar til þess að nefndur umboðsmaður sóknaraðila hafi ekki kannast við slík fyrirmæli en hann sé ekki lengur starfandi hjá F. Þá benda varnaraðilar einnig á ummæli sem sóknaraðili á að hafa látið falla á fundi aðila í maímánuði 2000 og minnisblað varnaraðila af fundinum þar sem fram komi að sóknaraðili hafi alls ekki verið ósáttur við að tapa á samningsgerð sinni við bankann.

Varnaraðilar benda á að sóknaraðili sé fjársterkur fjárfestir sem sýnt hafi vilja til að taka áhættu í verðbréfavíðskiptum sínum í von um að ná hærri ávöxtun en ella. Hann hafi hins vegar jafnframt gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem slíku fylgdi. Þá hafi sóknaraðili og oftsinnis sjálfur haft frumkvæði að viðskiptum með tiltekin verðbréf og óskað eftir að gera afleiðusamninga.

Þá kveða varnaraðilar starfsmenn í sérbankaþjónustu varnaraðila F hafa verið í reglulegu sambandi við sóknaraðila þar sem farið hafi verið yfir stöðu eigna og skulda. Vísa varnaraðilar í þessu skyni til samráðsfunda og minnisblaða sinna um samskipti við sóknaraðila. Segja varnaraðilar að annar starfsmaður sérbankaþjónustu varnaraðila F hafi annast samskipti við sóknaraðila eftir að áðurgreindur umboðsmaður hans hætti þar störfum.

Varnaraðilar benda á að varnaraðili F hafi fylgst gaumgæfilega með þróun mála og stöðu beggja þeirra samninga sem varnaraðili gerði f.h. sóknaraðila við F - V. Hafi það verið mat varnaraðila að skynsamlegt væri að loka ekki samningi aðila og hafi það

mat verið byggt á stöðu markaðar á hverjum tíma og spám varnaðilans F og opinberra aðila. Hafi starfsmenn þessa varnaðila að öllu leyti starfað í samræmi við samning aðila um sérbankaþjónustu og innan þess umboðs sem sóknaraðili hafi veitt. Hafi allar ákvarðanir verið teknar með hagsmuni sóknaraðila að leiðarljósi og að teknu tilliti til þekkingar hans og reynslu í verðbréfavíðskiptum. Varnaðilar benda á að óumdeilt sé að samþykki sóknaraðila hafi legið fyrir við gerð beggja samninganna, honum hafi verið kunnugt um efni þeirra og samþykkt gerð þeirra. Hafi hann því verið fullkomlega meðvitaður um áhættuna þeim samfara. Varnaðili F geti hins vegar ekki frekar en önnur fjármálafyrirtæki borið ábyrgð á því að væntingar um þróun markaðar gangi ekki eftir og vísa varnaðilar í því skyni til 8. tölul. samnings aðila um sérbankaþjónustu.

Varnaðili F vísar algerlega á bug ásökunum sóknaraðila um að bankinn eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér gáleysi í störfum sínum í þágu sóknaraðila og valdið honum því fjártjóni sem hlaut af margumræddum samningum.

V.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir ágalla á málatilbúnaði sóknaraðila þykir mega skilja hann svo að þess sé krafist að varnaðilar greiði honum kr. 14.552.605,- sem svarar þeim fjárhæðum sem sóknaraðili tapaði á margnefndum tveimur gjaldmiðlasamningum við varnaðila F.

Samningur sá um sérbankaþjónustu sem fyrir liggur er milli varnaðila F., kt. xxxxxx-xxxx, annars vegar, og sóknaraðila og S hins vegar. Umþrættir gjaldmiðlaskiptasamningar eru hins vegar á milli sóknaraðila eins annars vegar og F - V, kt. xxxxxx-xxxx, hins vegar. Er ekki tilefni til annars en að líta á viðsemjandi sóknaraðila hafi verið einn og hinn sami, sbr. m.a. til hliðsjónar H 1995-1706. Telst F. kt. xxxxxx-xxxx, því réttur aðili til varnar varðandi alla fyrrnefnda þrjá samninga aðila.

Umþrættir gjaldmiðlaskiptasamningar eru eins og áður segir gerðir af umboðsmanni sóknaraðila, f.h. hans hönd, við F - V og er varnaðili L ekki aðili að þeim. Þá er síðastgreint félag ekki aðili að samningi um sérbankaþjónustu við sóknaraðila og S, þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. samnings aðila um að Eignastýring varnaðila L. muni sjá um ávöxtun fjármuna sóknaraðila og S. Fyrir úrskurðarnefndina hafa hins vegar verið lögð fram gögn um að varnaðili V hafi komið að vörslu fjár fyrir sóknaraðila. Þá hefur hann og í engu hreyft andmælum við að hann beri ábyrgð á vörslu fjár hans, heldur þvert á móti skilað sameiginlegum athugasemdum til nefndarinnar með varnaðila F. Varnaðili L er sjálfstæður lögaðili og breytir þá engu hvernig eignaraðild varnaðila F að því félagi er háttáð. Þeir samningar sem hér eru til umfjöllunar hefur sóknaraðili gert við varnaðilann F. Ber hann ábyrgð á framkvæmd samninganna gagnvart sóknaraðila. Varsla varnaðila L á fé sóknaraðila hlýtur því að hafa verið í umboði og á ábyrgð varnaðila F þykir efni umboðs sóknaraðila til tilgreinds starfsmanns bankans um ráðgjöf varnaðila L engu breyta hér um. Verður því eins og máli þessu er háttáð þegar af þessari ástæðu að hafna kröfum sóknaraðila á hendur varnaðila L.

Með umboði, dagsettu 6. ágúst 1999, veitti sóknaraðili tilteknum starfsmanni varnaðila F fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita fyrir sína hönd og ganga frá skiptasamningum. Er umboð þetta viðauki við samning aðila um sérbankaþjónustu. Kemur þar fram að sóknaraðili hafi verið upplýstur um áhættu sem felist í slíkum samningum. Ennfremur segir í umboði sóknaraðila að umræddur starfsmaður muni taka ákvarðanir um opnun og lokun á samningi í samráði við starfsmenn varnaðila beggja.

Á grundvelli ofangreinds umboðs voru gerðir tveir gjaldmiðlasamningar f.h. sóknaraðila við varnaraðila F. Er ekki ágreiningur þar um en annar samningurinn er með öllu óundirritaður. Verður það að teljast óviðunandi. Bar varnaraðila F að hlutast til um að munnlegur samningur um gjaldmiðaskiptin yrði staðfestur svo fljótt sem verða mátti, sbr. almenna skilmála Sambands íslenskra viðskiptabanka (nú Samband banka og verðbréfafyrirtækja) og Sambands sparisjóða. Þá verður það að teljast óheppilegt að umboðsmaður sóknaraðila, sem samkvæmt umboði sínu ritaði undir fyrri gjaldmiðalskiptasamning aðila, skuli jafnframt hafa undirritað samninginn fyrir hönd varnaraðila F. Þar sem sóknaraðili hefur hins vegar á engan hátt dregið í efa efni samninga aðila þykja ekki efni til frekari umfjöllunar um þessi efni.

Sóknaraðili hefur borið því við að hann hafi gefið umboðsmanni sínum, starfsmanni varnaraðila F, fyrirmæli um að loka samningi aðila þegar tap af honum væri orðið meira en kr. 2.000.000,-. Um þetta hafa engin gögn verið lögð fram. Er ekki annað fram komið en að tilgreindur umboðsmaður sóknaraðila myndi taka ákvarðanir um opnun og lokun á samningi í samræmi við efni umboðs honum til handa. Í ljósi framangreinds, þeirra gagna sem varnaraðili hefur lagt fram um samskipti aðila og gegn andmælum varnaraðila verður að telja ósannað að sóknaraðili hafi gefið fyrirnefnd fyrirmæli og þar með skilyrt eða breytt efni þess skriflega umboðs sem hann hafði áður gefið.

Kemur þá næst til álita hvort varnaraðili F hafi sýnt af sér slíka háttsemi við vörslu fjár sóknaraðila að varði hann bótaskyldu á því fjárhagstjóni sem sóknaraðili varð fyrir vegna greindra gjaldmiðlasamninga. Hefur sóknaraðili borið því við að varnaraðili hafi sýnt af sér stórfellda vanrækslu með því hafa ekki haft nægilegt eftirlit með umræddum samningum eða gefið sóknaraðila nægilegar upplýsingar um stöðu þeirra. Fyrir liggur að sóknaraðila var kynnt sérstaklega sú áhætta sem fylgir gerð skiptasamninga að þessu leyti. Fyrir hans hönd höfðu einnig verið gerðir slíkir samningar áður en kom að gerð umþrættra tveggja samninga. Þá liggur ekki annað fyrir en að sóknaraðila hafi verið kunnugt um gerð þeirra og efni. Með hliðsjón af framangreindu og því hvernig umboði til varnaraðila F og starfsmanns hans var háttað, svo og ákvæðum samnings aðila um sérbankaþjónustu, auk atvika máls að öðru leyti, þykja eins og mál þetta liggur fyrir ekki fram komnar nægilegar sönnur þess að varnaraðili F hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi bakað sér bótaskyldu gagnvart sóknaraðila. Er kröfum hans á hendur varnaraðila F því sömuleiðis hafnað.

Uppkvaðning úrskurðar máls þessa hefur dregist nokkuð, fyrst vegna sumarleyfa nefndarmanna og síðar gagnaöflunar aðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila M, á hendur varnaraðilum F og L, er hafnað.

Reykjavík, 9. október 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, mánudaginn 2. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. maí 2001, sem móttekin var 6. júní 2001. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. júní 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 25. júní 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi, dagsettu 3. júlí 2001, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 27. ágúst 2001 var óskað eftir frekari upplýsingum málsaðila, auk gagna frá varnaraðila. Nefndinni bárust frekari gögn frá varnaraðila hinn 17. september 2001. Sóknaraðili sá ekki ástæðu til að koma að frekari athugasemdum. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. ágúst, 17. og 24. september og 2. október 2001.

II.

Málsatvik.

1.

Hinn 7. maí 1999 sótti sóknaraðili um að fá að opna tékkareikning við útibú varnaraðila í K. Varnaraðili virðist hafa samþykkt umsóknina sama dag og opnaði sóknaraðili reikning í téðu útibúi. Umsóknin er í nafni sóknaraðila og þáverandi sambylismanns hennar en sóknaraðili ritar ein undir umsóknina. Með umboði, sem dagsett er 6. (sic) maí 1999, veitti sóknaraðili þáverandi sambylismanni sínum fullt og ótakmarkað umboð til úttektar fjár og útgáfu tékka af tékkareikningi þeim sem hún hafði opnað hjá varnaraðila. Var kennitala sambylismannsins hinn 11. ágúst 1999 færð í tölvukerfi varnaraðila sem aukakennitala á nefndan tékkareikning sóknaraðila.

Hinn 12. ágúst 1999 sótti sóknaraðili um að stofna sparireikning hjá varnaraðila samkvæmt þeim skilmálum sem um hann giltu og hún hefði þegar kynnt sér. Var sparireikningur stofnaður í nafni sóknaraðila. Leyninúmer reikningsins sem gefið skyldi

upp við sérhverja úttekt var xxxx sem er síðari hluti kennitölu sóknaraðila. Á greindri umsókn ritar sóknaraðili undir yfirlýsingu þess efnis að hún veiti heimild til þess að aðrir geti tekið út af reikningnum sé rétt leylinúmer tilgreint. Ekki er þó krossað við í lítinn ferning framan við yfirlýsinguna sem til þess virðist gerður. Nefndan dag voru millifærðar kr. 1.300.000,- af tékkareikningi sóknaraðila yfir á sparireikning hennar.

Ágreiningslaust er með aðilum að þáverandi sambylíismaður sóknaraðila hafi lokað áðurgreindum sparireikningi hennar þann 23. ágúst 1999, þ.e. 11 dögum eftir stofnun, og millifært innistæðuna, kr. 1.202.454,97, inn á tékkareikning sóknaraðila. Að beiðni sambylíismannsins þáverandi voru síðan sama dag millifærðar af tékkareikningi sóknaraðila kr. 1.150.000,- inn á nýstofnaðan tékkareikning í nafni sambylíismannsins hjá varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa haft samband við nafngreindan starfsmann sóknaraðila og bent á að sambylíismaðurinn fyrrverandi hafi ekki haft heimild til ráðstöfunar af sparireikningi M og óskað eftir því að varnaraðili „*skilaði til baka*“ kr. 1.150.000,-. Hafi nefndur starfsmaður haft samband við sambylíismanninn fyrrverandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru kr. 875.902,97 færðar þann 26. ágúst 1999 á nýja almenna sparisjóðsbók sem stofnuð var í nafni sóknaraðila. Þar af höfðu kr. 823.445,- verið færðar af tékkareikningi þáverandi sambylíismanns sóknaraðila en kr. 52.437,97 af tékkareikningi sóknaraðila. Síðastgreindan dag var kennitala sambylíismannsins fyrrverandi afmáð í tölvukerfi varnaraðila sem aukakennitala á tékkareikningi sóknaraðila. Hún var hins vegar færð inn að nýju 21. september 1999 og aftur afmáð 20. mars 2000.

2.

Þann 18. nóvember 1999 gaf þáverandi sambylíismaður sóknaraðila út veðskuldabréf til handa varnaraðila að fjárhæð kr. 600.000,-. Skyldi lánið endurgreiðast með 48 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. febrúar 2000. Til tryggingar skilvísnum og skaðlausum greiðslum var íbúð sambylíismannsins veðsett með 3. veðrétti. Gögn málsins bera með sér að lánið, líklega að frádregnum kostnaði, kr. 586.800,- hafi verið lagt inn á tékkareikning sóknaraðila, en hún skrifar undir bréfið sem maki lántaka.

Á fyrsta gjalddaga bréfsins 10. febrúar 2000 var skuldfærð afborgun af bréfinu af tékkareikningi sóknaraðila kr. 26.505,20, kr. 28.246,30 á 2. gjalddaga 10. maí 2000, kr. 29.063,90 á 3. gjalddaga 10. ágúst 2000 og loks kr. 29.524,60 á 4. gjalddaga hinn 10. nóvember 2001. Alls voru því skuldfærðar af tékkareikningi sóknaraðila fjórar greiðslur af skuldabréfinu, samtals að fjárhæð kr. 113.340,-. Kveður varnaraðili þetta hafa verið gert að beiðni skuldara bréfsins, þáverandi sambylíismanns sóknaraðila, sem þá hafi haft fulla heimild til að ráðstafa fjármunum á tékkareikningi sóknaraðila.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 21. nóvember 2000, fór sóknaraðili fram á að bakfærðar yrðu afborganir af greindu láni sem skuldfærðar höfðu verið af tékkareikningi hennar.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður fyrrum sambylíismann sinn hafa tekið út af lokaðri bók (sparireikningnum) á nafni sóknaraðila án þess að hafa til þess heimild eða lykilorð. Varnaraðili hafi innheimt kr. 875.902,97 af upphæðinni en hafi ekki endurgreitt það sem

eftir standi. Þá hafi bankinn skuldfært af tékkareikningi sóknaraðila afborganir á nafni fyrrum sambýlismanns hennar vegna skuldar, sem hafi verið með veði í fasteign hans. Telur sóknaraðili að viðskiptamaður banka eigi að geta treyst því að bankinn geymi það fé sem lagt sé inn og virði þær öryggisreglur sem hann setur sjálfur.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila og þáverandi sambýlismann hennar hafa óskað eftir því að opna sameiginlegan tékkareikning hjá varnaraðila. Þar sem ekki sé unnt af tæknilegum ástæðum að skrá tvo einstaklinga fyrir tékkareikningi sé annar skráður sem stofnandi en hinn sem aukanafn, en sá hafi fulla heimild til að ráðstafa þeim fjármunum sem til staðar séu á reikningnum hverju sinni.

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi hlutast til um að verulegur hluti þeirrar fjárhæðar sem fyrrum sambýlismaður sóknaraðila millifærði af tékkareikningi hennar yfir á tékkareikning sinn væru færðar til baka af tékkareikningi hans og yfir á tékkareikning sóknaraðila, sbr. það sem fyrr greinir. Ennfremur kveður varnaraðili sóknaraðila hafa komið í útibú sitt skömmu síðar ásamt þáverandi sambýlismanni sínum og tilkynnt að hún gerði engar frekari kröfur á hendur varnaraðila vegna úttektar af sparireikningi hennar nr. xxxxxx hinn 23. ágúst 1999.

Þá segir varnaraðili sóknaraðila hafa samþykkt lántöku þáverandi sambýlismanns síns með undirritun sinni á veðskuldabréfið. Hafi lánið verið lagt inn á tékkareikning sóknaraðila nr. xxxx og hafi komið beiðni frá útgefanda bréfsins um að greiðslur af láninu yrðu skuldfærðar af sama tékkareikningi. Hafi fyrrum sambýlismaður sóknaraðila á þessum tíma haft heimild til að ráðstafa fjármunum á reikningnum ásamt sóknaraðila. Hafi fyrsta skuldfærsla af reikningnum vegna veðskuldarinnar átt sér stað hinn 10. mars 2001 en sóknaraðili hafi ekki mótmælt skuldfærslu af reikningnum fyrir en með bréfi, dagsettu 21. nóvember 2001.

V.

Niðurstaða.

1.

Skilja verður kvörtun sóknaraðila svo að hún geri annars vegar kröfu um að varnaraðili greiði henni mismun á kr. 1.202.454,97, sem fyrrverandi sambýlismaður hennar hafi tekið út af sparireikningi nr. xxxxxx, og kr. 875.902,97, sem sóknaraðili kveður varnaraðila hafa „innheimt“, þ.e. kr. 326.552,-. Hins vegar verður að telja að í kvörtun sóknaraðila felist krafa um að varnaraðili endurgreiði þær afborganir af láni fyrrverandi sambýlismanns hennar sem skuldfærðar hafi verið af tékkareikningi hennar nr. xxxx, samtals kr. 113.430,-. Ekki er gerð krafa um vexti eða dráttarvexti.

2.

Ágreiningur aðila snýst annars vegar um það hvort þáverandi sambýlismaður sóknaraðila hafi haft heimild til úttekta af sparireikningi hennar nr. xxxxxx hjá varnaraðila. Fram er komið af hálfu varnaraðila að nefndur sambýlismaður hafi óskað eftir því að tilgreindur sparireikningur yrði eyðilagður. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á sérstaka heimild þáverandi sambýlismanns sóknaraðila til úttektar af

reikningnum eða að hann hafi gefið upp leylinúmer reikningsins í greint sinn og þar með haft slíka heimild. Ekki er um það deilt að þáverandi sambýlismaður sóknaraðila tók hinn 23. ágúst 1999 út af sparireikningi hennar kr. 1.202.454,97 og millifærði yfir á tékkareikning sóknaraðila nr. xxxx, en óumdeilt er að hann hafði heimild til úttekta af þeim reikningi. Síðar sama dag tók sambýlismaðurinn kr. 1.150.000.- út af tékkareikningi sóknaraðila og lagði inn á tékkareikning á sínu nafni.

Ekki verður hjá því litið að eftir að sóknaraðili kvartaði við varnaraðila yfir úttekt sambýlismannsins hlutaðist varnaraðili samkvæmt eigin frásögn til um að kr. 823.445.- voru hinn 26. ágúst 1999 millifærðar af tékkareikningi sambýlismannsins fyrirverandi yfir á reikning sem þá var stofnaður í nafni sóknaraðila. Að auki voru færðar kr. 52.437,97 af tékkareikningi sóknaraðila yfir á greindan reikning. Þrátt fyrir fyrirspurnir nefndarinnar hafa hvorki fengist viðhlítandi skýringar á því hvers vegna varnaraðili hlutaðist til um nefndar færslur né hvað réði því að upphæðimar, sem millifærðar voru í nefnt sinn, voru þær sem raun bar vitni. Eins og mál þetta liggur fyrir úrskurðarnefndinni verður ekki annað ráðið en að varnaraðili telji mistökum sínum um að kenna að þáverandi sambýlismaður sóknaraðila hafi getað tekið fé út af sparireikningi hennar. Verður því við það að miða að sambýlismaðurinn hafi hvorki haft heimild sóknaraðila til úttektar né gefið upp leylinúmer reikningsins. Rétt er að taka fram að varnaraðili verður eins og mál standa að bera allan halla af vafa og skorti á sönnunargögnum í þessum efnunum enda bar honum að ganga með skýrum hætti úr skugga um að þáverandi sambýlismaður sóknaraðila hefði heimild hennar til úttektar af sparireikningi hennar og eftir atvikum að tryggja sér sönnun fyrir því að svo hafi verið.

Varnaraðili hefur haldið því fram að sóknaraðili hafi ásamt þáverandi sambýlismanni sínum komið til varnaraðila í september 1999 og tilkynnt að hún gerði ekki frekari kröfur á hendur varnaraðila vegna téðrar úttektar af sparireikningi hennar. Um þetta hafa þó engin gögn verði lögð fram og verður varnaraðili sömuleiðis að bera hallann af því að hafa ekki tryggt sér sönnun í þessum efnunum.

Sóknaraðili ritaði undir skuldabréf sem maki sambýlismanns síns þegar hann tók lán hjá varnaraðila hinn 18. nóvember 1999 og virðist ekki hafa haft uppi frekari athugasemdir við afgreiðslu mála hjá varnaraðila hinn 26. ágúst 1999 fyrr en löngu síðar þegar sambúð hennar og sambýlismanns hennar var lokið. Þykir þetta styðja framburð varnaraðila um margt. Þrátt fyrir það hefur varnaraðili ekki tekist að sýna fram á að þáverandi sambýlismaður sóknaraðila hafi haft heimild hennar til úttektar af sparireikningi nr. xxxxxx þá er hann tók út kr. 1.202.454,97 hinn 23. ágúst 1999.

Samkvæmt framansögðu verður því eins og mál þetta liggur við það að miða að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verður til gáleysis varnaraðila. Ber því að taka kröfu sóknaraðila til greina og gera varnaraðila að bæta henni tjón hennar sem nemur mismuni á kr. 1.202.454,97 sem fyrirverandi sambýlismaður hennar hafi tekið út af sparireikningi nr. xxxxxx, og kr. 875.902,97 sem sóknaraðili kveðst hafa fengið endurgreiddar. Ber varnaraðila samkvæmt þessu að greiða sóknaraðila kr. 326.552,-.

3.

Eins og að framan greinir tók þáverandi sambýlismaður sóknaraðila lán að fjárhæð kr. 600.000,- hjá varnaraðila hinn 18. nóvember 1999. Var hann einn skuldari samkvæmt skuldabréfi sem hann gaf út til varnaraðila greindan dag. Lánið var lagt inn á tékkareikning sóknaraðila nr. xxxx. Í því felst engin sjálfstæð heimild fyrir varnaraðila til

að skuldfæra afborganir af láninu af tékkareikningi sóknaraðila. Þá breytir heldur engu þótt sóknaraðili hafi, einhverra hluta vegna, ritað nafn sitt undir bréfið til samþykkis sem maki útgefanda þess.

Varnaraðili hefur haldið því fram að útgefandi skuldabréfsins, þ.e. fyrirverandi sambylíismaður sóknaraðila, hafi beðið um að greiðslur af láninu yrðu skuldfærðar af tékkareikningi sóknaraðila, en hann hafi á þessum tíma haft heimild til að ráðstafa fjármunum á reikningnum. Hinn 21. september 1999 var kennitala fyrirverandi sambylíismanns sóknaraðila færð sem aukakennitala á tékkareikning sóknaraðila nr. xxxx en aftur afmáð 20. mars 2000. Verður því ekki annað ráðið en að síðastgreindan dag hafi fallið niður heimild sambylíismannsins fyrirverandi til ráðstöfunar fjár af tékkareikningi sóknaraðila, þ.á m. heimild hans til að láta skuldfæra afborganir af umræddu láni af reikningnum. Hefur varnaraðili ekki sýnt fram á að útgefandi greinds skuldabréfs hafi eftir þann tíma fengið heimild til að láta skuldfæra afborganir af láninu af tékkareikningi sóknaraðila. Breytir þá engu þótt andvirði bréfsins hafi verið lagt inn á tékkareikning sóknaraðila í upphafi.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að sambylíismaður sóknaraðila hafi haft heimild til að láta skuldfæra greiðslur af láninu á tékkareikning sóknaraðila þá er lánið var tekið, svo og á fyrsta gjalddaga bréfsins 10. febrúar 2000, en þá var skuldfærð afborgun af bréfinu af tékkareikningi sóknaraðila nr. xxxx kr. 26.505,20. Hins vegar hafði hann ekki heimild til skuldfærslu þá er kr. 28.246,30 voru skuldfærðar á 2. gjalddaga 10. maí 2000, kr. 29.063,90 á 3. gjalddaga 10. ágúst 2000 og loks kr. 29.524,60 á 4. gjalddaga hinn 10. nóvember 2001. Ber varnaraðila því að samkvæmt framansögðu að endurgreiða sóknaraðila greiðslur sem skuldfærðar voru af tékkareikningi hennar á síðastgreindum þremur gjalddögum, samtals kr. 86.834,80.

4.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 413.386,80.

Það athugast að varnaraðili hefur ekki séð ástæðu til að svara fjölmörgum spurningum úrskurðarnefndarinnar um atvik máls. Telur nefndin það óviðunandi.

Úrskurður nefndarinnar hefur dregist nokkuð vegna sumarleyfa nefndarmanna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili F, greiði sóknaraðila M kr. 413.386,80.

Reykjavík, 2. október 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, fimmtudaginn 6. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Gunnar Viðar, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 18. júní 2001 með kvörtun umboðsmanns sóknaraðila, dagsettri 18. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2001, var kvörtunin send varnaraðila og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 9. júlí 2001. Bréfin voru send sóknaraðila með bréfi, dagsettu 18. júlí 2001, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. ágúst og 6. september 2001.

II.

Málsatvik.

Hinn 28. mars 2000 hringdi sóknaraðili í varnaraðila og spurðist fyrir um hvort varnaraðili hefði til sölu hluti í X og hvert gengi þeirra væri. Morguninn eftir hringdi sóknaraðili að nýju í varnaraðila og lýsti yfir áhuga á að kaupa þá hluti sem varnaraðili hefði til sölu en þeir voru þá 1.930 talsins. Var gengið frá kaupum sóknaraðila á hlutum þessum síðar sama dag þann 29. mars 2000. Kaupverðið var 5,25 sterlingspund hver hlutur eða samtals 1.200.427.- miðað við þáverandi gengi sterlingspundsins. Var tilkynning um viðskiptin send hlutaskrá ofangreinds félags í ábyrgðarpósti hinn 8. júní 2000.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 20. febrúar 2001, til varnaraðila var því haldið fram að sóknaraðili hefði falið varnaraðila að annast kaup á hlutabréfum í X (sic) og hefði hann í því skyni lagt kr. 1.200.000,- inn á fjárvörslureikning sinn hjá varnaraðila. Hins vegar virtist samkvæmt þeim upplýsingum sem sóknaraðili hefði aflað sér að ekki hefði verið gengið frá umræddum kaupum fyrir hans hönd. Var því gerð krafa um að sóknaraðila yrði endurgreidd síðastnefnd fjárhæð auk dráttarvaxta. Kröfunni var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 16. mars 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 1.200.427,- auk dráttarvaxta frá 29. mars 2001 (sic) til greiðsludags vegna „vanefnda á samningi um milligöngu á kaupum á hlutabréfum í X.“ Kveðst sóknaraðili hafa farið þess á leit við varnaraðila að hann annaðist um kaup á hlutabréfum í nefndu félagi og hafi hann lagt fram greinda fjárhæð til varnaraðila vegna þessa. Sóknaraðili hafi hins vegar aldrei „eftir viðskiptin“ borist nein gögn eða upplýsingar um þau og hafi því sjálfur reynt að afla upplýsinga þar um. Samkvæmt upplýsingum sem sóknaraðili kveðst hafa aflafrá nefndu félagi hafi hann hvorki verið skráður eigandi hluta í félaginu skömmu eftir kaupin né í janúar 2001. Þá er það varð ljóst í síðara sinnið hafi hann falið lögmanni sínum að endurkrefja varnaraðila um þá fjárhæð sem hann hafði afhent varnaraðila þar sem einsýnt þótti að ekki hefði verið gengið frá kaupunum.

Sóknaraðili segist enn ekki hafa fengið í hendur nein hlutabréf í X eða önnur gögn er kaupunum tengjast. Hafi hann og aldrei verið boðaður á hluthafafundi og njóti því ekki þeirra réttinda sem honum beri samkvæmt lögum um hlutafélög.

Sóknaraðili lítur svo á að háttsemi varnaraðila hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti verðbréfafyrirtækja og hafi hagsmuna sóknaraðila ekki verið nægjanlega gætt. Vekur sóknaraðili athygli á að strangar reglur gildi um ábyrgð sérfræðinga á verkum sínum og eigi það við um varnaraðila. Sóknaraðili telur að þar sem ekki hafi verið gengið frá skráningu á hlutafjáreign hans hjá margnefndu félagi hafi varnaraðili vanefnt svo verulega skyldu sína um milligöngu um kaupin að sóknaraðili sé ekki skuldbundinn af þeim viðskiptum og eigi því rétt til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann lét varnaraðila hafa til ráðstöfunar.

Sóknaraðili hafnar því að honum hafi verið kunnugt um kaupin og bendir á að honum hafi aldrei borist tilkynning eða skjöl þar að lútandi. Þá hafi hann fengið þær upplýsingar frá hlutaskrá X að hann væri ekki skráður eigandi hluta í félaginu. Hafi hann því mátt ætla að frá umræddum kaupum hafi aldrei verið gengið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þær kröfur að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Byggir varnaraðili á því að milli aðila hafi að frumkvæði sóknaraðila sjálfs komist á bindandi samningur um kaup á 1.930 hlutum í X. Hafi sóknaraðili í samræmi við þann samning greitt kaupverðið og varnaraðili staðfest sölu hlutanna til sóknaraðila bæði munnlega og með útgáfu viðskiptakvittunar. Hafi seljandi afsalað sér öllum rétti til hlutanna hinn 29. mars, væntanlega 2000, með viðtöku kaupverðsins og sóknaraðili frá sama tíma öðlast eignarrétt yfir þeim sömu hlutum. Geti hvorugur aðili fellt niður kaupin að eigin frumkvæði án samþykkis gagnaðila.

Varnaraðili mótmælir sem röngum og þýðingarlausum fullyrðingum sóknaraðila um að hann hafi ekki fengið nein gögn eða upplýsingar um kaupin. Hafi verið gengið frá kaupunum símléiðis og sé samkvæmt íslenskum rétti ekki þörf frekari tilkynninga eða staðfestinga um kaupin. Leysi meintur skortur á slíkum tilkynningum sóknaraðila því ekki undan skuldbindingum sínum. Kveður varnaraðili kvittun hafa verið senda til sóknaraðila eftir að greiðsla samkvæmt kaupsamningi barst inn á tilgreindan reikning varnaraðila. Hafi viðskiptin síðan verið tilkynnt til viðkomandi hlutaskrár. Þar að auki

hafi sóknaraðila verið sent viðskiptamannayfirlit yfir viðskipti á árinu 2000 þar sem fram komi upplýsingar um kaup hans á hlutum í umræddu félagi. Viðurkenni sóknaraðili og í greinargerð sinni að hafa fengið þau svör frá varnaraðila að frá kaupunum hefði verið gengið og sé það í mótsögn við aðrar fullyrðingar hans.

Varnaraðili kveður ljóst að tafir á skráningu í hlutaskrá breyti engu um það að viðskiptin séu ótvírátt skuldbindandi milli aðila og ráði slík skráning ekki úrslitum um eignarréttindi. Sé og enginn ágreiningur um eignarrétt sóknaraðila að viðkomandi bréfum og sá dráttur sem orðið hafi á skráningu í hlutaskrá stafi ekki af því að eignarréttur sóknaraðila hafi verið dreginn í efa. Varnaraðili hafnar því að hafa á nokkurn hátt vanefnt skyldur sínar varðandi umrædd viðskipti. Félagið hafi sent hlutaskrá tilkynningu um viðskiptin hinn 8. júní 2000 og hafi verið kvittað fyrir móttöku tilkynningarinnar degi síðar. Hafi varnaraðili einungis tekið að sér að senda tilkynninguna en hafi á engan hátt ábyrgst gagnvart sóknaraðila að skráning í hlutaskrá færi fram. Geti varnaraðili ekki borið ábyrgð á framkvæmd einstakra hlutafélaga á skráningu í hlutaskrá.

Varnaraðili segir engar athugasemdir hafa borist frá sóknaraðila fyrir en með bréfi lögmanns hans 20. febrúar 2001. Verði ekki séð að sóknaraðili hafi gert neinar ráðstafanir gagnvart hlutaskrá X til að fá leiðréttingu mála sinna þar, enda þótt hann hafi fengið skilríki fyrir eignarréttindum sínum. Hafi sóknaraðili hvorki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni né óþægindum vegna tafa sem urðu á skráningu í hlutaskrá. Varnaraðili bendir á að í símtali sóknaraðila við varnaraðila hafi komið fram að X myndi senda út bréf í félaginu. Samkvæmt yfirlýsingu félagsins sé sóknaraðili skráður fyrir 1.930 hlutum. Varnaraðili vísar því á bug að reglur um ábyrgð sérfræðinga eigi við í máli þessu, svo og að viðskiptin hafi ekki farið fram örugglega og hnökralaust eða að háttsemi varnaraðila hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti verðbréfafyrirtækja. Kveðst varnaraðili hafa rækt skyldur sínar í máli þessu af trúmennsku og fyllstu óhlutdrægni og uppfyllti að öllu leyti þær skyldur sem lagðar séu á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með lögum um verðbréfavíðskipti. Varnaraðili mótmælir sérstaklega kröfu sóknaraðila um dráttarvexti.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili hafði samband við varnaraðila sérstaklega í því skyni að spyrjast fyrir um hluti í X. Var hann sérstaklega varaður við áhættu þeirri sem fylgdi slíkum kaupum en kvaðst myndu veðja á nefnt félag. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að aðilar hafi hinn 29. mars 2000 samið um að sóknaraðili keypti 1.930 hluti í félaginu á genginu 5,25 sterlingspund hvern hlut eða samtals á kr. 1.200.427.- miðað við gengi sterlingspundsins þann dag og hafi greitt tilgreinda fjárhæð inn á reikning hjá varnaraðila síðar sama dag. Var hann þar með orðinn eigandi 1.930 hluta í X. Gat sóknaraðila ekki dulist þetta og er hann skuldbundinn af kaupum þessum sem hann átti allt frumkvæði að.

Gögn málsins bera með sér að varnaraðili hafi hinn 8. júní 2000 sent hlutaskrá X í ábyrgðarpósti tilkynningu um að sóknaraðili hafi keypt 1.930 hluti í félaginu. Varnaraðili getur ekki borið ábyrgð á því hvernig eða hvenær viðkomandi félag uppfærir hlutaskrá sína. Samkvæmt ódagsettri yfirlýsingu X er sóknaraðili eigandi 1.930 hluta í félaginu. Getur hann ekki einhliða og án samþykkis gagnaðila látið kaup um hlutina ganga til baka. Þá hefur ekki á nokkurn hátt verið sýnt fram á að varnaraðili hafi staðið óeðlilega að umræddum viðskiptum eða brugðist skyldum sínum í tengslum við þau.

Með vísan til framanritaðs er óhjákvæmilegt að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila M, á hendur varnaraðila F, er hafnað.

Reykjavík, 6. september 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Gunnar Viðar

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, mánudaginn 24. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólög Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2001**:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F., hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 25. júlí 2001 með kvörtun umboðsmanns sóknaraðila, dagsettri 20. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. júlí 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. ágúst 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi, dagsettu 31. ágúst 2001, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 6. september 2001. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 17. og 24. september 2001.

II.

Málsatvik.

Hinn 23. desember 1999 gerðu aðilar máls þessa með sér fjárvörslusamning. Veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til að annast kaup og sölu verðbréfa fyrir sína hönd, svo og til annarra gerninga sem nánar er lýst í samningnum. Samkvæmt samningi aðila skyldu 25-50% vörslufjárins vera varðveitt í ríkistryggðum skuldabréfum og víxlum, húsbrefum, bankatryggðum skuldabréfum og víxlum, og skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga eða með ábyrgð þeirra, þ.e. svokölluðum vaxtaberandi verðbréfum, sbr. 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Þá skyldu 0-20% vera sjálfskuldarábyrgðarbréf fjármálastofnana, sbr. 6. tölul. D-liðar, og sama hlutfall fasteignatryggð skuldabréf, þar sem veðsetningarhlutfall miðað við sölumat skyldi aldrei vera meira en 60% verðmætis þegar um íbúðarhúsnæði væri að ræða og 40% þegar um iðnaðar- eða verslunarhúsnæði væri að ræða, sbr. 7. tölul. D-liðar. Þá skyldu að lágmarki 30% og að hámarki 50% vera í formi hlutabréfa skráðra á Verðbréfaþingi Íslands og 0-15% á svokölluðum opnum tilboðsmarkaði, sbr. 12. og 13. tölul. D-liðar. Erlend verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skyldu vera 15-20% af heildarfjárhæðinni og 15-30% í erlendum verðbréfasjóðum, sbr. 14. og 15. tölul. D-liðar. Loks skyldu að lágmarki

10% og að hámarki 25% fjárhæðarinnar vera varðveitt með hlutum í óskráðum félögum, sbr. 16. tölul. D-liðar. Sóknaraðili afhenti síðan varnaraðila kr. 10.000.000.- til vörslu og ávöxtunar hinn 4. janúar 2000 og aftur kr. 10.000.000.- hinn 18. febrúar 2000.

Í mars 2001 var sóknaraðila farið að lengja eftir yfirliti yfir verðbréfaeign sína hjá varnaraðila og ávöxtun hennar á árinu 2000 og innti varnaraðila eftir upplýsingum þar um. Kveður sóknaraðili að sér hafi í síðari hluta marsmánaðar borist yfirlit, dagsett 19. febrúar 2001. Kom þá í ljós að í fjörvörslusafni sóknaraðila voru engin svokölluð vaxtaberandi verðbréf, þ.e. samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Var öll fjárhæðin í innlendum og erlendum hlutabréfum, auk þess sem hluti vörslufjárins hafði verið framseldur erlendum hlutabréfasjóðum til ávöxtunar. Þegar ljóst var að engin breyting hafði orðið að loknum fyrsta ársfjórðungi ársins 2001 kvartaði sóknaraðili við varnaraðila út af meintum brotum á samningi aðila og voru haldnir þrjú fundir aðila í maímánuði 2001. Krafðist sóknaraðili þar bóta vegna þess tjóns sem hann kvaðst hafa orðið fyrir sökum þess að vaxtaberandi verðbréf, sem vera áttu 25-50% safnsins samkvæmt samningi hefðu alls ekki verið sett í safnið heldur hefði sá hluti upphæðarinnar, sem varnaraðila var falið að ávaxta með þeim hætti, farið í kaup á hlutabréfum.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 28. maí 2001, sagði sóknaraðili upp fjárvörslusamningi sínum við varnaraðila frá og með þeim degi. Gerði sóknaraðili ásamt eiginkonu sinni, sem falið hafði varnaraðila vörslu á kr. 10.000.000.-, kröfu um að varnaraðili greiddi þeim samtals kr. 4.732.052.- í bætur. Með bréfi sínu til sóknaraðila, dagsettu 31. maí 2001, viðurkenndi varnaraðili að ekkert hefði verið fjárfest í verðbréfum samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila, en fjárfesting sú átti að nema að lágmarki 25% af heildarsafninu eða kr. 7.500.000.- fyrir þau hjón bæði eða kr. 5.000.000.- hjá sóknaraðila. Jafnframt var viðurkennt að fjárfest hefði verið umfram heimildir í erlendum verðbréfum og verðbréfasjóðum, sbr. 14. og 15. tölul. D-liðar samningsins. Varnaraðili viðurkenndi bótaskyldu sína og bauðst til að greiða þeim hjónum bætur, sem svaraði til 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð sem vera átti í verðbréfum samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Nam sú fjárhæð kr. 743.750.- fyrir sóknaraðila og eiginkonu hans. Hafnað var kröfum um að bæta frekar meint tjón þeirra hjóna.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 11. júní 2001, var ítrekuð krafa um að varnaraðili greiddi sóknaraðila andvirði verðbréfasafns þeirra auk þess tjóns sem hann kvaðst hafa orðið fyrir vegna meints brots varnaraðila á samningi aðila. Hinn 13. júní 2001 skilaði varnaraðili vörslufénu til sóknaraðila. Voru þær kr. 20.000.000.- sem varnaraðili tók að sér vörslu og ávöxtun á þá orðnar að kr. 15.128.363,-. Með bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 14. júní 2001, er þess getið að varnaraðili hafi með nánar tilgreindum hætti komið til móts við sóknaraðila og eiginkonu hans með því að láta þau njóta langtum betri kjara í verðbréfavíðskiptum en eðlilegt gæti talist. Eru þar tilgreind þrenn viðskipti með hlutabréf á tímabilinu 8. maí 2001 til 13. júní 2001. Muni þar um kr. 1.500.000,- á þeim kjörum sem sóknaraðili og eiginkona hans nutu umfram það sem almennt gerðist og hefði varnaraðili sjálfur borið það tap.

Í lok júní áttu sóknaraðili og lögmaður hans fund með varnaraðila um lausn málsins. Með bréfi, dagsettu 29. júní 2001, bauðst varnaraðili til að bæta tjón sóknaraðila og eiginkonu hans með kr. 1.191.678,- Ekki náðist sátt milli aðila og var máli þessu skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. júlí 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir kröfu til þess að varnaraðili greiði honum skaðabætur vegna þess tjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir sökum háttsemi varnaraðila. Er í kröfugerð hans miðað við að 50% vörslufjárins hefði verið ávaxtað í ríkistryggðum skuldabréfum og víxlum, bankatryggðum skuldabréfum og víxlum, skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og skuldabréfum og víxlum með ábyrgð sveitarfélaga, sbr. 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila, þ.e. í svokölluðum vaxtaberandi bréfum. Krafa sundurliðast þannig að annars vegar er gerð krafa um bætur fyrir skerðingu sem varð á þeim hluta höfuðstólsins, sem átti að vera bundinn í vaxtaberandi bréfum en varnaraðili notaði í heimildarleysi til kaupa á hlutabréfum sem báru neikvæða ávöxtun. Rökstyður sóknaraðili kröfuna svo að upphafleg heildarfjárhæð, sem sóknaraðili hafi falið varnaraðila að ávaxta hafi við útgreiðslu rýrnað um kr. 4.871.637,- sem nemi 24,36% eins og fram hafi komið í athugasemdum varnaraðila. Þar með hafi þær kr. 10.000.000,- sem að hámarki áttu að vera bundnar í öruggum vaxtaberandi verðbréfum skerast um 2.435.818,- og sé gerð krafa um að varnaraðili bæti það tjón.

Sóknaraðili vísar til þess að fyrir liggi að varnaraðili hefði við uppgjör aðila skilað, auk vaxta, óskertum þeim hluta höfuðstólsins, sem átti að vera í vaxtaberandi bréfum, hefði varnaraðili farið eftir samningi aðila. Telur sóknaraðili grundvallarmisskilnings gæta hjá varnaraðila í sambandi við þýðingu aðgerða við kaup og sölu hlutabréfa undir lok fjárvörslutímabilsins til þess að lagfæra stöðu safnsins. Kveður sóknaraðili þær aðgerðir, sem varnaraðili greip til frá því að síðasta yfirlit um verðmæti safnsins barst 2. apríl 2001 og þar til safnið var greitt út 13. júní 2001, hafi haft þau áhrif að neikvæð ávöxtun safnsins hafi verið minni en ella hefði orðið. Hafi aðgerðirnar því þegar haft sín áhrif og hafi ekkert með þær bætur að gera sem nú er krafist á þeim hluta höfuðstólsins, sem vera átti bundinn í vaxtaberandi bréfum.

Hins vegar gerir sóknaraðili kröfu um 7% vexti af þeirri fjárhæð, sem að hámarki átti að vera í vaxtaberandi bréfum samkvæmt samningi aðila en var það ekki. Er þar miðað við 50% af heildarfjárhæðinni (kr. 20.000.000,-), eða kr. 10.000.000,-. Ávöxtunarkrafan miðast við vexti á ríkisskuldabréfum. Sóknaraðili telur að til séu bæði dæmi um hærri og lægri ávöxtun á vaxtaberandi verðbréfum. Telur hann að gera verði þá kröfu til fyrirtækis sem telji sig hafa á að skipa sérfræðingum í fjárvörslu og ávöxtun fjármuna að starfsmenn þess hefðu að minnsta kosti getað tryggt 7% ávöxtun fjárins, sem sé sama ávöxtun og sóknaraðili hefði sjálfur getað fengið með því að fjárfesta sjálfur í vaxtaberandi bréfum án nokkurrar sérfræðiráðgjafar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er viðurkennt að hann hafi ekki uppfyllt ákvæði fjárvörslusamnings aðila um að fjárfesta í vaxtaberandi verðbréfum. Hafi varnaraðili boðist til að greiða 7% vexti af 25% vörslufjárins, sem er lágmarkshlutfall þess sem ávaxta átti í vaxtaberandi bréfum samkvæmt samningi aðila. Þá hafi varnaraðili boðist til að greiða 15,93% af nefndu hlutfalli vörslufjárins í 15 mánuði en neikvæð ársávöxtun til 30. maí 2001 hafi að meðaltali verið 15,93%. Hafi fjárhæð þessi numið sameiginlega fyrir sóknaraðila og eiginkonu hans kr. 1.493.438,-. Varnaraðili telur að mismunur á annars vegar innlausnarverði hlutabréfa í þremur tilgreindum félögum, sem varnaraðili

hafi leyst til sín á yfirgengi, og hins vegar markaðsvirði þeirra eigi að koma til frádráttar bóttum til sóknaraðila og eiginkonu hans. Kveður varnaraðili frádráttinn hafa átt að nema kr. 1.045.510,- og hafi því átt að koma til greiðslu samtals kr. 457.928,-. Hafi varnaraðili því boðist til að greiða sóknaraðila og eiginkonu hans sameiginlega kr. 1.191.678,-. Varnaraðili kveður þau hjón hafa hafnað þessu boði.

Varnaraðili kveður ómögulegt að reikna út neikvæða ávöxtun fjár sóknaraðila á meðan það var í vörslum varnaraðila þegar búið sé að færa til féð innbyrðis í safninu án þess að ákveða um leið hvaða fjárfestingum í öðrum verðbréfum ætti að breyta og hvernig fara ætti þá með þann hagnað og/eða tap sem af hlytist sökum breytinga á einstökum bréfum á tímabilinu. Byggi útreikningar sóknaraðila því á mjög veikum grunni. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa greitt kr. 10.000.000,- inn á fjárvörslureikning hinn 4. janúar 2000 og kr. 10.000.000,- 18. febrúar 2000. Hann hafi hins vegar fengið útborgaðar kr. 15.128.363,- hinn 13. júní 2001 og hafi fé sóknaraðila því rýmað um 24,36% þann tíma sem það var í vörslu varnaraðila. Til samanburðar bendir varnaraðili m.a. á að úrvalsvísitala Verðbréfafings Íslands hf. hafi lækkað um 34% á sama tíma. Varnaraðili kveður lágmörk þau sem sóknaraðili hafi sett í samningi aðila benda sterkt til þess að sóknaraðili sé áhættusækin fjárfestir og hafi ætlað sér að ráðast í áhættusama fjárfestingu í verðbréfum.

Varnaraðili kveðst vilja standa við boð sitt um að greiða sóknaraðila 7% vexti af þeirri lágmarksfjárhæð, sem vera átti í vaxtaberandi verðbréfum en hafnar öllum öðrum kröfum um bætur. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi þegar notið ívilnana sem bætt hafi mjög stöðu safns hans áður en það var greitt út, m.a. með því að kaupa úr safninu óskráð hlutabréf.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er að aðilar máls þessa gerðu hinn 23. desember 1999 með sér samkomulag um fjárvörslu þar sem sóknaraðili veitti varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til fjárfestinga í sínu nafni. Það umboð var þó háð skilyrðum um í hvers konar verðbréfum varnaraðila var heimilað að fjárfesta í nafni sóknaraðila, svo og að tilteknu lágmarki af vörslufénu skyldi varið til kaupa í tilteknum flokkum verðbréfa. Auk þess var fjárfestingin í öllum flokkum, sem varnaraðila var veitt umboð til að fjárfesta í, bundin við tiltekið hámarkshlutfall vörslufjár, sbr. D-lið samnings aðila. Samkvæmt fjárvörslusamningi aðila skyldi að lágmarki 25% vörslufjárins varið til kaupa á svokölluðum vaxtaberandi bréfum, sbr. 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Athygli er vakin á því að þau hlutfallslegu lágmörk vörslufjárins sem aðilar sömdu um að verja skyldi til fjárfestinga í alls fimm flokkum verðbréfa nema samtals 95% af vörslufénu. Hámarkshlutfall í samtals átta flokkum nemur eftir sem áður einhverra hluta vegna samtals 225%. Af fyrrgreindum umsömdum skilyrðum um lágmarks hlutfallslega skiptingu milli verðbréfaflokka verður að telja að aðilar hafi í raun samið um hvernig 95% vörslufjárins skyldi skiptast milli verðbréfaflokka við kaup á verðbréfum í nafni sóknaraðila. Í máli þessu hefur sóknaraðili hins vegar eingöngu haft uppi kröfur á hendur varnaraðila sökum þess að varnaraðili hafi ekki keypt vaxtaberandi bréf, en 25% vörslufjárins skyldi að lágmarki varið til kaupa á þeim og að hámarki 50%.

Sóknaraðili lagði kr. 10.000.000,- inn á fjárvörslureikning hjá varnaraðila hinn 4. janúar 2000 og kr. 10.000.000,- þann 18. febrúar 2000. Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum fjárvörslusamnings aðila skyldi varnaraðili verja a.m.k. kr. 25% til kaupa á vaxtaberandi bréfum, þ.e. a.m.k. kr. 2.500.000,- frá 4. janúar til 18. febrúar 2000 og a.m.k. kr. 5.000.000,- frá 18. febrúar 2000. Varnaraðili hefur viðurkennt að hann hafi aldrei fjárfest í slíkum bréfum fyrir sóknaraðila. Hefur hann því augljóslega brotið freklega gegn berum ákvæðum fjárvörslusamnings aðila. Verður að telja brot varnaraðila sérlega ámælisvert ekki síst í ljósi þess að varnaraðili hefur opinbert leyfi til og atvinnu af því að selja einstaklingum og lögaðilum sérfræðipjónustu á sviði fjármála og tók að sér gegn gjaldi vörslu umtalsverðs fjár fyrir sóknaraðila og ávöxtun þess. Er háttsemi varnaraðila í andstöðu við skyldur hans samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 13, 1996 um verðbréfavíðskipti, en þar er að finna ákvæði um réttindi og skyldur fyrirtækja í verðbréfafjónustu. Varnaraðila ber að bæta sóknaraðila það tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda varnaraðila.

Sóknaraðili gerir annars vegar þá kröfu að sér verði bætt sú skerðing sem hann hafi orðið fyrir þar sem varnaraðili hafi varið þeim hluta höfuðstólsins, sem átti að vera bundinn í vaxtaberandi bréfum, til kaupa á hlutabréfum sem báru neikvæða ávöxtun. Miðar sóknaraðili kröfu sína við að kr. 10.000.000,- sem að hámarki áttu að vera bundnar í slíkum verðbréfum, þ.e. 50% vörslufjárins, hafi skerst um 2.435.818,- en alls nam tap sóknaraðila kr. 4.871.637,- á meðan fé hans var í vörslu varnaraðila.

Eins og fyrr er rakið skyldi varnaraðili verja að lágmarki 25% vörslufjárins til kaupa á svokölluðum vaxtaberandi bréfum, þ.e. samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Honum var hins vegar ekki skylt að nota meira af fénu til kaupa á þeim flokki verðbréfa. Með hliðsjón af þessu og því hvernig fénu skyldi að lágmarki skipt milli annarra verðbréfaflokka er ekki unnt að miða bætur við annað en lágmarkshlutfall þess fjár sem varið skyldi til kaupa á vaxtaberandi bréfum, þ.e. 25%. Kemur því ekki til álita að miða við hámarkshlutfall, þ.e. 50% fjárins, eins og kröfugerð sóknaraðila miðast við.

Ekki er ágreiningur um að tap sóknaraðila nam kr. 4.871.637,- á því tímabili sem fé hans var í vörslu varnaraðila. Fallast má á það með varnaraðila að örðugt geti reynst að reikna út til fulls neikvæða ávöxtun fjárins á meðan það var í vörslum hans. Rétt þykir hins vegar að varnaraðili, sem þverbraut samning aðila um vörslu fjár sóknaraðila og ráðstafaði fénu umfram það sem umboð hans stóð til, beri allan halla þar af. Hefur hann og ekki getað fært rök fyrir því að forsendur eða útreikningar sóknaraðila séu rangir eða bersýnilega ósanngjarnir. Þá hefur varnaraðili sjálfur fallist á að greiða 7% vexti á það fé sem átti að lágmarki að vera bundið í vaxtaberandi bréfum. Eftir atvikum þykir því mega fallast á að sóknaraðili eigi rétt til bóta vegna þess taps, sem varð á þeim hluta fjárins, sem átti að vera bundinn í vaxtaberandi bréfum. Varnaraðila verður þó einungis gert að bæta sóknaraðila þá skerðingu, sem sóknaraðili varð fyrir sökum þess að þau 25% sem að lágmarki átti að verja til kaupa á vaxtaberandi bréfum var varið til kaupa á verðbréfum í öðrum flokkum.

Svo sem fyrr greinir var tap sóknaraðila á meðan kr. 20.000.000,- af fé hans voru í vörslu varnaraðila kr. 4.871.637, Í ljósi allra atvika þykir eðlilegt að varnaraðili bæti sóknaraðila þá skerðingu sem svarar til þess að kr. 5.000.000,- þ.e. 25% vörslufjárins, hefðu verið bundnar í vaxtaberandi bréfum, sem er eins og áður greinir lágmarkshlutfall þess fjár sem verja átti til kaupa á slíkum bréfum samkvæmt samningi aðila. Nemur tapið á þeim hluta kr. 1.217.909,- og verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila bætur sem

því nemur. Hallar síst á varnaraðila við þá niðurstöðu. Þær aðgerðir sem varnaraðili greip til skömmu áður en hann skilaði sóknaraðila vörslufénu hafa enga þýðingu við úrlausn um kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili gerir hins vegar kröfu um 7% vexti af kr. 10.000.000,- þ.e. 50% af því fé sem varnaraðili átti samkvæmt samningi aðila að hámarki að verja til fjárfestinga í vaxtaberandi bréfum. Varnaraðili hefur fallist á að greiða 7% vexti af kr. 5.000.000,- þ.e. 25% af vörslufénu. Það hlutfall er eins og fyrr greinir það sem að lágmarki átti að verja til kaupa á vaxtaberandi bréfum. Hvorki er því ágreiningur með aðilum um að sóknaraðila beri að fá greidda vexti af því fé sem verja skyldi til kaupa á vaxtaberandi bréfum, né um vaxtahlutfallið. Eins og að framan greinir var varnaraðila ekki skylt að verja herra hlutfalli en 25% vörslufjárins til kaupa á vaxtaberandi bréfum. Með hliðsjón af því og hvernig fénu skyldi að lágmarki hlutfallslega skipt milli annarra verðbréfaflokka verður varnaraðila ekki gert að greiða vexti af hærri fjárhæð en sem nemur umsömdu lágmarki, þ.e. 25%. Ber honum samkvæmt framansögðu að greiða sóknaraðila bætur sem svarar til 7% vaxta af kr. 2.500.000,- frá 4. janúar 2000 til 18. febrúar 2000 og af kr. 5.000.000,- frá 18. febrúar 2000 til 13. júní 2001. Eru það kr. 483.195,-.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 1.701.104,-. Ekki er gerð krafa um vexti og/eða dráttarvexti af fjárhæðinni og er því ekki unnt að mæla fyrir um greiðslu þeirra. Það skal ítrekað að vinnubrögð varnaraðila í máli þessu, eru sérlega ámælisverð og fela bæði í sér brot á samningi aðila og skyldum varnaraðila samkvæmt lögum nr. 13, 1996 um verðbréfaviðskipti, sbr. III. kafla laganna. Er óhjákvæmilegt að vekja athygli Fjármálaeftirlitsins á málinu, en stofnunin hefur eftirlit með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi, sbr. XIV. kafla laga nr. 13, 1996.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili F, greiði sóknaraðila M, kr. 1.701.104,-.

Reykjavík, 24. september 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, mánudaginn 24. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólóf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2001**:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 25. júlí 2001 með kvörtun umboðsmanns sóknaraðila, dagsettri 20. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. júlí 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. ágúst 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi, dagsettu 31. ágúst 2001, og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 6. september 2001. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 17. og 24. september 2001.

II.

Málsatvik.

Hinn 23. desember 1999 gerðu aðilar máls þessa með sér fjárvörslusamning. Veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til að annast kaup og sölu verðbréfa fyrir sína hönd, svo og til annarra gerninga sem nánar er lýst í samningnum. Samkvæmt samningi aðila skyldu 25-50% vörslufjárins vera varðveitt í ríkistryggðum skuldabréfum og víxlum, húsbrefum, bankatryggðum skuldabréfum og víxlum, og skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga eða með ábyrgð þeirra, þ.e. svokölluðum vaxtaberandi verðbréfum, sbr. 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Þá skyldu 0-20% vera sjálfskuldarábyrgðarbréf fjármálastofnana, sbr. 6. tölul. D-liðar, og sama hlutfall fasteignatryggð skuldabréf, þar sem veðsetningarhlutfall miðað við sölumat skyldi aldrei vera meira en 60% verðmætis þegar um íbúðarhúsnæði væri að ræða og 40% þegar um iðnaðar- eða verslunarhúsnæði væri að ræða, sbr. 7. tölul. D-liðar. Þá skyldu að lágmarki 30% og að hámarki 50% vera í formi hlutabréfa skráðra á Verðbréfaþingi Íslands og 0-15% á svokölluðum opnum tilboðsmarkaði, sbr. 12. og 13. tölul. D-liðar. Erlend verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skyldu vera 15-20% af heildarfjárhæðinni og 15-30% í erlendum verðbréfasjóðum, sbr. 14. og 15. tölul. D-liðar. Loks skyldu að lágmarki

10% og að hámarki 25% fjárhæðarinnar vera varðveitt með hlutum í óskráðum félögum, sbr. 16. tölul. D-liðar. Sóknaraðili afhenti síðan varnaraðila kr. 10.000.000,- til vörslu og ávöxtunar hinn 4. janúar 2000.

Í mars 2001 var sóknaraðila farið að lengja eftir yfirliti yfir verðbréfaeign sína hjá varnaraðila og ávöxtun hennar á árinu 2000 og innti varnaraðila eftir upplýsingum þar um. Kveður sóknaraðili að sér hafi í síðari hluta marsmánaðar borist yfirlit, dagsett 19. febrúar 2001. Kom þá í ljós að í fjörvörslusafni sóknaraðila voru engin svokölluð vaxtaberandi verðbréf, þ.e. samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Var öll fjárhæðin í innlendum og erlendum hlutabréfum, auk þess sem hluti vörslufjárins hafði verið framseldur erlendum hlutabréfasjóðum til ávöxtunar. Þegar ljóst var að engin breyting hafði orðið að loknum fyrsta ársfjórðungi ársins 2001 kvartaði eiginmaður sóknaraðila við varnaraðila út af meintum brotum á samningum varnaraðila og þeirra hjóna, en eiginmaður sóknaraðila hafði falið varnaraðila kr. 20.000.000,- til vörslu og ávöxtunar. Haldnir voru þrjú fundir varnaraðila og umboðsmanna sóknaraðila í maímánuði 2001. Krafðist sóknaraðili þar bóta vegna þess tjóns sem hún kvaðst hafa orðið fyrir sökum þess að vaxtaberandi verðbréf, sem vera áttu 25-50% safnsins samkvæmt samningi hefðu alls ekki verið sett í safnið heldur hefði sá hluti upphæðarinnar, sem varnaraðila var falið að ávaxta með þeim hætti, farið í kaup á hlutabréfum.

Með bréfi eiginmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 28. maí 2001, var fjárvörslusamningi aðila sagt upp frá og með þeim degi. Gerðu þau hjón, sem samkvæmt framansögðu höfðu sameiginlega falið varnaraðila vörslu á kr. 30.000.000,- kröfu um að varnaraðili greiddi þeim santals kr. 4.732.052,- í bætur. Með bréfi sínu til eiginmanns sóknaraðila, dagsettu 31. maí 2001, viðurkenndi varnaraðili að ekkert hefði verið fjárfest í verðbréfum samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila, en fjárfesting sú átti að nema að lágmarki 25% af heildarsafninu eða kr. 7.500.000,- fyrir þau hjón bæði eða kr. 2.500.000,- hjá sóknaraðila. Jafnframt var viðurkennt að fjárfest hefði verið umfram heimildir í erlendum verðbréfum og verðbréfasjóðum, sbr. 14. og 15. tölul. D-liðar samningsins. Varnaraðili viðurkenndi bótaskyldu sína og bauðst til að greiða þeim hjónum bætur, sem svaraði til 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð sem vera átti í verðbréfum samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Nam sú fjárhæð kr. 743.750,- fyrir sóknaraðila og eiginmann hennar. Hafnað var kröfum um að bæta frekar meint tjón þeirra hjóna.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 11. júní 2001, var ítrekuð krafa um að varnaraðili greiddi sóknaraðila og eiginmanni hennar andvirði verðbréfasafns þeirra, auk þess tjóns sem hann kvaðst hafa orðið fyrir vegna meints brots varnaraðila á samningi aðila. Hinn 13. júní 2001 skilaði varnaraðili vörslufénu til sóknaraðila. Voru þær kr. 10.000.000,- sem varnaraðili tók að sér vörslu og ávöxtun á þá orðnar að kr. 7.992.139,-. Með bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 14. júní 2001 er þess getið að varnaraðili hafi með nánar tilgreindum hætti komið til móts við sóknaraðila og eiginmann hennar með því að láta þau njóta langtum betri kjara í verðbréfavíðskiptum en eðlilegt gæti talist. Eru þar tilgreind þrenn viðskipti með hlutabréf á tímabilinu 8. maí 2001 til 13. júní 2001. Muni þar um kr. 1.500.000,- á þeim kjörum sem sóknaraðili og eiginmaður hennar nutu umfram það sem almennt gerðist og hefði varnaraðili sjálfur borið það tap.

Í lok júní áttu eiginmaður sóknaraðila og lögmaður þeirra hjóna fund með varnaraðila um lausn málsins. Með bréfi, dagsettu 29. júní 2001, bauðst varnaraðili til að bæta tjón sóknaraðila og eiginmanns hennar með kr. 1.191.678,- Ekki náðist sátt milli aðila og var máli þessu skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. júlí 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir kröfu til þess að varnaraðili greiði henni skaðabætur vegna þess tjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir sökum háttsemi varnaraðila. Er í kröfugerð hennar miðað við að 50% vörslufjárins hefði verið ávaxtað í ríkistryggðum skuldabréfum og víxlum, bankatryggðum skuldabréfum og víxlum, skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og skuldabréfum og víxlum með ábyrgð sveitarfélaga, sbr. 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila, þ.e. í svokölluðum vaxtaberandi bréfum. Krafan sundurliðast þannig að annars vegar er gerð krafa um bætur fyrir skerðingu sem varð á þeim hluta höfuðstólsins, sem átti að vera bundinn í vaxtaberandi bréfum en varnaraðili notaði í heimildarleysi til kaupa á hlutabréfum sem báru neikvæða ávöxtun. Rökstyður sóknaraðili kröfuna svo að upphafleg heildarfjárhæð, sem sóknaraðili hafi falið varnaraðila að ávaxta hafi við útgreiðslu rýrnað um kr. 2.007.861,- sem nemi 20,1% eins og fram hafi komið í athugasemdum varnaraðila. Þar með hafi þær kr. 5.000.000,- sem að hámarki áttu að vera bundnar í öruggum vaxtaberandi verðbréfum skerst um kr. 1.003.930,- og sé gerð krafa um að varnaraðili bæti það tjón.

Sóknaraðili vísar til þess að fyrir liggi að varnaraðili hefði við uppgjör aðila skilað óskertum, auk vaxta, þeim hluta höfuðstólsins, sem átti að vera í vaxtaberandi bréfum, hefði varnaraðili farið eftir samningi aðila. Telur sóknaraðili grundvallarmisskilnings gæta hjá varnaraðila í sambandi við þýðingu aðgerða við kaup og sölu hlutabréfa undir lok fjárvörslutímabilsins til þess að lagfæra stöðu safnsins. Kveður sóknaraðili þær aðgerðir, sem varnaraðili greip til frá því að síðasta yfirlit um verðmæti safnsins barst 2. apríl 2001 og þar til safnið var greitt út 13. júní 2001, hafi haft þau áhrif að neikvæð ávöxtun safnsins hafi verið minni en ella hefði orðið. Hafi aðgerðirnar því þegar haft sín áhrif og hafi ekkert með þær bætur að gera sem nú er krafist á þeim hluta höfuðstólsins, sem vera átti bundinn í vaxtaberandi bréfum.

Hins vegar gerir sóknaraðili kröfu um 7% vexti af þeirri fjárhæð, sem að hámarki átti að vera í vaxtaberandi bréfum samkvæmt samningi aðila en var það ekki. Er þar miðað við 50% af heildarfjárhæðinni (kr. 10.000.000,-), eða kr. 5.000.000,-. Ávöxtunarkrafan miðast við vexti á ríkisskuldabréfum. Sóknaraðili telur að til séu bæði dæmi um hærri og lægri ávöxtun á vaxtaberandi verðbréfum. Telur hann að gera verði þá kröfu til fyrirtækis sem telji sig hafa á að skipa sérfræðingum í fjárvörslu og ávöxtun fjármuna að starfsmenn þess hefðu að minnsta kosti getað tryggt 7% ávöxtun fjárins, sem sé sama ávöxtun og sóknaraðili hefði sjálfur getað fengið með því að fjárfesta sjálfur í vaxtaberandi bréfum án nokkurrar sérfræðiráðgjafar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er viðurkennt að hann hafi ekki uppfyllt ákvæði fjárvörslusamnings aðila um að fjárfesta í vaxtaberandi verðbréfum. Hafi varnaraðili boðist til að greiða 7% vexti af 25% vörslufjárins, sem er lágmarkshlutfall þess sem ávaxta átti í vaxtaberandi bréfum samkvæmt samningi aðila. Þá hafi varnaraðili boðist til að greiða 15,93% af nefndu hlutfalli vörslufjárins í 15 mánuði en neikvæð ársávöxtun til 30. maí 2001 hafi að meðaltali verið 15,93%. Hafi fjárhæð þessi numið sameiginlega fyrir sóknaraðila og eiginmann hennar kr. 1.493.438,-. Varnaraðili telur að mismunur á annars vegar innlausnarverði hlutabréfa í þremur tilgreindum félögum, sem varnaraðili hafi leyst til sín á yfirgengi, og hins vegar markaðsvirði þeirra eigi að koma til frádráttar bóttum til sóknaraðila og eiginmanns hennar. Kveður varnaraðili frádráttinn hafa átt að nema kr. 1.045.510,- og hafi því átt að koma til greiðslu samtals kr. 457.928,-. Hafi varnaraðili því boðist til að greiða sóknaraðila og eiginmanni hennar sameiginlega kr. 1.191.678,-. Varnaraðili kveður þau hjón hafa hafnað þessu boði.

Varnaraðili kveður ómögulegt að reikna út neikvæða ávöxtun fjár sóknaraðila á meðan það var í vörslum varnaraðila þegar búið sé að færa til féð innbyrðis í safninu án þess að ákveða um leið hvaða fjárfestingum í öðrum verðbréfum ætti að breyta og hvernig fara ætti þá með þann hagnað og/eða tap sem af hlytist sökum breytinga á einstökum bréfum á tímabilinu. Byggi útreikningar sóknaraðila því á mjög veikum grunni. Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa greitt kr. 10.000.000,- inn á fjárvörslureikning hinn 4. janúar 2000. Hún hafi hins vegar fengið útborgaðar kr. 7.992.139,- hinn 13. júní 2001 og hafi fé sóknaraðila því rýrnað um 20,1% þann tíma sem það var í vörslu varnaraðila. Til samanburðar bendir varnaraðili m.a. á að úrvalsvísitala Verðbréfaþings Íslands hf. hafi lækkað um 34% á sama tíma. Varnaraðili kveður lágmark þau sem sóknaraðili hafi sett í samningi aðila benda sterkt til þess að sóknaraðili sé áhættusækinn fjárfestir og hafi ætlað sér að ráðast í áhættusama fjárfestingu í verðbréfum.

Varnaraðili kveðst vilja standa við boð sitt um að greiða umkvörtunaraðila 7% vexti af þeirri lágmarksfjárhæð, sem vera átti í vaxtaberandi verðbréfum en hafnar öllum öðrum kröfum um bætur. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi þegar notið ívilnana sem bætt hafi mjög stöðu safns hennar áður en það var greitt út, m.a. með því að kaupa úr safninu óskráð hlutabréf.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er að aðilar máls þessa gerðu hinn 23. desember 1999 með sér samkomulag um fjárvörslu þar sem sóknaraðili veitti varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til fjárfestinga í sínu nafni. Það umboð var þó háð skilyrðum um í hvers konar verðbréfum varnaraðila var heimilað að fjárfesta í nafni sóknaraðila, svo og að tilteknu lágmarki af vörslufénu skyldi varið til kaupa í tilteknum flokkum verðbréfa. Auk þess var fjárfestingin í öllum flokkum, sem varnaraðila var veitt umboð til að fjárfesta í, bundin við tiltekið hámarkshlutfall vörslufjár, sbr. D-lið samnings aðila. Samkvæmt fjárvörslusamningi aðila skyldi að lágmarki 25% vörslufjárins varið til kaupa á svokölluðum vaxtaberandi bréfum, sbr. 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Athygli er vakin á því að þau hlutfallslegu lágmark vörslufjárins sem aðilar sömdu um að verja skyldi til fjárfestinga í alls fimm flokkum

verðbréfa nema samtals 95% af vörslufénu. Hámarkshlutfall í samtals átta flokkum nemur eftir sem áður einhverra hluta vegna samtals 225%. Af fyrrgreindum umsömdum skilyrðum um lágmarks hlutfallslega skiptingu milli verðbréfaflokka verður að telja að aðilar hafi í raun samið um hvernig 95% vörslufjárins skyldi skiptast milli verðbréfaflokka við kaup á verðbréfum í nafni sóknaraðila. Í máli þessu hefur sóknaraðili hins vegar eingöngu haft uppi kröfur á hendur varnaraðila sökum þess að varnaraðili hafi ekki keypt vaxtaberandi bréf, en 25% vörslufjárins skyldi að lágmarki varið til kaupa á þeim og að hámarki 50%.

Sóknaraðili lagði kr. 10.000.000,- inn á fjárvörslureikning hjá varnaraðila hinn 4. janúar 2000. Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum fjárvörslusamnings aðila skyldi varnaraðili verja a.m.k. kr. 25% til kaupa á vaxtaberandi bréfum, þ.e. a.m.k. kr. 2.500.000,-. Varnaraðili hefur viðurkennt að hann hafi aldrei fjárfest í slíkum bréfum fyrir sóknaraðila. Hefur hann því augljóslega brotið freklega gegn berum ákvæðum fjárvörslusamnings aðila. Verður að telja brot varnaraðila sérlega ámælisvert ekki síst í ljósi þess að varnaraðili hefur opinbert leyfi til og atvinnu af því að selja einstaklingum og lögaðilum sérfræðipjónustu á sviði fjármála og tók að sér gegn gjaldi vörslu umtalsverðs fjár fyrir sóknaraðila og ávöxtun þess. Er háttsemi varnaraðila í andstöðu við skyldur hans samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 13, 1996 um verðbréfavíðskipti, en þar er að finna ákvæði um réttindi og skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Varnaraðila ber að bæta sóknaraðila það tjón sem hún hefur orðið fyrir vegna vanefnda varnaraðila.

Sóknaraðili gerir annars vegar þá kröfu að sér verði bætt sú skerðing sem hún hafi orðið fyrir þar sem varnaraðili hafi varið þeim hluta höfuðstólsins, sem átti að vera bundinn í vaxtaberandi bréfum, til kaupa á hlutabréfum sem báru neikvæða ávöxtun. Miðar sóknaraðili kröfu sína við að kr. 5.000.000,- sem að hámarki áttu að vera bundnar í slíkum verðbréfum, þ.e. 50% vörslufjárins, hafi skerst um kr. 1.003.930,- en alls nam tap sóknaraðila kr. 2.007.861,- á meðan fé hennar var í vörslu varnaraðila.

Eins og fyrr er rakið skyldi varnaraðili verja að lágmarki 25% vörslufjárins til kaupa á svokölluðum vaxtaberandi bréfum, þ.e. samkvæmt 1.-5. tölul. D-liðar samnings aðila. Honum var hins vegar ekki skylt að nota meira af fénu til kaupa á þeim flokki verðbréfa. Með hliðsjón af þessu og því hvernig fénu skyldi að lágmarki skipt milli annarra verðbréfaflokka er ekki unnt að miða bætur við annað en lágmarkshlutfall þess fjár sem varið skyldi til kaupa á vaxtaberandi bréfum, þ.e. 25%. Kemur því ekki til álita að miða við hámarkshlutfall, þ.e. 50% fjárins, eins og kröfugerð sóknaraðila miðast við.

Ekki er ágreiningur um að tap sóknaraðila nam kr. 2.007.861,- á því tímabili sem fé hennar var í vörslu varnaraðila. Fallast má á það með varnaraðila að örðugt geti reynst að reikna út til fulls neikvæða ávöxtun fjárins á meðan það var í vörslum hans. Rétt þykir hins vegar að varnaraðili, sem þverbraut samning aðila um vörslu fjár sóknaraðila og ráðstafaði fénu umfram það sem umboð hans stóð til, beri allan halla þar af. Hefur hann og ekki getað fært rök fyrir því að forsendur eða útreikningar sóknaraðila séu rangir eða bersýnilega ósanngjarnir. Þá hefur varnaraðili sjálfur fallist á að greiða 7% vexti á það fé sem átti að lágmarki að vera bundið í vaxtaberandi bréfum. Eftir atvikum þykir því mega fallast á að sóknaraðili eigi rétt til bóta vegna þess taps, sem varð á þeim hluta fjárins, sem átti að vera bundinn í vaxtaberandi bréfum. Varnaraðila verður þó einungis gert að bæta sóknaraðila þá skerðingu, sem sóknaraðili varð fyrir sökum þess að þau 25% sem að lágmarki átti að verja til kaupa á vaxtaberandi bréfum var varið til kaupa á verðbréfum í öðrum flokkum.

Svo sem fyrr greinir var tap sóknaraðila á meðan kr. 10.000.000,- af fé hennar voru í vörslu varnaraðila kr. 2.007.861,-. Í ljósi allra atvika þykir eðlilegt að varnaraðili bæti sóknaraðila þá skerðingu sem svarar til þess að kr. 2.500.000,-, þ.e. 25% vörslufjárins, hefðu verið bundnar í vaxtaberandi bréfum, sem er eins og áður greinir lágmarkshlutfall þess fjár sem verja átti til kaupa á slíkum bréfum samkvæmt samningi aðila. Nemur tapið á þeim hluta kr. 501.965,25 og verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila bætur sem því nemur. Hallar síst á varnaraðila við þá niðurstöðu. Þær aðgerðir sem varnaraðili greip til skömmu áður en hann skilaði sóknaraðila vörslufénu hafa enga þýðingu við úrlausn um kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili gerir hins vegar kröfu um 7% vexti af kr. 5.000.000,-, þ.e. 50% af því fé sem varnaraðili átti samkvæmt samningi aðila að hámarki að verja til fjárfestinga í vaxtaberandi bréfum. Varnaraðili hefur fallist á að greiða 7% vexti af kr. 2.500.000,- þ.e. 25% af vörslufénu. Það hlutfall er eins og fyrr greinir það sem að lágmarki átti að verja til kaupa á vaxtaberandi bréfum. Hvorki er því ágreiningur með aðilum um að sóknaraðila beri að fá greidda vexti af því fé sem verja skyldi til kaupa á vaxtaberandi bréfum, né um vaxtahlutfallið. Eins og að framan greinir var varnaraðila ekki skylt að verja hærra hlutfalli en 25% vörslufjárins til kaupa á vaxtaberandi bréfum. Með hliðsjón af því og hvernig fénu skyldi að lágmarki hlutfallslega skipt milli annarra verðbréfaflokka verður varnaraðila ekki gert að greiða vexti af hærri fjárhæð en sem nemur umsömdu lágmarki, þ.e. 25%. Ber honum samkvæmt framansögðu að greiða sóknaraðila bætur sem svarar til 7% vaxta af kr. 2.500.000,- frá 4. janúar 2000 til 13. júní 2001. Eru það kr. 252.292,-.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 754.257,25. Ekki er gerð krafa um vexti og/eða dráttarvexti af fjárhæðinni og er því ekki unnt að mæla fyrir um greiðslu þeirra. Það skal ítrekað að vinnubrögð varnaraðila í máli þessu, eru sérlega ámælisverð og fela bæði í sér brot á samningi aðila og skyldum varnaraðila samkvæmt lögum nr. 13, 1996 um verðbréfavíðskipti, sbr. III. kafla laganna. Er óhjákvæmilegt að vekja athygli Fjármálaeftirlitsins á málinu, en stofnunin hefur eftirlit með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi, sbr. XIV. kafla laga nr. 13, 1996.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili F, greiði sóknaraðila M, kr. 754.257,25.

Reykjavík, 24. september 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, þriðjudaginn 2. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2001**:

M

gegn

Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd með bréfi umboðsmanns sóknaraðila, dagsettu 1. ágúst 2001. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. ágúst 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Sama dag var óskað umsagnar fjármögnunarfyrirtækis S. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, hdl., dagsettu 14. september 2001. Athugasemdir S bárust með bréfi dagsettu 29. ágúst 2001. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 17. og 24. september og 2. október 2001.

II.

Málsatvik.

Hinn 10. september 1998 gerði sóknaraðili samning við varnaraðila og S um fjármögnun byggingu þriggja húsa að í Reykjavík. Fyrir nefndinni liggja tveir samningar aðila, báðir dagsettir ofangreindan dag, og nær samhljóða. Eru þeir undirritaðir af báðum aðilum. Samkvæmt téðum samningum skyldi stofna sérstakan tékkareikning hjá varnaraðila í nafni sóknaraðila en lánafyrirgreiðsla sjóðsins skyldi fara fram í gegnum reikninginn í formi yfirdráttar. Stendur í annarri útgáfu samningsins að vextir verði 13,55% og reiknist einungis á nýtta heimild. Í hinna stendur að vextir verði nú, þ.e. væntanlega við gerð samnings, 13,55%, 1,0% lægri en auglýstir vextir, sem reiknist einungis á nýtta heimild.

Sóknaraðili kveðst á árinu 2000 hafa veitt því athygli að varnaraðili hafi reiknað hærra vexti af láni til félagsins en 13,55% og jafnframt að varnaraðili hafi lagt áfallna vexti mánaðarlega ofan á höfuðstól skuldarinnar og reiknað sér vexti frá hverjum mánaðamótum af samanlagðri fjárhæð vaxta og höfuðstóls. Mun sóknaraðili hafa kvartað við varnaraðila vegna þessa og lögmaður sóknaraðila ritað bréf til varnaraðila, dagsett 26. október 2000, og annað, dagsett 16. janúar 2001. Varnaraðili svaraði erindi sóknaraðila með bréfi til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 12. febrúar 2001. Kemur þar fram að fyrst

hafi verið gert samkomulag þar sem ekki hafi komið bersýnilega fram að um breytilega vexti hafi verið að ræða. Hafi því verið útbúið nýtt samkomulag þar sem tekin voru af öll tvímæli um þessi efni.

Samkvæmt greindu samkomulagi átti sóknaraðili að endurgreiða lán til varnaraðila þá er hann hefði selt umræddar fasteignir. Átti varnaraðili að innheimta söluandvirði og ráðstafa þeim fjármunum til greiðslu inn á lán sóknaraðila. Með yfirlýsingu, dagsettri 28. júlí 1999, setti sóknaraðili varnaraðila að handveði sparisjóðsreikning nr. xxxxxx, ásamt vöxtum og verðbótum sem hann kynni að bera, til tryggingar greiðslu skuldbindinga sinna við varnaraðila sem tryggðar voru með veði í fasteignum. Síðar kvartaði sóknaraðili yfir því að fjármunirnir hefðu ekki verið notaðir til að greiða niður yfirdráttarlán sóknaraðila. Kom varnaraðili til móts við sóknaraðila og lagði kr. 5.562.849.- inn á tékkareikning hans þann 5. janúar 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður lýsingu varnaraðila á tilurð tveggja mismunandi samninga vera ranga og hafi ekkert nýtt samkomulag verið gert. Að minnsta kosti hafi sóknaraðili ekki verið upplýstur um breytingu á texta í samkomulagi aðila en ekki komi fram í því samkomulagi sem varnaraðili byggir á að það komi í stað annars samkomulags sem fyrr hafi verið undirritað. Þá telur sóknaraðili að forsvarsmenn sóknaraðila hafi verið blekkir til að rita undir slíkt samkomulag hafi þeir á annað borð gert það.

Sóknaraðili óskar eftir því að úrskurðarnefndin láti fara fram athugun á ofangreindum viðskiptum aðila og rannsaki ýmis atriði þar um sem nánar eru tilgreind í 12 tölulíðum í bréfi sóknaraðila. Þá gerir sóknaraðili jafnframt kröfu til þess að úrskurðarnefndin beiti varnaraðila og eftir atvikum S viðurlögum lögum samkvæmt leiði athugun í ljós lögbrot af hálfu þeirra aðila. Þá er jafnframt óskað eftir því að málinu verði vísað til ríkislögreglustjóra telji úrskurðarnefndin tilefni til.

Sóknaraðili bendir á að engar upplýsingar eða gögn hafi fylgt bréfi varnaraðila til lögmans sóknaraðila um hversu háar greiðslur varnaraðili hafi innheimt og lagt inn á handveðsettan reikning né hvenær þær greiðslur hafi verið inntar af hendi. Þá hafi enginn útreikningur á vaxtaleiðréttingu fylgt nefndu bréfi. Sóknaraðili óskar eftir því að úrskurðarnefndin taki til athugunar þá háttsemi varnaraðila að leggja greiðslur, sem hann innheimti fyrir sóknaraðila inn á sparisjóðsbók, sem borið hafi lága vexti, en leggja þær ekki inn á tékkareikning sóknaraðila til lækkunar á skuld hans við varnaraðila. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi með þessu freistað þess að auðgast með ólögmaetum hætti á hans kostnað. Óskar sóknaraðili eftir því að úrskurðarnefndin beiti varnaraðila viðurlögum vegna meintrar ólögmastrar háttsemi og tilkynni eftir atvikum ríkislögreglustjóra um meint lögbrot varnaraðila. Þá óskar sóknaraðili eftir því að úrskurðarnefndin afli upplýsinga og gagna um innborganir þær er runnu inn á handveðsettan reikning hjá varnaraðila, svo og yfirlits yfir reikninginn. Ennfremur er farið fram á að rannsakað verði hvort varnaraðili hafi að fullu leiðrétt vaxtaútreikning á tékkareikningi félagsins, svo og hvort varnaraðili hafi þá eður ei lagt vexti við höfuðstól mánaðarlega og reiknað vexti af samanlagðri fjárhæð vaxta og höfuðstóls frá hverjum mánaðamótum.

Loks óskar sóknaraðili eftir því að úrskurðarnefndin rannsaki allt það í viðskiptum aðila sem tilefni telst til að rannsaka í ljósi upplýsinga í bréfi sóknaraðila og gagna því meðfylgjandi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður aðila þegar í upphafi hafa samið um breytilega vexti sem væru 1% lægri en auglýstir vextir yfirdráttarlána á hverjum tíma. Þannig hafi auglýstir vextir verið 14,45% þegar tékkareikningur sóknaraðila var stofnaður 23. september 1998 og vextir á reikningnum því 13,45%. Til að taka af öll tvímæli í þessum efnum hafi annað samkomulag verið undirritað af aðilum þar sem skýrt hafi komið fram að um breytilega vexti hafi verið að ræða. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi engar athugasemdir gert við þessa framkvæmd þrátt fyrir að hafa ítrekað fengið send yfirlit yfir yfirdrátt á tékkareikningi sínum.

Varnaraðili segir yfirdráttarlán á tékkareikningi sóknaraðila hafa verið veitt frá mánuði til mánaðar og hafi því nýtt lán stofnast um hver mánaðamót. Á lánið séu reiknaðir dagvextir sem hafi verið reikningsfærðir í lok hvers mánaðar. Séu vextirnir ekki greiddir sé mánaðarlega veitt ný heimild og yfirdráttur hækkaður ef með þarf. Þyki þetta viðtekinn og venjulegur viðskiptaháttur.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi samþykkt að greiðslur yrðu lagðar inn á handveðsettan sparisjóðsreikning nr. xxxxx. Þrátt fyrir þetta hafi varnaraðili komið til móts við sóknaraðila og endurreiknað þær greiðslur sem settar voru inn á reikninginn. Hafi þetta verið gert umfram skyldu til hagsbóta fyrir sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreiðing milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband þar á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Eins og að framan greinir óskar sóknaraðili eftir margháttuðum rannsóknum og athugunum úrskurðarnefndarinnar. Slíkt er utan starfssviðs nefndarinnar og ekki hlutverk hennar. Þá hefur úrskurðarnefndin engar heimildir til að beita viðurlögum líkt og krafist er. Loks er það ekki hlutverk nefndarinnar að kæra meinta refsiverða háttsemi til lögreglufirvalda. Eins og kröfum sóknaraðila er háttáð er því með vísan til þess sem að framan greinir óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila M, á hendur varnaraðila F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 2. október 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, þriðjudaginn 9. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2001**:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. ágúst 2001 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. ágúst 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 13. september 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. september 2001, og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 20. september 2001. Frekari athugasemdir og gögn bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 27. september 2001. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 17. og 24. september og 9. október 2001.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili mun hafa gert samning um svokallaðan greiðslureikning við varnaraðila. Þeim samningi var sagt upp af hálfu varnaraðila hinn 15. janúar 2001 sökum þess að innborganir inn á reikninginn höfðu ekki staðið undir greiðslum út af honum og hafði við þetta myndast skuld á reikningnum. Nokkru síðar var unnið yfirlit yfir áhvílandi skuldir á eign sóknaraðila og námu þær að sögn varnaraðila rúmum 14 milljónum króna. Auk þess hafi óveðtryggðar skuldir numið tæplega fjórum milljónum króna.

Sóknaraðili hafði þá þegar lent í verulegum greiðsluferfiðleikum og hafði varnaraðili falið lögmönnum sínum að innheimta kröfur á hana, svo og einkahlutafélagið V. Í mars 2001 var tékkareikningi nefnds einkahlutafélags lokað. Þá var reikningum sóknaraðila og móður hennar lokað um sama leyti.

Varnaraðili hefur um nokkurt skeið haft uppi innheimtuaðgerðir á hendur sóknaraðila og aðilum henni nátengdri. Sóknaraðili hefur hins vegar margítrekað leitað frekari fyrirgreiðslu hjá varnaraðila án teljandi árangurs. Með bréfi varnaraðila til sóknaraðila, móður hennar og áðurnefnds einkahlutafélags, dagsettu 10. ágúst 2001, var

þeim tilkynnt að ekki yrði um að ræða frekari viðræður af hálfu varnaraðila um málefni þessara aðila. Var og ítrekuð fyrri ákvörðun varnaraðila um að ekki yrði um frekari fyrirgreiðslu hans að ræða.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kvartar yfir þjónustu og vinnubrögðum varnaraðila varðandi persónuleg fjármál sín og fjármál V. Er óskað eftir því að nefndin fjalli um þær aðgerðir sem varnaraðili hefur gripið til vegna viðskipta við ofangreinda aðila. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi brotið á sér og ekki haft uppi eðlilega viðskiptahætti og hafi þetta skaðað sóknaraðila og greint einkahlutafélag. Óskar sóknaraðili eftir því að úrskurðarnefndin úrskurði hvort rétt hafi verið staðið að málum og hvort sóknaraðili eigi ekki bótarétt á hendur varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst hafa verið í sambandi við þjónustufulltrúa hjá varnaraðila vegna fjármála sinna frá því um miðjan febrúar 2001 til 7. mars sama ár. Hafi fulltrúinn kannað leiðir til að koma sóknaraðila í greiðsluþjónustu og hafi sóknaraðili unnið sérstaka áætlun sem fulltrúinn hafi ætlað að bera undir yfirmenn sína. Síðastgreindan dag kveður sóknaraðili varnaraðila hafa haft samband við sig vegna V þar sem gefinn hafði verið út tékki af hálfu félagsins, sem ekki reyndist innistæða fyrir. Hafi tékkareikningi félagsins verið lokað fyrirvaralaust daginn eftir þrátt fyrir að samið hafi verið um greiðslu. Þá hafi skuldabréf sem voru í vanskilum fyrirvaralaust verið sett í lögfræðinnheimtu. Segir sóknaraðili að skuldara hafi hvorki verið gefinn kostur á að semja um skuld sína né hafi aðvörun verið send ábyrgðarmönnum. Þá kveður sóknaraðili að bankareikningum sínum og móður sinnar hafi einnig verið lokað. Ennfremur hafi bankinn tekið við öllum debetkortagreiðslum inn á reikning V frá 8. mars 2001 þó svo að reikningurinn hafi verið lokaður.

Sóknaraðili kveður sig örsjaldan hafa getað millifært af reikningi V og hafi það skaðað hana (félagið) mjög mikið að hafa ekki getað millifært fé oftar. Óskar sóknaraðili eftir því að fjallað verði um hvort það geti talist eðlilegir viðskiptahættir að draga viðskiptamann um svör í marga mánuði á meðan lán eru í lögfræðinnheimtu og á dráttarvöxtum.

Sóknaraðili kveðst búa með móður sinni, sem sé eigandi V en félagið mun reka samnefnda verslun og kveðst sóknaraðili vera starfsmaður hennar. Haldi hún heimili með móður sinni og þremur börnum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður samningi um greiðslureikning við sóknaraðila hafa verið sagt upp sökum þess að innborganir hefðu um langt skeið ekki staðið undir greiðslum út af reikningnum. Í febrúar 2001 hafi sóknaraðili samkvæmt yfirliti skuldað um 18 milljónir króna og hafi vanskil þá verið um 1,7 milljónir króna. Áætlað sölumat fasteignar sóknaraðila hafi þá numið um 20 milljónum. Veðskuldir hafi verið rúmlega 14 milljónir og eignin því veðsett að fullu eða yfir 70% af áætluðu söluverðmæti.

Áður en greint yfirlit var unnið kveður varnaraðili að þrjú skuldabréf sem sóknaraðili var greiðandi að og tvö sem V var greiðandi að hafi verið send í lögfræðinnheimtu sökum langvarandi vanskila. Hafi mál þessi verið afturkölluð frá

lögmonnum varnaraðila að beiðni sóknaraðila gegn því að hún greiddi kostnað lögmannanna. Jafnframt hafi henni verið tjáð að varnaraðili væri þá reiðubúinn að breyta skilmálum lánanna. Af því hafi hins vegar ekki orðið, enda hafi sóknaraðili ekki greitt lögmannskostnaðinn. Hafi sóknaraðila mátt vera ljóst hvert stefndi enda hafi hún fengið sendan greiðsluseðil fyrir hvert lán fyrir sig, tvær tilkynningar, sem sendar séu greiðanda og ábyrgðarmönnum, og ítrekunarbref þar sem fram komi að um lokaaðvörðun sé að ræða.

Varnaraðili kveður tékkareikningi V hafa verið lokað þar sem úttektir af reikningnum hafi ítrekað farið umfram leyfileg mörk. Hafi skuld á reikningnum þá numið nokkrum milljónum króna. Þrátt fyrir það hafi varnaraðili heimilað einkahlutafélaginu að fá í hendur andvirði visa-greiðslna sem lagðar hafi verið inn á reikninginn. Þá hafi reikningnum sóknaraðila og móður hennar verið lokað sökum þess hversu samtvinnaður fjárhagur þeirra var greindu einkahlutafélagi. Þeir hafi hins vegar verið opnaðir á nýjan leik í apríl 2001.

Varnaraðili segir það ávallt hafa komið fram á fundum um málefni sóknaraðila, móður hennar og V að hann væri fús til að auka fyrirgreiðslu til þessara aðila gegn ásættanlegum tryggingum. Þær hafi hins vegar ekki verið lagðar fram.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettu 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Eins og að framan greinir óskar sóknaraðili eftir því að nefndin fjalli um þær aðgerðir sem varnaraðili hefur gripið til gagnvart sóknaraðila og V og úrskurði hvort rétt hafi verið staðið að málum og jafnframt hvort sóknaraðili eigi bótarétt á hendur varnaraðila, svo og hvort meintur dráttur varnaraðila á svörum til ofangreindra aðila geti talist eðlilegir viðskiptahættir. Framangreindar kröfur sóknaraðila verða ekki metnar til fjár og verða ekki bornar undir úrskurðarnefnd. Er það utan starfssviðs nefndarinnar að láta í té álit sitt með þeim hætti sem óskað er eftir. Verður þegar af þessum ástæðum að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Það athugast að sóknaraðili er hvorki skráður stjórnarmaður né framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins V og hefur samkvæmt upplýsingum hlutafélagaskrár ekki prókúruumboð fyrir félagið. Hafa heldur ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á umboð hennar til að reka mál félagsins fyrir úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila M, á hendur varnaraðila F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 9. október 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, þriðjudaginn 6. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 3. október 2001 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 1. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. október 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 22. október 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. október 2001, og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 9. og 28. október og 6. nóvember 2001.

II.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi gengið í hjónaband með nafngreindum manni hinn 14. október 2000. Mun hjónabandinu hafa lokið í síðari hluta desembermánaðar sama ár. Ekki náðist samningur milli þeirra hjóna um skilnaðarkjör og var því gerð krafa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um opinber skipti til fjárlita þeirra í millum. Standa þau skipti enn yfir og er nafngreindur hæstaréttarlögmaður skiptastjóri. Sóknaraðili hefur haft uppi ýmsar athugasemdir og fyrirspurnir við yfirlit varnaraðila um eignir eiginmanns hennar hjá F. Hefur hún margsinnis ritað varnaraðila bréf vegna þessa, svo og skiptastjóra og fleirum. Varnaraðili mun hafa hafnað öllum kröfum sóknaraðila með bréfi, dagsettu 12. september 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður hlutabréf, sem fyrirverandi eiginmaður hennar sé skráður fyrir og eru í vörslu varnaraðila, vera sína eign, a.m.k. að hálfu. Vísar hún í þeim efnunum til skattframtals þeirra árið 2001 vegna gjaldársins 2000. Segir sóknaraðili hlutabréfasafnið

og verðmæti þess hafa rýrnað á árinu 2001 samkvæmt yfirlitum frá varnaraðila. Þá vanti eitthvað upp á innstæður sem áður voru á reikningum hjá varnaraðila.

Sóknaraðili telur skiptastjóra hafa reynt að fá upplýsingar frá varnaraðila en þær hafi borist seint og verið með öllu ófullnægjandi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni með vísan til e-liðar 4. gr. samþykktu fyrir nefndina. Kveður varnaraðili framsetningu kvörtunar sóknaraðila vera mjög óskýra, en kjarni hennar virðist vera afstaða varnaraðila til þeirrar fullyrðingar sóknaraðila að hún eigi helming þeirra verðbréfa sem séu á nafni fyrirverandi eiginmanns hennar, svo og að F hafi ekki svarað henni á fullnægjandi hátt um verðbréf og reikninga á nafni eiginmannsins og hreyfingar þar að lútandi.

Varnaraðili bendir á að opinber skipti standi nú yfir vegna skilnaðar þeirra hjóna og hafi skiptastjóra í þrígang verið send bréfleiðis yfirlit yfir eignir og skuldir eiginmanns sóknaraðila.

Varnaraðili kveðst vera bundinn þagnarskyldu og bankaleynd um hagi viðskiptavina sinna og sé af þeim sökum óheimilt að upplýsa sóknaraðila um verðbréf og reikninga á nafni fyrirverandi eiginmanns hennar. Bendir varnaraðili á að við það að ganga í hjónaband eignist maður ekki eignir í venjubundnum skilningi þess orðs heldur njóti hjúskaparréttar yfir öllu því sem hitt hjóna eigi. Sé meginreglan sú að hvort hjóna ráði eitt yfir hjúskapareign sinni og ábyrgist með henni einungis sínar skuldir. Hafi hvort hjóna eitt ráðstöfunarrétt yfir eign sinni og gæti gert samninga við aðra um hana svo sem það kjósi nema sérstakar réttarreglur leiði til annars, en því sé eigi fyrir að fara í máli þessu. Hjónum sé þó skylt að veita hvoru öðru upplýsingar um efnahag sinn, en þá upplýsingaskyldu geti varnaraðili ekki uppfyllt nema fyrir liggi fullt umboð þar að lútandi frá eiganda. Svo sé ekki í máli þessu.

Varnaraðili telur fjárskipti sóknaraðila og eiginmanns hennar í eðlilegum farvegi hjá skiptastjóra og hafi öllum fyrirspurnum hans verið svarað tafarlaust á fullnægjandi hátt.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að Héraðsdómi Reykjavíkur hefur borist krafa um opinber skipti til fjárslita milli sóknaraðila og fyrirverandi eiginmanns hennar, sbr. XIV. kafla laga nr. 20, 1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Fer um þau skipti eftir ákvæðum þess kafla, sbr. og XIV. kafla hjúskaparlaga nr. 31, 1993. Hefur skipaður

skiptastjóri m.a. leitað eftir upplýsingum frá varnaraðila um verðbréfavíðskipti fyrirverandi eiginmanns sóknaraðila við varnaraðila og gert ýmsar tillögur í þeim efnum. Þá hefur skiptastjóri lýst því yfir að hann muni beina til Héraðsdóms Reykjavíkur hugsanlegum ágreiningi aðila um hvort verðbréf eiginmanns sóknaraðila hafi að einhverju leyti eða öllu verið í sameign þeirra hjóna þannig að þau teljist hjúskapareign beggja.

Kröfur sóknaraðila eru allar hinar óljósustu og verða ekki metnar til fjár. Virðist einkum ráðið af óskýrum málatilbúnaði hennar að verið sé að óska eftir rannsókn úrskurðarnefndarinnar á ráðstöfun og rýmun verðbréfaeignar eiginmanns hennar hjá varnaraðila. Er það utan starfsviðs nefndarinnar að hlutast til um slíka rannsókn.

Með hliðsjón af framansögðu og 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila M, á hendur varnaraðila F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 6. nóvember 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, þriðjudaginn 11. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 4. október 2001 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. október 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 25. október 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu sama dag, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu sama dag. Óskað var eftir frekari upplýsingum varnaraðila með bréfi til hans, dagsettu 6. nóvember 2001. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 21. nóvember 2001. Voru þau send sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. nóvember 2001, og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við nefndina. Bárust þær með bréfi sóknaraðila, dagsettu 27. nóvember 2001.

Með opinberri tilkynningu viðskiptaráðuneytisins, dagsettri 27. nóvember 2001, var tilkynnt að viðskiptaráðherra hefði þann sama dag afturkallað starfsleyfi varnaraðila með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 60. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Í framhaldi af afturkölluninni hafi viðskiptaráðherra lagt fram beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur um opinber skipti á félaginu í samræmi við 2. mgr. 62. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Hafi Héraðsdómur Reykjavíkur fallist á þá kröfu og skipað Sigurmar K. Albertsson, hrl., til að annast skiptin.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 9. og 28. október, 6. nóvember og 4. og 11. desember 2001.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili greiddi varnaraðila hinn 21. september 2000 kr. 8.499.000,- að hann taldi vegna kaupa á hlutum í hlutafélaginu H Norður-Ameríku. Gaf varnaraðili út kvittun

til sóknaraðila umræddan dag þar sem m.a. greinir: „Þú keyptir Erl hlbr.H“. Er nafnverð bréfanna sagt 40.000,- að því er virðist bandaríkjadali, sem seld voru á genginu 2,5, þ.e. 100.000,- bandaríkjadali. Gengi bandaríkjadals var umræddan dag 84,99 krónur og greiddi sóknaraðili því kr. 8.499.000,- til varnaraðila eins og fyrr greinir.

Ágreiningur er með aðilum um hvort varnaraðili hafi átt að kaupa umrædd hlutabréf í H í nafni sóknaraðila eða hvort kaupin yrðu hluti af stærri fjárfestingu í nafni varnaraðila ytra, sem síðan yrði sundurliðuð á fjárvörslureikning sóknaraðila og annarra fjárfesta hérlendis.

Sóknaraðili mun hafa kvartað yfir því við varnaraðila að hafa ekki fengið hlutabréf í fyrrgreindu félagi í sínar hendur. Með bréfi, dagsettu 24. ágúst 2001, kvaðst hann myndu líta svo að umrædd kaup hefðu aldrei átt sér stað yrðu bréfin ekki afhent innan tveggja vikna. Myndi hann þá krefja varnaraðila um endurgreiðslu fyrrnefndra kr. 8.499.000,-. Með bréfi, dagsettu 3. október 2001, fór sóknaraðili fram á endurgreiðslu upphæðarinnar ásamt sanngjörnum vöxtum enda virtist sem varnaraðili hefði aldrei keypt bréf í H fyrir hans hönd. Degi síðar, hinn 4. október 2001, skaut sóknaraðili máli sínu til úrskurðarnefndarinnar.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst hafa talið sig vera að kaupa hlut í fyrirtækinu H og hafi hann að sögn varnaraðila átt að fá hlutabréf í félaginu afhent. Síðar hafi komið í ljós að aldrei hafi verið keypt hlutabréf í nafni sóknaraðila í umræddu félagi en varnaraðili neiti eftir sem áður að endurgreiða sóknaraðila fyrrgreinda fjárhæð, kr. 8.499.000,-.

Sóknaraðili bendir á að hann hafi aldrei gert fjárvörslusamning við varnaraðila sem hefði verið eðlilegt ef varnaraðili hefði átt að geyma bréfin. Sóknaraðili segist ekki hafa getað fylgst með gangi umrædds félags eins og hann hafi ætlað, m.a. með því að mæta á hluthafafundi. Kveður sóknaraðili að varnaraðili hafi eingöngu átt að vera milliliður við kaupin, þ.e. miðlari.

Sóknaraðili kveðst aldrei hafa fengið send nein gögn í tölvupósti frá varnaraðila áður en af viðskiptum aðila varð eins og varnaraðili fullyrði. Hafi honum og aldrei verið tjáð að fjárfestingin yrði að vera í nafni varnaraðila, hvorki símleiðis né bréfleiðis.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveðst í september 2000 hafa boðið völdum hópi viðskiptavina sinna að fjárfesta í sameiningu með sjóðnum R í H í nafni varnaraðila. Hafi viðskiptavinum verið send gögn með tölvupósti þar sem skýrt sé tekið fram að um samfjárfestingu sé að ræða með nefndum sjóði þar sem varnaraðila hafi sökum stærðar sinnar í sjóðnum verið gefinn kostur á að fjárfesta í nefndu fyrirtæki. Hafi varnaraðili síðan gefið viðskiptavinum sínum kost á að fjárfesta í fyrirtækinu með því fyrirkomulagi að viðkomandi hlutur yrði í vörslum varnaraðila þar sem varnaraðila byðist eingöngu að fjárfesta með títtnefndum sjóði í H en ekki einstökum viðskiptavinum varnaraðila.

Þá kveður varnaraðili það hafa komið skýrt fram í símtali milli sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila að umrædd fjárfesting yrði í nafni varnaraðila gagnvart H en hún yrði síðan sundurliðuð á vörslureikninga viðkomandi viðskiptavina hjá varnaraðila. Væri annað og í hreinni mótsögn við þau gögn sem send hefðu verið frá varnaraðila. Hafi

kaupin verið staðfest með greiðslu og litið svo á að ekki hafi þurft frekari staðfestingu við þar sem bréfin hafi verið seld undir þessum formerkjum.

Varnaraðili kveður sóknaraðila áður hafa gert fjárvörslusamning við varnaraðila. Hafi því verið litið svo á að samþykkt væri að greiðsla vegna kaupa á hlutum í H bættist inn á fjárvörslureikning sóknaraðila, enda hafi sóknaraðili notið ávöxtunar fjárens, eða eftir atvikum tapað því, þó svo að form kaupanna hafi verið með þeim hætti að varnaraðili væri skráður kaupandi í Bandaríkum Norður-Ameríku og kaupin síðan sundurliðuð „á endanlega fjárfesta innan fjárvörslunnar“.

Varnaraðili kveður sóknaraðila nokkru eftir kaupin hafa nefnt að hann vildi vera skráður beint (sic) sem hluthafi í margnefndu félagi. Hafi varnaraðila þótt sjálfsagt að verða við og hafi verið unnið að þeim málum.

V.

Niðurstaða.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samkomulagi Neytendasamtakanna, Sambands íslenskra sparisjóða, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands lánastofnana, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytisins, dagsettu 8. júní 2000. Þrjú síðastnefndu samtökin hafa nú sameinast í Samtök banka og verðbréfafyrirtækja. Er nefndinni samkvæmt samkomulagi aðila ætlað að fjalla um ágreining milli fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra. Er það markmið samningsaðila að með nefndinni sé viðskiptamönnum auðveldað að koma á framfæri kvörtunum vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki og fá leyst úr þeim með skjóttum og ódýrum hætti.

Samkvæmt 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns enda sé samningssamband milli aðila, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr.

Meðan á meðferð máls þessa stóð hjá nefndinni afturkallaði viðskiptaráðherra starfsleyfi varnaraðila til verðbréfavíðskipta með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 60. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996 og hefur skrifstofum félagsins verið lokað. Óskaði ráðherra jafnframt eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að félagið yrði tekið til opinberra skipta, sbr. 2. mgr. 62. gr. nefndra laga. Hefur Héraðsdómur Reykjavíkur fallist á þá kröfu viðskiptaráðherra og skipað nafngreindan hæstaréttarlögmann til að annast skiptin.

Samkvæmt framansögðu er varnaraðili ekki lengur starfandi og hefur félagið verið tekið til opinberra skipta. Telja verður samkvæmt eðli máls að aðild að úrskurðarnefndinni og valdsvið nefndarinnar sé samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi aðila hennar og samþykktum, m.a. um málsmeðferð og réttaráhrif úrskurða nefndarinnar, bundið við starfandi fjármálafyrirtæki. Með því að starfsleyfi varnaraðila hefur verið afturkallað, félagið hefur hætt starfsemi og yfir standa opinber skipti til slita á félaginu lögum samkvæmt, verður að líta svo á að varnaraðili eigi ekki lengur aðild að úrskurðarnefndinni, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Er þar með niður fallið vald úrskurðarnefndarinnar til að fjalla um kvartanir vegna viðskipta við varnaraðila.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Eftir atvikum þykir rétt að málskotsgjald verði endurgreitt sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M á hendur varnaraðila, F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 11. desember 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2001, þriðjudaginn 11. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólög Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2001**:

M,N og O
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar M, N og O hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. október 2001 með kvörtun M, f.h. allra sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. október 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi F dagsettu 30. október 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 31. október, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila M, dagsettu 4. nóvember 2001.

Með opinberri tilkynningu viðskiptaráðuneytisins, dagsettri 27. nóvember 2001, var tilkynnt að viðskiptaráðherra hefði þann sama dag afturkallað starfsleyfi varnaraðila með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 60. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Í framhaldi af afturkölluninni hafi viðskiptaráðherra lagt fram beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur um opinber skipti á félaginu í samræmi við 2. mgr. 62. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Hafi Héraðsdómur Reykjavíkur fallist á þá kröfu og skipað L, til að annast skiptin.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 9. og 28. október. 6. nóvember og 4. og 11. desember 2001.

II.

Málsatvik.

Með þremur ódagsettum svokölluðum áskriftarskrám skuldbundu sóknaraðilar sig til að kaupa hluti í fjárfestingasjóðnum H fyrir 14.000 bandaríkjadali hver um sig. Samkvæmt skjölum þeim sem sóknaraðilar rituðu undir skyldu 40% áskriftarfjárhæðarinnar greidd eigi síðar en fyrir lok janúar 2000 og 60% þegar eftir því yrði kallað. Sóknaraðilar greiddu þann 31. janúar 2000 40% þeirrar fjárhæðar sem þeir höfðu skrifað sig fyrir. Þeir gerðu fjárvörslusamninga við varnaraðila, dagsetta 3. og 4. febrúar 2000, þar sem varnaraðili tók að sér að annast kaup og sölu bréfa sóknaraðila í umræddum sjóði

Með ódagsettu bréfi varnaraðila til viðskiptavina sinna, sem m.a. barst sóknaraðilum að því er virðist í apríl 2000, er þeim boðið að auka hlutdeild sína í „fjárfestingarsamlaginu H“ um 150%. Hvatti varnaraðili viðskiptavini sína í bréfinu eindregið til að nýta sér umrædda heimild til aukningar. Sóknaraðili M mun hafa ákveðið að auka hlut sinn um 14.000 bandaríkjadali. Kveðst hann hafa gert það eftir viðtal við nafngreindan starfsmann varnaraðila.

Hinn 24. maí 2000 mun varnaraðili hafa sent rafpóst til þeirra, sem skrifað höfðu sig fyrir aukningu í sjóðnum, og óskað eftir því að þeir greiddu 20% hennar hinn 1. júní 2000. Kveðst sóknaraðili M hafa kvartað yfir þessu við starfsmenn varnaraðila.

Með bréfi varnaraðila, dagsettu 5. júlí 2000, var sóknaraðilum tilkynnt um stöðu sjóðsins, auk þess sem tilkynnt var að fyrstu hlutabréf yrðu afhent fjárfestum í júlí það ár. Með bréfinu fylgdi íslensk endursögn á bréfi frá H til varnaraðila. Með bréfi sama aðila til fjárfesta, dagsettu 16. október 2000, sem ritað er á íslensku, var viðskiptavinum enn tilkynnt um hversu vel gengi hjá sjóðnum. Er þar tilkynnt um um að eitt félaganna sem fjárfest hafi verið í hafi verið selt öðru stærra nafngreindu félagi.

Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi hinn 13. desember 2000 sent frá sér rafpóst, sem virðist hafa að geyma þýðingu af tilkynningu H til fjárfesta, dagsettri 27. október 2000, þar sem fram kemur að innan fimm daga muni hefjast dreifing á hlutabréfum sem sjóðurinn hafi fjárfest í.

Einn sóknaraðila sendi nafngreindum starfsmanni varnaraðila rafpóst, dagsettan 11. september 2000, sem aftur var ítrekaður í næstu viku á eftir, þar sem hann óskaði þess að sleppa frá umræddum fjárfestingum eins og þær stæðu þá. Varnaraðili svaraði sóknaraðila með rafpósti hinn 23. nóvember 2000 þar sem bent var á að áskrift að hlutum í H væri bindandi og að heimild væri fyrir umsjónaraðila sjóðsins að skerða núverandi hlut til að mæta viðbótar innköllum á greiðslum ef menn neituðu að borga.

Hinn 15. mars 2001 sendi varnaraðili út með rafpósti til viðskiptavina „fréttabréf“ H á ensku, dagsett 27. febrúar 2001. Með bréfi sínu til varnaraðila, dagsettu 10. apríl 2001, leitaði sóknaraðili M eftir skýringu á því hvers vegna enn væri ekki farið að afhenda hlutabréf í fyrirtækjum eins og lofað hafði verið. Þá spurði hann ýmissa spurninga um fyrirtæki sem sjóðurinn hefði fjárfest í og fleira tengt viðskiptum aðila. Erindið var ítrekað með bréfi sóknaraðila M til varnaraðila, dagsettu 8. maí 2001. Varnaraðili kvaðst með símbréfi sem sent var 9. maí 2001 munu svara erindi sóknaraðila hið fyrsta. Var það gert með bréfi varnaraðila, dagsettu 21. maí 2001. Bendir varnaraðili þar á að allar fréttir og tilkynningar varðandi umræddan sjóð komi frá stjórnendum sjóðsins í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sem varnaraðili sendi áfram til viðskiptavina sinna. Í bréfinu var leitast við að svara einhverjum spurninga sóknaraðila.

Varnaraðili sendi viðskiptavinum sínum „fréttabréf“ frá margnefndum sjóði fyrir fyrsta ársfjórðung 2001 á ensku, dagsett 21. maí 2001, með rafpósti hinn 11. júní 2001, auk endursagnar á íslensku.

Aðilar munu hafa fundað um gang mála hinn 19. júní 2001. Sóknaraðilar kröfðust endurgreiðslu frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 28. júní 2001. Erindið var ítrekað með símbréfi sóknaraðila M, dagsettu 17. júlí 2001. Varnaraðili hafnaði þeirri kröfu með bréfi, dagsettu 26. júlí 2001, en kvaðst jafnframt munu athuga möguleika á sölu á hlut sóknaraðila í margnefndum sjóði.

Með bréfi varnaraðila, dagsettu 16. ágúst 2001, voru fjárfestar, þ.á m. sóknaraðilar, krafðir um greiðslu á 20% af því fé sem þeir höfðu skráð sig fyrir. Fylgdi

greiðsluseðill bréfinu. Var bent á að H áskildi sér rétt til að beita skerðingarákvæðum samkvæmt útboðsskilmálum yrði ekki greitt, sem gerði það að verkum að þegar innborguð fjárhæð yrði skert um allt að 50%. Með bréfinu fylgdi fréttabréf fyrir annan ársfjórðung 2001, dagsett 7. ágúst 2001.

Með bréfi sóknaraðila, dagsettu 27. ágúst 2001, kröfðu þeir varnaraðila um afrit samninga, sem heimiluðu varnaraðila skerðingu sjóðseignar þeirra. Þá gerðu þeir og kröfu um afhendingu hlutabréfa þeirra í þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn hefði þegar fjárfest í og væru komin á markað. Jafnframt var því lýst yfir að sóknaraðilar myndu geymslugreiða umkrafða greiðslu þar til umbeðin gögn og umsögn Fjármálaeftirlitsins myndu liggja fyrir. Varnaraðili svaraði sóknaraðilum með bréfi, dagsettu 29. ágúst 2001. Sóknaraðilar geymslugreiddu umkrafða fjárhæð hinn 3. september 2001.

Með bréfi, dagsettu 1. október 2001, voru sóknaraðilar enn krafðir um greiðslu á 20% af áskriftarhlut sínum í umræddum sjóði. Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 5. október 2001, óskuðu sóknaraðilar skýringa á því hvernig fyrirhugað væri að framkvæma skerðingu á hlut þeirra í sjóðnum um rúmlega helming myndu þeir ekki greiða umræddan 20% áskriftarhlut sinn.

Sóknaraðilar leituðu til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 6. september 2001. Með bréfi stofnunarinnar, dagsettu 4. október 2001, var sóknaraðilum bent á að beina erindi sínu til úrskurðarnefndarinnar. Gerðu þeir það með áður nefndri kvörtun, dagsettri 8. október 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Að því er fram kemur í gögnum málsins kveðast sóknaraðilar hafa lesið blaðagrein, sem birtist hér á landi í desember 1999 þar sem þáverandi eigandi varnaraðila hafi lýst yfir ágætum fjárfestingasjóðsins H og kostum þess að eiga viðskipti við varnaraðila. Hafi einn sóknaraðila haft samband við varnaraðila vegna þessa og þá verið tjáð að ekki væri hægt að fjárfesta fyrir minna en 2,5 - 3,0 milljónir króna, en skipta mætti þeirri fjárhæð milli þriggja aðila. Sóknaraðilar segja að þeim hafi verið sagt að ekki mætti líta svo á að greiða þyrfti alla upphæðina sem viðkomandi myndi skrifa sig fyrir þar sem umræddur sjóður væri þannig uppbyggður að ekki þyrfti að greiða nema 50-60% af þeirri upphæð sem maður skrifaði sig fyrir. Hlutabréf í einstökum fyrirtækjum myndu berast áskrifendum og kæmu á mótí því sem greiða þyrfti. Hafi þetta verið skýrt með þeim hætti að þau fyrirtæki sem sjóðurinn myndi fjárfesta í færu á markað og að sex mánuðum liðnum yrðu bréfin laus og gæti þá hver og einn selt bréfin sín eða ráðstafað þeim með öðrum hætti. Sóknaraðilar segja engan þeirra hafa séð samning um H eða einhver útboðsgögn.

Sóknaraðilar kveða ekkert hafa staðist sem fram hafi komið hjá varnaraðila. Hafi verið logið að þeim og þeir sviknir. Telja þeir varnaraðila hafa rift (sic) fjárvörslusamninga við sig og gera kröfu um endurgreiðslu þess fjár, sem þeir greiddu varnaraðila auk vaxta.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar hafi með áritunum sínum á áskriftarblöð í árslok 1999 og byrjun árs 2000 skuldbundið sig til að kaupa hluti í H fyrir þar til greinda

upphæð. Komi skýrlega fram á blöðunum að greiða eigi 40% fjárhæðarinnar fyrir lok janúar 2000, en þau 60% sem eftir stóðu þá er eftir því yrði leitað.

Varnaraðili kveður útboðsskilmála greinds sjóðs hafa legið frammi þegar verið var að kynna sjóðinn. Hafi fjárfestar verið sérstaklega hvattir til að kynna sér skilmálana og önnur gögn um sjóðinn, auk þess farið hafi verið yfir alla helstu skilmála sjóðsins á kynningarfundum. Komi það skýrt fram í útboðsskilmálum að markmið sjóðsins sé að fjárfesta í áhættusömum óskráðum félögum. Sé þar og gerð grein fyrir nánar tilgreindum áhættuþáttum sem áhrif geti haft á fjárfestinguna. Þá sé einnig skýrt tekið fram að engin trygging sé fyrir því að fjárfestingin skil arði og að óvíst sé hvenær unnt verði að innleysa hagnað ef einhver verður.

Varnaraðili segir aðstæður á hlutabréfamarkaði undanfarin misseri hafa leitt til þess að fjölmörg félög, sem H hafði fjárfest í, hafi frestað skráningu á markaði. Hafi einungis fjögur þeirra félaga farið á markað. Varnaraðili kveður að í upphafi hafi verið vonast til þess að unnt yrði að nota það fé sem fengist við sölu á bréfum í þeim fyrirtækjum, sem komin voru á markað, til að standa undir skuldbindingum sjóðsfélaga á þeim 60%, sem ekki voru greidd inn í sjóðinn í upphafi. Aðstæður á verðbréfamarkaði hafi hins vegar gert það að verkum að ekki hafi verið hægt að hefja greiðslur úr sjóðnum og hafi því verið nauðsynlegt að kalla eftir umræddum 60% í samræmi við skuldbindingar á áskriftarskrá. Þá kveður varnaraðili heimild til skerðingar á innborguðu fé koma fram í fyrrnefndum útboðsskilmálum.

V.

Niðurstaða.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samkomulagi Neytendasamtakanna, Sambands íslenskra sparisjóða, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands lánastofnana, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytisins, dagsettu 8. júní 2000. Þrjú síðastnefndu samtökin hafa nú sameinast í Samtök banka og verðbréfafyrirtækja. Er nefndinni samkvæmt samkomulagi aðila ætlað að fjalla um ágreining milli fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra. Er það markmið samningsaðila að með nefndinni sé viðskiptamönnum auðveldað að koma á framfæri kvörtunum vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki og fá leyst úr þeim með skjótum og ódýrum hætti.

Samkvæmt 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns enda sé samningssamband milli aðila, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr.

Meðan á meðferð máls þessa stóð hjá nefndinni afturkallaði viðskiptaráðherra starfsleyfi varnaraðila til verðbréfaviðskipta með vísan til 2. tölul. 1. mgr. 60. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 13, 1996 og hefur skrifstofum félagsins verið lokað. Óskaði ráðherra jafnframt eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að félagið yrði tekið til opinberra skipta, sbr. 2. mgr. 62. gr. nefndra laga. Hefur Héraðsdómur Reykjavíkur fallist á þá kröfu viðskiptaráðherra og skipað nafngreindan hæstaréttarlögmann til að annast skiptin.

Samkvæmt framansögðu er varnaraðili ekki lengur starfandi og hefur félagið verið tekið til opinberra skipta. Telja verður samkvæmt eðli máls að aðild að úrskurðarnefndinni og valdsvið nefndarinnar sé samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi

aðila hennar og samþykktum, m.a. um málsmeðferð og réttaráhrif úrskurða nefndarinnar, bundið við starfandi fjármálafyrirtæki. Með því að starfsleyfi varnaraðila hefur verið afturkallað, félagið hefur hætt starfsemi og yfir standa opinber skipti til slita á félaginu lögum samkvæmt, verður að líta svo á að varnaraðili eigi ekki lengur aðild að úrskurðarnefndinni, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykta fyrir nefndina. Er þar með niður fallið vald úrskurðarnefndarinnar til að fjalla um kvartanir vegna viðskipta við varnaraðila.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Eftir atvikum þykir rétt að málskotsgjald verði endurgreitt sóknaraðilum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, N og O, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 11. desember 2001.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, þriðjudaginn 15. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. október 2001 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 9. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. október 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 21. nóvember 2001. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. desember 2001 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust 19. desember 2001 með bréfi sóknaraðila, dagsettu 15. sama mánaðar. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 30. október, 6. nóvember, 4. desember 2001 og 8. og 15. janúar 2002.

II.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að á tímabilinu frá 5. nóvember 1987 til og með 2. maí 1989 hafi verið innleystir sex tékkar frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals að fjárhæð kr. 333.921.- á nafni sóknaraðila í útibúi varnaraðila á X. Munu tékkarnir hafa verið greiðslur vegna barnabóta. Sóknaraðili mun á þessu tímabili hafa setið í fangelsi að Litla-Hrauni í Árnassýslu, þar sem hann afplánaði refsidóm frá 14. október 1987 til og með 6. júní 1989. Andvirði fyrrgreindra tékka mun hafa verið lagt inn á reikning barnaverndarnefndar Y í útibúi varnaraðila á X.

Hinn 5. desember 1995 stofnaði sýslumaður Z sparisjóðsbók nr. xxxx í nafni sóknaraðila í útibúi varnaraðila á X. Voru við stofnunina lagðar inn á bókina í tveimur hlutum, kr. 391.742,- og kr. 92.515,- eða samtals kr. 484.257,-. Var bókin, sem stofnuð var með leyfinúmeri, fengin greindu útibúi varnaraðila til geymslu gegn afhendingu geymslukvittunar. Af bréfi sýslumanns, dagsettu 4. desember 1995, má ráða að um sé að ræða fjármuni sem sóknaraðila hafi borið sem eigandi hluta tveggja nánar tilgreindra jarða, sem seldar hafi verið til slita á sameign þann 2. október 1995. Kemur fram í bréfinu að hlutur sóknaraðila í söluandvirði þeirra hafi verið lagður inn á nefnda sparisjóðsbók á

nafni sóknaraðila og sé bókin í vörslu varnaraðila á X. Sýslumaður mun svo hafa tekið út úr bókinni síðastgreinda fjárhæð hinn 29. desember 1995, auk vaxta kr. 201,10, samtals kr. 484.458,10.

Hinn 2. febrúar 2001 skrifaði sóknaraðili útibúi varnaraðila á X tvö bréf þar sem hann krafðist greiðslu á andvirði tékkanna og þeim fjármunum sem geymdir höfðu verið á bankabók nr. xxxx, auk vaxta og dráttarvaxta frá innlausnardegi til greiðsludags. Áður hafði sóknaraðili sent fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 4. desember 2000.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kvartar yfir þeirri aðferð sem höfð var við framsal á greindum sex tékkum, svo og að umrædd bankabók nr. xxxx í útibúi varnaraðila á X hafi verið tóm þegar til átti að taka að sögn sóknaraðila í desember 2000. Sóknaraðili finnur að því að hafa ekki fengið að ráðstafa umræddum fjármunum sjálfur. Hafi fjárhagur hans umturnast af þessum sökum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er á það bent að sóknaraðili hafi haft undir höndum allar tiltækar upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið var til með framsali fyrrgreindra tékka á árunum 1987 og 1989 og meðferð fjármuna, sem um tíma voru geymdir á umræddum bankareikningi nr. xxxx.

Varnaraðili vísar til skýrslu sýslumannsins í Z til Dómsmálaráðuneytis í tilefni af kærumáli varnaraðila gegn sýslumanni. Í skýrslunni komi m.a. fram að barnaverndarnefnd í Y hafi á umræddum tíma þurft að taka ábyrgð á fjórum börnum sóknaraðila og sjá þeim fyrir fæði og klæðum og útvega ráðskonu til að sjá um heimilishaldið. Þá hafi nefndin og haft milligöngu um aðstoð sérfræðinga og ráðstöfun unglingsstúlku í annan landshluta. Hafi verið ljóst að af þessu hlytust mikil útgjöld fyrir sveitarfélagið og hafi því að beiðni barnaverndarnefndar verið samþykkt að barnabætur sóknaraðila rynnu til framfærslu barna sóknaraðila á meðan hann afplánaði fangelsisrefsingu sína. Hafi honum um árabíl verið kunnugt um hvert umræddir fjármunir hefðu farið.

Varnaraðili bendir á að sýslumenn séu yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi og beri að sjá til þess að skyldum lögráðamanna sé sinnt og grípa til aðgerða sé fjárhaldi og framfærslu þeirra, sem ófjárráða séu fyrir æsku sakir, ábótavant. Hafi sýslumaður tilkynnt þetta þá er hann framseldi tékka á nafni sóknaraðila og lagði fjárhæðina inn á reikning barnaverndarnefndar. Varnaraðili kveður starfsmönnum sínum í útibúinu á X hafa verið kunnugt um dvöl sóknaraðila á Litla-Hrauni. Hafi þeir því ekki gert athugasemd við framsalið í þeirri góðu trú að verið væri að þjóna hagsmunum sóknaraðila og réttu ráðstöfun barnabóta til framfærslu barna hans.

Að því er umrædda bankabók varðar bendir varnaraðili á að bankabókin hafi ekki verið formlega stofnuð sem eign sóknaraðila þar sem stofnandi hafi verið annar en sá sem tilgreindur var sem væntanlegur eigandi bókarinnar. Segir varnaraðili að við stofnun slíkrar sparisjóðsbókar þurfi að afhenda rithandarsýnishorn þess sem heimild hafi til ráðstöfunar fjármuna úr bókinni. Þá hafi bókin og verið stofnuð með leyninúmeri og hafi

Því enginn getað tekið út úr bókinni nema sá sem stofnaði hana eða vissi hver stofnaði hana og kunni að auki leyninúmerið. Ennfremur hafi bókin verið lögð inn til geymslu í útibúi varnaraðila gegn afhendingu geymslukvittunar. Hafi handhafi hennar, sem jafnframt var stofnandi bankabókarinnar, komið í bankann þann 29. desember 1995 og tekið út það fé sem lagt var inn þann 5. desember 1995. Varnaraðili kveður sóknaraðila engan sjálfstæðan rétt hafa átt til þess fjár sem varðveitt var á reikningnum umræddan tíma. Þann rétt hefði hann fyrst öðlast með afhendingu bókarinnar og að veittum upplýsingum um leyninúmer. Þá hefði hann og þurft að afhenda rithandarsýnishorn. Varnaraðili kveður samninga sem gerðir hafa verið við sýslumann í einu og öllu hafa verið haldna.

V.

Niðurstaða.

Kvörtun sóknaraðila lýtur annars vegar að því að varnaraðili hafi á tímabilinu frá 5. nóvember 1987 til og með 2. maí 1989 greitt andvirði sex tékka, samtals að fjárhæð kr. 333.921.-, sem gefnir voru út á nafn sóknaraðila en ekki framseldir af honum. Höfðu tékkarnir að geyma barnabætur vegna barna sóknaraðila. Ekki er ágreiningur um að sóknaraðili mun þá er tékkarnir voru gefnir út og framseldir hafa dvalið í fangelsinu að Litla-Hrauni í Árnessýslu, þar sem hann mun hafa afplánað refsidóm frá 14. október 1987 til og með 6. júní 1989. Andvirði fyrrgreindra tékka mun hafa verið lagt inn á reikning barnaverndarnefndar Y í útibúi varnaraðila á X. Tékkar þessir liggja ekki frammi í málinu en að sögn varnaraðila mun sýslumaður Z hafa framselt tékkana.

Samkvæmt 23. gr. þágildandi laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966 hvíldi sú skylda á barnaverndarnefnd Y að sjá börnum sóknaraðila farboða á meðan faðir þeirra sat í fangelsi og gat þar að leiðandi ekki veitt þeim fullnægjandi framfærslu. Samkvæmt þágildandi 1. mgr. A-liðar 69. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75, 1981 skyldi ríkissjóður greiða barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast væri hér á landi. Bæturnar skyldu greiðast til framfæranda barnsins. Ekki verður annað ráðið en að börn sóknaraðila hafi verið á framfæri barnaverndarnefndar Fljótshlíðarhrepps á meðan hann sat í fangelsi á fyrrgreindu tímabili. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. þágildandi barnalaga nr. 9, 1981 gat sá, sem stóð straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, krafist þess að framfærslueyrir yrði ákveðinn og innheimtur hefði hann barnið í fóstri samkvæmt lögmati skipan. Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 23. gr. höfðu viðkomandi stjórnvöld þennan rétt þá er framfærsluframlag hafði verið innt af hendi af almannavaldi. Í 2. mgr. 53. gr. þágildandi framfærslulaga nr. 80, 1947 var kveðið á um að framfærslustyrkur sem veittur væri til framfærslu og uppeldis barns yngri en 16 ára teldist til skuldar foreldrum barnsins. Í bréfi sýslumanns, dagsettu 15. febrúar 2001, sem fyrir liggur í málinu, kemur fram að samþykkt hafi verið að beiðni barnaverndarnefndar að barnabætur rynnu upp í framfærslu barna sóknaraðila. Með hverjum hætti slíkt var gert er hins vegar ekki fullljóst enda langt liðið frá atburðum. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður eins og mál þetta liggur fyrir ekki annað fullyrt en að eðlilega hafi verið staðið að málum af hálfu varnaraðila við greiðslu á andvirði þeirra sex tékka sem þessi hluti málsins snýst um. Er kröfum sóknaraðila um endurgreiðslu andvirðisins því hafnað.

Hins vegar kvartar sóknaraðili undan því að hinn 29. desember 1995 hafi verið teknar út af sparisjóðsbók hans nr. xxxx kr. 484.458,10 án þess að fyrir lægi heimild

sóknaraðila til úttektarinnar. Fyrir liggur að hinn 5. desember 1995 stofnaði sýslumaðurinn Z sparisjóðsbók nr. xxxx í nafni sóknaraðila í útibúi varnaraðila á X. Voru við stofnunina lagðar inn á bókina kr. 391.742,- og kr. 92.515,- eða samtals kr. 484.257,-. Í málinu liggur fyrir bréf sýslumanns Z til sóknaraðila, dagsett 4. desember 1995, þar sem honum er tilkynnt að embætti sýslumanns hafi móttengið greiðslur vegna tveggja jarða og beri sóknaraðila í samræmi við eignarhluta hans samtals kr. 484.257,-. Kemur jafnframt fram í bréfinu að umrædd fjárhæð hafi verið lögð inn á sparisjóðsbók nr. xxxx á nafni sóknaraðila og sé bókin í vörslum varnaraðila.

Ekki verður hjá því litið að sýslumaður Z stofnaði í nafni sóknaraðila sparisjóðsbók í útibúi varnaraðila á X og lagði þar inn fjárhæðir sem svaraði eignarhluta sóknaraðila í uppboðsandvirði tveggja jarða. Umræddur sparisjóðsreikningur var stofnaður í nafni sóknaraðila hinn 5. desember 1995 og inn á hann lagt fé sem hann var eigandi að. Fór hann frá og með þeim tíma einn með umráð reikningsins, en sparisjóðsbókin var í vörslu varnaraðila. Hefur varnaraðili hvorki sýnt fram á að fyrir hafi legið heimild sóknaraðila til úttektar þá er sýslumaður Z tók fé sóknaraðila út af sparisjóðsreikningnum hinn 29. desember 1995, samtals kr. 484.458,10, né að fyrir herði hafi verið aðrar lögmætar heimildir til úttektar. Breytir hér engu þótt umrædd bankabók hafi verið stofnuð með leyninúmeri og hún ekki verið í vörslu sóknaraðila eða rithandarsýnishorn hans ekki til staðar hjá varnaraðila. Þá skiptir engu þótt sami aðili og stofnaði reikninginn í nafni sóknaraðila á sínum tíma hafi tekið út úr bókinni. Verður varnaraðili því að bera ábyrgð á því gagnvart sóknaraðila að hafa heimilað umrædda úttekt án þess að séð verði að fullnægjandi heimild hafi verið fyrir henni.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að varnaraðili skuli greiða sóknaraðila kr. 484.458,10. Rétt þykir að fjárhæðin beri vexti samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 frá 29. desember 1995 til 1. júlí 2001 en með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, F, greiði sóknaraðila, M, kr. 484.458,10 auk vaxta samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987 frá 29. desember 1995 til 1. júlí 2001 en með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Reykjavík, 15. janúar 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, þriðjudaginn 15. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Gunnar Viðar, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2001**:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 29. nóvember 2001 með kvörtun R, hrl., f.h. sóknaraðila, dagsettri 26. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. nóvember 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 7. janúar 2002 með bréfi hans, dagsettu 6. janúar 2001 (sic). Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. janúar 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 11. janúar 2002. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 4. desember 2001 og 8. og 15. janúar 2002.

II.

Málsatvik.

Hinn 29. mars 2000 gerðu aðilar máls þessa með sér samning um hlutabréfaviðskipti, svokallaðan skiptasamning. Var gildistími samningsins frá samningsdegi til 29. júní 2000. Svonefnd viðmiðunarbref í samningnum voru hlutabréf í D, alls 910 hlutir í eigu varnaraðila, sem varnaraðili myndi í samráði við sóknaraðila selja í einu lagi eða nokkrum hlutum á gildistíma samningsins. Var sá dagur, sem varnaraðili myndi selja bréfin að einhverju leyti eða öllu, nefndur reikningsdagur í samningi aðila. Viðmiðunargengi bréfanna var 22,763. Nafnverð þeirra bréfa sem varnaraðili seldi í hvert sinn á gildistíma samningsins nefndist reikningsupphæð. Eru í samningnum nánari ákvæði um vexti, vaxtatímabil, heildarvaxtaupphæðir í bandarískum dölum og svonefndar vaxtareiknupphæðir (sic) sem reiknaðar eru út samkvæmt aðferð, sem nánar er lýst í samningnum. Þá er ennfremur að finna þar ákvæði um útreikning vaxtagreiðslu.

Samkvæmt samningi aðila skyldu greiðslur fara fram milli aðila samningsins á svonefndum reikningsdegi vegna undangengins vaxtatímabils, sem taldist frá fyrsta vaxtadegi til reikningsdags. Skyldi varnaraðili greiða sóknaraðila, ef gengi bréfanna á reikningsdegi væri hærra en viðmiðunargengið, mismuninn á annars vegar verði bréfanna

á þeim degi að nafnvirði sem samsvaraði reikningsupphæð miðað við markaðsgengi og hins vegar verði bréfanna á umræddum degi að nafnvirði sem samsvaraði reikningsupphæð miðað við viðmiðunargengi. Með reikningsupphæð var átt við nafnverð bréfanna sem varnaðili seldi í hvert sinn.

Þá skyldi sóknaraðili greiða varnaðila vexti á hverja svonefnda vaxtareiknupphæð (sic) samkvæmt nánari ákvæðum um útreikning þeirra. Þá skyldi sóknaraðili og greiða varnaðila, ef viðmiðunargengi bréfanna var hærra en markaðsgengi þeirra á reikningsdegi, mismuninn á annars vegar verði bréfanna á þeim degi að nafnvirði sem samsvaraði reikningsupphæð miðað við viðmiðunargengi og hins vegar verði bréfanna umræddan dag að nafnvirði sem samsvaraði reikningsupphæð miðað við markaðsgengi þeirra. Til viðbótar skyldu fara fram gjaldmiðlaskipti þar sem sóknaraðila skyldi greiða varnaðila margnefnda vaxtareiknupphæð (sic) en varnaðili skyldi greiða sóknaraðila viðmiðunarpupphæð þá sem áður var nefnd.

Hinn 31. mars gerðu málsaðilar annan samskonar samning um hlutabréf í N, alls 120 hluti (XXX2264).

Í samningum aðila voru ákvæði um að sóknaraðili legði fram verðbréf að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu af hans hálfu. Ábyrgðist sóknaraðili að verðmæti bréfa í vörslu varnaðila færi aldrei undir tiltekna fjárhæð. Þá var mælt fyrir um að varnaðili gæti krafist þess að sóknaraðili legði fram viðbótartryggingar en verðmæti þeirra skyldi þó aldrei nema hærri upphæð en sem næmi 30% af ígildi heildarvaxtaupphæða í íslenskum krónum á hverjum tíma. Var varnaðila veitt heimild til að nýta tryggingarnar á hvern þann hátt sem félagið teldi henta til greiðslu skuldbindinga sóknaraðila samkvæmt samningum aðila. Í báðum samningunum er ákvæði þess efnis að sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér eðli skiptasamninga og að hafa aflað sér sérfræðiráðgjafar þriðja aðila áður en hann undirritaði samninginn.

Áður en til fyrrgreindra viðskipta kom höfðu aðilar gert með sér skiptasamning (XXX1588), dags. 13. janúar 2000 þar sem um var að ræða hlutabréf í Ö. Var honum lokað 24. nóvember 2000 og hagnaðist sóknaraðili um kr. 928.872. Höfðu aðilar áður samþykkt skilmálabreytingar hinn 13. október 2000. Hinn 2. júní 2000 gerðu aðilar ennfremur með sér skiptasamning um bréf í sama félagi. Var honum lokað 25. september 2000 og tapaði sóknaraðili kr. 29.493.- á þeim samningi samkvæmt upplýsingum varnaðila.

Með bréfi varnaðila til sóknaraðila, dagsettu 24. ágúst 2000, var sóknaraðili krafinn um frekari tryggingar og jafnframt bent á að hafa samband við varnaðila óskaði hann eftir að loka samningum aðila. Var krafan ítrekuð með bréfi varnaðili, dagsettu 14. nóvember 2000. Hinn 29. júní 2000 og aftur 15. janúar 2001 samþykktu aðilar skilmálabreytingu á skiptasamningi XXX2211. Hinn síðarnefnda dag samþykktu aðilar ennfremur skilmálabreytingu á skiptasamningi XXX2264. Var sóknaraðila þá jafnframt send með rafpósti upplýsingar um stöðu samninganna. Sóknaraðili var krafinn um frekari tryggingar með rafpósti 13. febrúar 2001 og honum gefið upp reikningsnúmer varnaðila með rafpósti 15. sama mánaðar. Enn gerði varnaðili kröfu um frekari tryggingar með bréfi til sóknaraðila, dagsettu 22. ágúst 2001. Þá munu aðilar hafa ræst við símleiðis nokkrum sinnum.

Lögmaður sóknaraðila sendi varnaðila bréf, dagsett 4. september 2001, þar sem hann neitaði greiðsluskyldu og krafðist afhendingar á verðbréfum í vörslu varnaðila. Hafnaði varnaðili kröfu sóknaraðila með bréfi, dagsettu 11. september 2001. Lögmaður

sóknaraðila ítrekaði erindi hans með bréfi til varnaraðila, dagsettu 17. október 2001. Þann sama dag var samningum aðila lokað og verðbréf í vörslu varnaraðila notuð til greiðslu skuldar sóknaraðila samkvæmt uppgjöri. Var tap sóknaraðila af skiptasamningi XXX2211, dagsettum 29. mars 2000, alls kr. 2.316.315,- og af skiptasamningi XXX2264, dagsettum 31. mars 2000 alls kr. 2.422.918,-. Samtals nam tap sóknaraðila af umræddum tveimur skiptasamningum kr. 4.739.233,-. Voru verðbréf í vörslu varnaraðila að fjárhæð kr. 3.509.429,- notuð til greiðslu skuldarinnar. Eftirstöðvar eru því kr. 1.229.804,-.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðila verði með úrskurði gert að fella niður kröfur á hendur sóknaraðila að fjárhæð samtals kr. 4.739.233,-. Er krafan byggð á tveimur yfirlitum, dagsettum 20. september 2001. Gerð er krafa um að öll skuldin verði felld niður án tillits til þess hvemig verðbréfaeign sóknaraðila hefur verið ráðstafað.

Sóknaraðili kveðst hafa gert framvirkan samning við varnaraðila í gegnum síma í janúar 2000 en undirritað samning nokkru síðar. Sama hafi verið upp á teningnum þá er hann gerði samning um kaup á bréfum í D. Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir að gera samning við varnaraðila um kaup á hlutabréfum í N fyrir kr. 2.000.000,-. Hafi sami háttur verið hafður á við samningsgerðina og áður. Sóknaraðili kveðst engar skýringar hafa fengið á samningum þessum eða um eðli þeirra eða áhættu sem þeim fylgdi.

Sóknaraðili segist hafa um mitt sumar 2000 fengið bréf frá varnaraðila þar sem hann var krafinn um frekari tryggingar vegna samninganna. Hafi hlutabréfamarkaður þá hrunið og gengi bréfanna lækkað mjög. Kveðst sóknaraðili þá saman hafa farið að skilja að samningar þessir væru flóknari og áhættusamari en hann hugði í fyrstu. Hafi hann þá farið yfir samninga aðila en skilið jafn lítið og áður. Hann hafi hins vegar ákveðið eftir símtöl við ráðgjafa varnaraðila að biða þess að gengi bréfanna hækkaði aftur. Segir sóknaraðili að sér hafi reglulega borist bréf frá varnaraðila þar sem hann var krafinn um frekari tryggingar.

Sóknaraðili kveður starfsmann varnaraðila hafa lagt hart að honum að loka samningi um kaup á bréfum í Ö í desember 2000. Hafi sóknaraðili hagnast um rúmlega eina milljón króna á samningnum en ekki getað leyst út hagnaðinn þar sem honum hafi verið tjáð að upphæðin væru til tryggingar samningum um kaup á bréfum í D og N. Hafi þá runnið upp fyrir sóknaraðila að hann þyrfti að leggja fram tryggingar fyrir tapi af samningnum auk 30% af samningsupphæðunum.

Sóknaraðili kveðst hafa framlengt samninga um bréfin í D og N í janúar þar sem hann hafi þá ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að gera þá upp. Þá hafi lækkun gengis íslensku krónunnar lækkað mjög vorið 2001 án þess að honum hafi verið ljóst fyrirfram að gengislækkunin hefði veruleg áhrif á samninga aðila. Hafi honum ekki verið ljóst að um gengistryggt lán hafi verið að ræða.

Sóknaraðili kveðst neita greiðsluskyldu þar sem samningar hans við varnaraðila séu hvorki í samræmi við ákvæði laga um neytendalán nr. 121, 1994 né ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Þá sé framganga starfsmanna varnaraðila við samningsgerðina í andstöðu við lög og ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verði til slíkra sérfróða aðila. Heldur sóknaraðili því fram að form samninganna sé algerlega óskiljanlegt. Hafi hann eftir á að hyggja engan veginn gert sér grein fyrir hvað í samningnum fælist heldur treyst starfsmönnum varnaraðila. Sé form samningsins þess

eðlis að erfitt sé að átta sig á því hvað í þeim felist. Beri þeir ekki með sér með skýrum hætti hverjar séu í raun samningskyldur aðila en slíkt brjóti í bága við 17. gr. laga nr. 13, 1996. Sé ómögulegt að átta sig á því í samningunum til hvers sé ætlast af sóknaraðila. Þá gefi texti þeirra tilefni til að ætla að varnaraðili sé eigandi þeirra. Telur sóknaraðili að það hafi staðið varnaraðila nær að taka af öll tvímæli um efni samninganna, en allan vafa í þeim efnunum verði að skýra sóknaraðila í hag. Sóknaraðili vísar m.a. máli sínu til stuðnings til rafpósts sem varnaraðili hafi sent þriðja aðila og hafði að geyma upplýsingar um D.

Sóknaraðili heldur því fram að honum hafi aldrei verið gerð grein fyrir hvað samningarnir þýddu í raun og veru eða hversu áhættusamir þeir væru. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til 27., sbr. 15. og 20. gr. laga nr. 13, 1996 og II. kafla laga nr. 121, 1994. Hafi honum ekki orðið ljóst fyrir en síðar hversu áhættusamir, margslungnir og flóknir samningarnar voru. Hafi honum ekki verið ljóst að gengisáhætta eða áhætta af þróun á gengi hlutabréfanna væri hans eða að hann þyrfti að leggja fram tryggingar fyrir tapi af samningunum auk 30% af samningsfjárhæð sem eingöngu er mælt fyrir um í ákvæðum þeirra.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili sé sérfróður í verðbréfiðskiptum og hafi staða aðila því verið ójöfn í viðskiptunum. Þá verði að líta til þess að varnaraðili hafi verið að eiga viðskipti með eigin bréf, sbr. 20. gr. laga nr. 13, 1996. Þá vísar sóknaraðili til 27. gr. sömu laga þar sem gert sé ráð fyrir að sala til annarra en fagfjárfesta, sem ekki falli undir reglur um almennt útboð, sé háð því að lagt hafi verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinar. Hafi sóknaraðili enga reynslu eða sérþekkingu haft á verðbréfiðskiptum.

Með vísan til framangreinds telur sóknaraðili að varnaraðili beri ábyrgð á tjóni sóknaraðila þar sem varnaraðili hafi ekki borið sig til við samningagerðina með lögmaetum hætti og ekki gert sóknaraðila grein fyrir þeirri áhættu sem henni fylgdi. Verði varnaraðili því sjálfur að bera það tjón sem félagið kunnið að hafa orðið fyrir vegna samninganna.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili hafnar alfarið bótaábyrgð á fyrrgreindum viðskiptum aðila og krefst þess að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að mál þetta megi rekja til verðbréfiðskipta sem sóknaraðili átti fyrir milligöngu varnaraðila á árinu. Hafi hann gert alls fjóra skiptasamninga og hafi þeim verið framlengt fram yfir upphaflegan gildistíma í a.m.k. sex skipti. Hafi tap sóknaraðila numið alls kr. 3.731.248,-. Hafi hann jafnan lagt út fyrir tapinu með því að leggja fram frekari tryggingar eða með sölu á verðbréfum í vörslu hjá félaginu. Hafi sóknaraðili staðið í skuld við varnaraðila þá er viðskiptum þeirra lauk.

Varnaraðili kveður viðskipti aðila felast í skiptasamningum með hlutabréf og feli samningarnar í sér uppgjörssákvæði sem byggist á breytingu hlutabréfa verðs á ákveðnu tímabili. Sé andvirði samninganna því fyrst og fremst háð undirliggjandi verðmætum þeirra, nánar tiltekið breytingu á viðmiðunargengi þeirra hlutabréfa sem tilgreind eru í hverjum samningi. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili fari aðeins fram á niðurfellinguna á kröfu á þeim tveimur samningum þar sem tap hafi verið verulegt, þrátt fyrir að hafa gert fjóra samskonar samninga.

Varnaraðili segir óhagstæða þróun á verðbréfamörkuðum hafa gert það að verkum að samningarnir í D og N hafi fljótlega farið að mynda neikvæða stöðu og hafi hagnaður af fyrri samningi aðila í Ö minnkað smátt og smátt. Kveður varnaraðili að sóknaraðili hafi mátt gera sér grein fyrir áður en hann gerði samninga um bréf í D og N að um mjög áhættusöm viðskipti væri að ræða. Bendir varnaraðili á að á þeim tíma sem samningarnir voru gerðir hafi staða fyrsta samningsins í Ö verið jákvæð um rúmar 1,5 milljónir króna. Þá vísar varnaraðili til þess að óumdeilt sé að sóknaraðili hafi sjálfur komið að málum við varnaraðila og óskað eftir að gera umrædda samninga og hafi viðskiptin alfarið verið að frumkvæði og á ábyrgð sóknaraðila. Ennfremur bendir varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi undirritað yfirlýsingu um að hann hafi kynnt sér eðli skiptasamninga og aflað sér sérfræðiráðgjafar frá þriðja aðila áður en hann undirritaði samningsskilmálana.

Varnaraðili mótmælir því að samningar aðila hafi verið óskiljanlegir eða svo óskýrir að það geti talist vera brot á 17. gr. laga nr. 13, 1996. Bendir varnaraðili á að ástæða hafi þótt til að gera skriflega samninga við sóknaraðila til staðfestingar á þeim samningsskilmálum sem um var samið. Þá hafnar varnaraðili því að brotið hafi verið gegn ákvæðum 15. gr. umræddra laga. Hafi sóknaraðila verið gerð grein fyrir að viðskiptin væru áhættusöm og sérstaklega að lítið væri vitað um hlutabréf í D og væri því um sérstaklega mikla áhættu að ræða í því tilviki. Ennfremur bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi getað fylgst með gengi þeirra hlutabréfa sem miðað var við, en hann hafi að auki fengið yfirlit yfir stöðu samninganna og verið í tíðum síma- og tölvusamskipum við varnaraðila. Hafi hann því verið vel upplýstur um stöðu samninganna hverju sinni. Þá komi skýrt fram í samningunum í hvaða mynt þeir séu gerðir. Sömu sögu sé að segja um skjöl sem framlengdu gildistíma samninganna.

Varnaraðili hafnar því að hann hafi átti í viðskiptum með eigin bréf og komi 20. gr. laga nr. 13, 1996 því ekki til álita í málinu. Þá verði ekki séð að brotið hafi verið gegn ákvæðinu þó það kæmi til álita, hvað þá að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni sem rekja mætti til brots á 20. gr. og ætti þar af leiðandi rétt á bótum eða væri stætt að neita greiðsluskyldu af þeim sökum.

Varnaraðili vísar til þess að ákvæði 27. gr. laga nr. 13, 1996 sé nýmæli og hafi tekið gildi 1. janúar 2001 en umþrættir samningar hafi verið gerðir á fyrri hluta ársins 2000. Eigi ákvæðin því ekki við í málinu. Þá hafnar varnaraðili því að ákvæði laga um neytendalán eigi við um afleiðusamninga sem þessa heldur fari um þá samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfavíðskipi. Þá sé heldur ekkert sem bendi til þess að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum laga um neytendalán þó svo að þau ættu við í málinu. Loks bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við viðskiptin fyrr en með bréfi lögmanns hans, dagsettu 4. september 2001, eða rúmum 17 mánuðum eftir að viðskiptin áttu sér stað. Hafi sóknaraðili og sjálfur ákveðið að halda samningunum áfram þrátt fyrir að staða þeirra versnaði frá einum mánuði til annars og þrátt fyrir að starfsmaður varnaraðila hafi ráðlagt sóknaraðila að takmarka áhættuna með því að loka opnum samningum. Kveðst varnaraðili ekki með nokkru móti geta fallist á að bera ábyrgð á ákvörðunum sem sóknaraðili hafi tekið sjálfur og leitt hafi sífellt til meira taps en fyrir var.

V.**Niðurstaða.**

Í máli þessu liggur fyrir að aðilar gerðu fjórum sinnum með sér samninga um hlutabréfaviðskipti, svokallaða skiptasamninga, á tímabilinu frá 13. janúar - 31. mars 2000. Snérust tveir þeirra um hlutabréf í Ö sá þriðji um bréf í D og hinn fjórði um bréf í N. Við uppgjör samninganna hagnaðist sóknaraðili um rúmar 900.000,- krónur á fyrsta samningnum, tapaði tæpum 30.000,- krónum á næsta og alls rúmunum 4,7 milljónum króna á tveimur síðustu samningunum. Snýr kvörtun sóknaraðila að þeim viðskiptum.

Þeir samningar, sem mál þetta snýst um, eru svokallaðir afleiðusamningar, sbr. nú 21. tölul. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 13, 1996, sbr. 1. gr. laga nr. 164, 2000. Er þar um að ræða samninga þar sem uppgjörskvæði byggist á breytingu einhvers þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Andvirði slíkra samninga er háð breytingu þessara viðmiðunarþátta á tilteknu tímabili. Um afleiðuviðskipti málsaðila á þeim tíma sem samningar þeirra í millum voru gerðir fór samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti. Ákvæði laga um neytendalán nr. 121, 1994 eiga því ekki við um viðskipti aðila.

Ekki verður hjá því litið að sóknaraðili hafði sjálfur frumkvæði að þeim viðskiptum aðila sem hann kvartar nú yfir. Verður rafpóstur sá frá varnaraðila sem þriðja manni barst engan veginn skilinn sem hvatning til sóknaraðila um gerð samninga við varnaraðila. Þrátt fyrir að ákvæði samninga aðila séu ekki svo skýr sem kostur væri kemur skýrt fram í samningunum að greiðslur fari milli aðila samningsins á svonefndum reikningsdegi og að sóknaraðili greiði varnaraðila þá vexti á hverja vaxtareiknupphæð (sic). Er í samningunum tilgreint hvernig sú vaxtagreiðsla skuli reiknuð út. Þá er og mælt fyrir um að sóknaraðili skuli greiða varnaraðila mismun á nafnverði bréfanna annars vegar miðað við viðmiðunargengi þeirra og hins vegar markaðsgengi. Á móti skyldi varnaraðili greiða sóknaraðila greiðslur, sem áður hafa verið tíundaðar. Þá er mælt fyrir um gjaldmiðlaskipti milli aðila þar sem hvor skyldi greiða hinum svo sem nánar er gerð grein fyrir í samningunum. Þar er og að finna skýr ákvæði um þær tryggingar sem sóknaraðila var gert að leggja fram og þær viðbótartryggingar sem varnaraðili gat krafist. Ennfremur er til þess að líta að sóknaraðili lýsti því yfir við samningsgerðina að hann hefði kynnt sér eðli skiptasamninga og aflað sér sérfræðiráðgjafar þriðja aðila áður en hann undirritaði samningana. Er ekkert fram komið sem bendir til annars en að sóknaraðili hafi mátt vera vel upplýstur um eðli þeirra samninga sem hann gerði við varnaraðila og þá áhættu sem þeim var samfara. Þá verður heldur ekki annað ráðið en að sóknaraðili hafi ítrekað verið upplýstur af varnaraðila um stöðu samninganna, en hafi eftir sem áður kosið að framlengja þá í stað þess að ganga til uppgjörs, en varnaraðili hafði bent sóknaraðila á leiðir í þeim efnum. Með vísan til framanritaðs, gagna málsins og atvika að öðru leyti verður ekki annað ráðið en að eðlilega hafi verið staðið að málum af hálfu varnaraðila í viðskiptum hans við sóknaraðila og í samræmi við gildandi lög á þeim tíma um verðbréfaviðskipti. Rétt er að taka sérstaklega fram að 27. gr. gildandi laga um verðbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 163, 2000, öðlaðist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2001, sbr. 10. gr. laga nr. 163, 2000, og kemur því ekki til álita við úrlausn máls þessa.

Með vísan til alls þess er að framan greinir er kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:
Kröfum sóknaraðila, M á hendur varnaraðila, F er hafnað.

Reykjavík, 15. janúar 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Gunnar Viðar

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, miðvikudaginn 23. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Gunnar Viðar og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2001**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 13. desember 2001 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. desember 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 4. janúar 2002 með bréfi hans, dagsettu 3. sama mánaðar. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. janúar 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 7. janúar 2002. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8., 15. og 23. janúar 2002.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili lýsir málsatvikum svo að hann hafi verið skuldari veðskuldabréfs í eigu L, sem gefið hafði verið út 3. nóvember 1996. Var bréfið upphaflega að fjárhæð kr. 2.700.000.- og skyldi greiðast með 75 afborgunum með fjögurra mánaða millibili, í fyrsta sinn 1. mars 1997. Var bréfið bundið vísitölu neysluverðs og skyldi bera 7,95% ársvexti. Var bréfið tryggt með veði í fasteign sóknaraðila í Reykjavík. Greindur L, sem var framsalshafi bréfsins, fól varnaraðila innheimtu þess.

Hinn 15. apríl 1999 seldi sóknaraðili ofangreinda fasteign sína fyrir milligöngu löggilts fasteignasala. Hafði umræddur fasteignasali áður leitað eftir upplýsingum frá varnaraðila um hvert væri uppgreiðsluverðmæti fyrrgreinds veðskuldabréfs. Á yfirliti, dagsettu síðastnefndan dag, sem óumdeilt er að varnaraðili sendi fasteignasalanum, kemur fram að uppgreiðsla veðskuldabréfsins sé kr. 2.739.573,90 og uppgreiðsluverðmæti sama fjárhæð. Við kaupsamningsgerð samdist svo um með sóknaraðila og kaupanda eignar hans að kaupandinn myndi annast uppgreiðslu veðskuldarinnar fyrir milligöngu fjármálafyrirtækisins F. Undirrituðu þeir skjal þess efnis að F skyldi annast greiðslu á veðskuldinni, að áðurnefndri fjárhæð, og ráðstafa til þess láni sem kaupandi

myndi taka hjá fjármálafyrirtækinu F. Í skjalinu er varnaraðili ranglega sagður eigandi bréfsins.

Fjármálafyrirtækið F hafði milligöngu um uppgreiðslu bréfsins og var það greitt til umrædds L, sem tekið hafði bréfið úr innheimtu hjá varnaraðila. Samkvæmt upplýsingum sóknaraðila var uppgreiðslan háð því að greitt væri markaðsverð bréfsins ásamt uppgreiðsluálagi, samtals kr. 3.369.962,- og var það sú fjárhæð, sem fjármálafyrirtækið F, innti af hendi til L. Um þetta varð sóknaraðila að eigin sögn ekki kunnugt fyrir en við útgáfu afsals 14. apríl 2000.

Sóknaraðili krefur varnaraðila nú um bætur fyrir tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna meintrar rangrar upplýsingagjafar varnaraðila. Hafnaði varnaraðili kröfum sóknaraðila með bréfi, dagsettu 7. nóvember 2001, og var málinu skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 13. desember 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðili greiði sér kr. 549.913,- auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga 25, 1987 frá 30. júní 1999 til 30. júní 2001 en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Er þess krafist að úrskurðað verði að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfu á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. júní 2000, en síðan árlega þann dag (sic).

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi gefið út vottorð sem glögglega hafi sýnt uppgreiðsluverðmæti umrædds veðskuldabréfs. Hafi fasteignasali sérstaklega sótt eftir þessum upplýsingum í tengslum við sölu fasteignar. Telur sóknaraðili að starfsmönnum varnaraðila hafi mátt vera ljóst í hvaða tilgangi upplýsingamar voru veittar. Hafi sóknaraðili tekið upplýsingarnar trúanlegar enda gefnar af innheimtuaðila (sic) veðskuldabréfsins, sem sé fjármálastofnun. Hafi varnaraðili enga fyrirvara eða athugasemdir gert við útgáfu upplýsinganna. Telur sóknaraðili að einstaklingar hljóti að geta lagt allt sitt traust á að skriflegar upplýsingar frá félagi með starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki séu réttar og áreiðanlegar. Hafi sóknaraðili verið grandalaus fram að útgáfu afsals um að upplýsingarnar væru rangar. Sóknaraðili kveður að hann hefði gripið til annarra rástafana með umrætt lán hefði rétt uppgreiðsluverðmæti verið gefið upp af varnaraðila.

Sóknaraðili kveður höfuðstól umkrafinnar fjárhæðar vera mismun þeirrar uppgreiðslu sem fjármálafyrirtækið F, innti af hendi hinn 30. júní 1999 (kr. 3.369.962,-) og þess uppgreiðsluverðmætis sem varnaraðili hafi gefið upp með yfirliti sínu, dagsettu 15. apríl 1999, framreiknað (kr. 2.739.573,-) með vöxtum til 30. júní 1999 (kr. 45.203,-), samtals kr. 549.913,-. Þá er gerð krafa um dráttarvexti af fjárhæðinni eins og fyrir er rakið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili hafnar kröfum sóknaraðila. Kveður varnaraðili ekkert liggja fyrir um það með hvaða hætti beiðni um upplýsingar barst félaginu. Veiti fyrirspurn frá fasteignasölu enga vissu fyrir því að til standi að greiða viðkomandi bréf upp. Telur varnaraðili að líta verði svo á að það sé sóknaraðila að sanna að beiðni um upplýsingar hafi borist með þeim hætti sem hann heldur fram og að það hafi þá verið tekið fram að til staði að nota viðkomandi upplýsingar í tengslum við mögulega uppgreiðslu.

Varnaraðili kveður uppgreiðsluverðmæti bréfsins vera þá fjárhæð sem varnaraðili hafi gefið upp miðað við þann tiltekna dag og þau gögn sem þá voru tiltæk, þ.e. skuldabréfið sjálft. Hafnar varnaraðili því alfarið að með því að gefa umræddar upplýsingar hafi hann verið að heimila uppgreiðslu. Megi engan veginn líta á útskrift úr kerfum varnaraðila sem yfirlýsingu um slíkt. Varnaraðili segir enga uppgreiðsluheimild hafa verið í bréfinu og hafi greiðanda þess og þeim er aflaði upplýsinga fyrir hans hönd mátt vera það ljóst að kröfuhafi gæti einn heimilað uppgreiðslu. Í tölvuútskrift varnaraðila hafi komið skýrt fram hvernig staða bréfsins hafi verið fengin, svo að um væri að ræða innheimtubréf. Þá bendir varnaraðili á að engin athugasemd hafi verið gerð af hálfu fasteignasalans eða fjármálafyrirtækisins F, þegar greitt var til eiganda bréfsins þrátt fyrir þann mikla mun sem var á upplýsingum sem aflað hafði verið og greiðslu þeirri sem krafist var.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um ábyrgð varnaraðila á upplýsingum sem hann gaf um stöðu láns sem hann hafði til innheimtu fyrir þriðja aðila og uppgreiðsluverðmæti þess. Ekki er um það deilt að varnaraðili var ekki eigandi umrædds bréfs heldur annaðist eingöngu innheimtu greiðslna af því í samræmi við ákvæði þess. Hafði varnaraðili því enga heimild til að heimila svonefnda uppgreiðslu bréfsins. Verður hefðbundið yfirlit hans um stöðu láns ekki skilin á þann veg að í því felist heimild eiganda skuldabréfsins til handa skuldara þess eða öðrum að greiða upp bréfið. Mátti sóknaraðila og þeim, er hafði milligöngu um sölu fasteignar sóknaraðila, vera ljóst að til uppgreiðslu margnefnds skuldabréfs þyrfti heimild eiganda þess. Var það því háð ákvörðun eigandans hvort og þá með hvaða kjörum uppgreiðsla bréfsins yrði heimiluð. Ekki verður talið að á varnaraðila hafi hvílt skylda til að leita til eiganda bréfsins áður en hann lét í té venjulegt yfirlit um stöðu lánsins í því skyni að afla heimildar til hugsanlegrar uppgreiðslu þess eða upplýsinga um greiðslukjör. Verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að varnaraðila hafi borist beiðni um uppgreiðslu lánsins eða gögn um að slíkt stæði til. Þá verður ekki heldur fram hjá því litið að á skjali því, sem sóknaraðili ritar undir ásamt kaupanda fasteignarinnar og hefur að geyma beiðni um ráðstöfun láns fjármálastofnunarinnar F, kemur glögglega fram að sóknaraðila sé ljóst að ef uppgreiðsluverðmæti tilgreinds láns reyndist herra en í skjalinu greindi yrði sú tala sem skuldareigandi gæfi upp á greiðsludegi greidd svo framarlega sem andvirði lánsins hrykki til.

Með vísan til alls framanritaðs er kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M á hendur fjármálafyrirtækinu F er hafnað.

Reykjavík, 23. janúar 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Gunnar Viðar

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Ár 2002, miðvikudaginn 23. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2001:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 13. desember 2001 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. desember 2001, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 10. janúar 2002 með bréfi hans, dagsettu sama dag. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. janúar 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 14. janúar 2002. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8., 15. og 23. janúar 2002.

II.

Málsatvik.

Með samningi, dagsettum 22. mars 2000, fól sóknaraðili L, að annast verðbréfavíðskipti fyrir sína hönd. Samkvæmt samningnum voru engar hömlur á því hvaða bréf L keypti eða seldi, en mælt var fyrir um að hann skyldi ávallt kappkosta að kaupa og selja þau bréf sem hann teldi hagstæðast hverju sinni. Skyldu bréfin öll vera skráð á nafn sóknaraðila, en kaup- og sölukvittanir skyldu sendast að heimili umboðsmanns sóknaraðila, sem skyldi hafa umsjón með öllum hlutabréfum sem keypt væru í nafni sóknaraðila. Þá var kveðið á um að umboðsmaðurinn skyldi um hver mánaðarmót senda frá sér yfirlit yfir stöðu mála og skýringum á því hvað hann hefði keypt eða selt. Þóknun umboðsmannsins skyldi vera 10% af hagnaði viðskiptanna.

Fyrirgreindur samningur tók gildi fyrirgreindan dag, 22. mars 2000. Daginn eftir sendi umboðsmaður sóknaraðila honum símbréf þar sem hann kvaðst hafa stofnað reikning í eigin nafni nr. xxxxx. Hinn 28. mars 2000 millifærði eiginkona sóknaraðila fyrir hans hönd kr. 5.000.000,- inn á umræddan reikning umboðsmannsins. Mun umboðsmaðurinn hafa stofnað reikning nr. xxxxx hjá varnaraðila í nafni sóknaraðila og millifært inn á hann kr. 2.000.000,-. Reikninginn veðsetti umboðsmaðurinn hinn 28. mars 2000 varnaraðila f.h. sóknaraðila til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum

skuldum og fjárskuldbindingum sóknaraðila við varnaraðila hvenær sem þær hefðu stofnast eða myndu stofnast, og í hvaða formi sem væri og í hvaða gjaldmiðli sem væri.

Síðastgreindan dag gerði umboðsmaður sóknaraðila fyrir hans hönd svokallaðan skiptasamning við varnaraðila nr. xxxx. Var lokadagur samningsins 2. október 2000 og skyldi sóknaraðili þann dag greiða tilteknar fjárhæðir í erlendum fjárhæðum auk vaxta frá 30. mars 2000 til lokadags. Var höfuðstóllinn kr. 5.148.213,- við gerð samningsins. Útreiknuð greiðsla á höfuðstól og vöxtum í erlendum gjaldmiðlum skyldi umreiknuð í íslenskar krónur miðað við meðaltal almenns sölugengis hlutaðeigandi gjaldmiðla tveimur bankadögum fyrir lokadag samningsins. Þá skyldi sóknaraðili enn fremur greiða nánar tilgreinda þóknun. Varnaraðili skyldi hins vegar greiða markaðsvirði hlutabréfa að nafnvirði kr. 70.800,- í K. miðað við það markaðsgengi sem varnaraðili byði tveimur bankadögum fyrir lokadag. Við samningsgerð var miðað við gengið 72,3531 og verðmæti bréfanna samkvæmt því kr. 5.122.600,-. Þá var mælt fyrir um það í samningnum að greiðslum samningsaðila skyldi ávallt skuldajafnað þannig að aldrei kæmi til greiðslu á öðru en mismuninum á greiðsluskyldu samningsaðila. Uppgjör milli aðila fór fram á lokadegi og nam tap sóknaraðila kr. 500.000,-. Sama dag gerði umboðsmaður sóknaraðila annan samning nr. xxxx sama efnis við varnaraðila, sem fól í sér framlengingu hins fyrri. Var lokadagur þess samnings 2. apríl 2001.

Hinn 6. júní 2000 gerði umboðsmaður sóknaraðila fyrir hans hönd skiptasamning nr. xxx við varnaraðila. Var hann sama efnis og hinn fyrri með lokadegi 6. desember 2000. Um lægri fjárhæðir var þó að ræða. Virðist samningi þessum hafa verið framlengt og var hann gerður upp 22. janúar 2001. Samkvæmt uppgjöri varð tap sóknaraðila á samningnum kr. 150.000,-. Var gerður nýr samningur milli aðila síðastgreindan dag nr. xxxx sem fól í sér framlengingu hins fyrri. Skyldi hann gerast upp 23. júlí 2001. Samkvæmt yfirliti varnaraðila, dagsettu 7. júní 2001, var staða skiptasamninga nr. xxxx og xxxx neikvæð fyrir sóknaraðila um sem nam kr. 4.219.770,-.

Hinn 29. júní 2001 ritaði lögmaður sóknaraðila umboðsmanni hans bréf þar sem tilkynnt var um riftun samnings sóknaraðila og umboðsmannsins frá 22. febrúar 2000. Var umboðsmaðurinn krafinn um greiðslu á kr. 1.000.000,- af fé sóknaraðila sem vera átti í fórum umboðsmannsins. Þá var tilkynnt um að viðskipti umboðsmannsins við sóknaraðila yrðu kærð til lögreglu bærst greiðsla ekki fyrir tilgreindan dag.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 6. júlí 2001, var þess krafist að varnaraðili létti handveði af fyrrgreindum reikningi, sem umboðsmaður sóknaraðila hafði stofnað í hans nafni. Jafnframt var gerð krafa um lausn undan greiðsluskyldu og að skiptasamningar aðila yrðu felldir úr gildi. Þá var krafist endurgreiðslu á kr. 2.000.000,- sem lagðar voru inn á reikninginn, auk vaxta. Erindið var ítrekað með símbréfi, dagsettu 31. ágúst 2001, með rafpósti 12. september 2001 og með ábyrgðarbréfi, dagsettu 24. september 2001. Með bréfi varnaraðila, dagsettu 3. október 2001, féllst varnaraðili á að aflétta handveðsetningu af umræddum reikningi nr. xxxxxx, þar sem umboðsmaður sóknaraðila hefði ekki haft umboð til þeirrar veðsetningar. Að öðru leyti var kröfum sóknaraðila hafnað.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir annars vegar þá kröfu að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum upphaflega innistæðu reiknings nr. xxxxxx á nafni sóknaraðila, kr. 2.000.000,- að

viðbættum vöxtum og kostnaði. Hins vegar gerir sóknaraðili þá kröfu að varnaraðila verði gert að leysa hann undan greiðsluskyldu vegna skiptasamninga nr. xxx og xxx, þ.m.t. svonefndra framlengingarsamninga, og að allir þeir skiptasamningar verði felldir úr gildi.

Sóknaraðili kveðst hafa verið í góðri trú um að nefndur umboðsmaður hefði starfsleyfi sem verðbréfamiðlari og því gert samning við hann um umsjón verðbréfavíðskipta fyrir hönd sóknaraðila. Hafi verið færðar f.h. sóknaraðila kr. 5.000.000,- inn á reikning umboðsmannsins. Segist sóknaraðili hafi gengið út frá því að um hefðbundin (sic) verðbréfavíðskipti yrði að ræða, t.a.m. að umboðsmaðurinn myndi annast kaup á einstökum tegundum hlutabréfa, sbr. orðalag í samningi þeirra. Hafi aldrei komið til tals að umboðsmaður sóknaraðila myndi annast eða hefði heimildir til frekari eða áhættumeiri víðskipta fyrir hönd sóknaraðila, þ.m.t. afleiðuvíðskipta eða lántöku í tengslum við þau.

Sóknaraðili bendir á að hann hafi aldrei ritað undir skjal þar sem reikningur xxxxxx sé veðsettur til tryggingar öllum fjárskuldbindingum við varnaraðila. Hafi greindur umboðsmaður ritað heimildarlaust undir skjalið og það án þess að föðurnafn hans komi fram. Þá sé einungis einn vottur að samkomulaginu og sé hann starfsmaður varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að allir gerningar í tengslum við fyrrnefnda skiptasamninga sem gerðir séu í nafni hans séu óvottaðir. Þá sé framlenging annars þeirra óundirrituð af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa tekið út af áðurnefndum reikningi um kr. 517.000,- í óþökk sóknaraðila.

Sóknaraðili kveðst aldrei hafa heimilað gerð umrædda löggerninga og verið algjörlega grandalaus um gerð þeirra. Hafi umboðsmaður hans ekki haft umboð til stofnunar reiknings í nafni sóknaraðila, handveðsetningar fjármuna hans eða gerðar skiptasamninga. Hafi varnaraðili sýnt af sér gáleysi með því að hafa ekki kannað hvort umboð til stofnunar reiknings og handveðsetningar væri fyrir hendi og jafnframt hafi honum mátt vera kunnugt um að umboðsmaður sóknaraðila hefði ekki umboð til gerðar skiptasamninga. Þá hafi undirritun og vottun samninga verið verulega áfátt. Ennfremur sé trúlegt að varnaraðili hafi ekki gengið úr skugga um að umboðsmaðurinn hefði starfsleyfi sem verðbréfamiðlari.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að skiptasamningar falli ekki undir hugtakið verðbréfavíðskipti samkvæmt lögum nr. 13, 1996. Þá hafi varnaraðili ekki starfsleyfi til að annast afleiðuvíðskipti og gerð skiptasamninga og sé sóknaraðili af þeim ástæðum ekki skuldbundinn af gerð áðurnefndra skiptasamninga við fjármálafyrirtækið F.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Kveður varnaraðili engar hömlur hafa verið settar á verðbréfavíðskipti þau er sóknaraðili fól umboðsmanni sínum að annast fyrir sína hönd. Varnaraðili telur fullyrðingu sóknaraðila þess efnis að gerð skiptasamninga falli ekki undir verðbréfavíðskipti vera ranga og vísar í því skyni til 3. tölul. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996.

Varnaraðili kveður fyrirbyggjandi skriflegt umboð sóknaraðila til handa umboðsmanni sínum vera almenns eðlis þar sem umboðsmanninum sé falið að annast verðbréfavíðskipti fyrir hönd sóknaraðila. Sé jafnframt tekið fram í umboðinu að engar

hömlur séu á því hvaða bréf umboðsmaðurinn kaupir og selji. Hafi umboðið sjálfstæða tilveru gagnvart varnaraðila sem hafi verið algerlega grandalaus um að það hafi verið einhverjum takmörkunum háð. Hafi sóknaraðili ætlast til að heimild umboðsmannsins takmarkaðist við einföld (sic) verðbréfavíðskipti hafi honum borið að taka það skýrt fram í samningi sínum við umboðsmanninn. Verði sóknaraðili að bera áhættuna af því að umboðsmaður hans kunnir að hafa farið út fyrir munnleg fyrirmæli sóknaraðila um takmörkun umboðsins.

Varnaraðili fellst á að vanda hefði mátt betur til undirskrifa og vottunar á umræddum skiptasamningum, en sá misbrestur valdi því ekki að skuldbinding samkvæmt þeim sé niður fallin enda hafi því ekki verið mótmælt að til þeirra hafi verið stofnað í nafni sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að umboðsmaður sóknaraðila hafi lagt fjármuni inn á reikning nr. xxxxxx og hafi varnaraðili því hlotið að líta svo á að hann hefði heimild til að ráðstafa þeim fjármunum í samræmi við umboð sitt. Hefði og ekki orðið af framlengingu skiptasamninga nema með greiðslu inn á þá kröfu sem myndast hafði samkvæmt þeim. Er og á það bent að ekki hafi verið hreyft mótmælum við uppgjörslöð, sem sóknaraðili eða umboðsmaður hans hafi fengið afhent, fyrr en við upphaf máls þessa. Þá kveður varnaraðili það engin áhrif hafa að umboðsmaðurinn hafi eingöngu ritað skírnamafn sitt undir handveðssamning og að einungis sé einn vottur á skjalinu.

Varnaraðili ítrekar að hann hafi öll tilskilin leyfi til að annast verðbréfavíðskipti, en undir þau falli afleiðuvíðskipti og gerð skiptasamninga. Er öðru mótmælt og vísað á bug sem útrúningi.

V.

Niðurstaða.

Ekki er um það deilt að varnaraðili hafi starfsleyfi viðskiptaráðherra sem fjármálafyrirtæki, sbr. 4. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113, 1996. Samkvæmt c-lið 7. tölul. 1. mgr. 44. gr. laganna teljast víðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir víðskiptavini með framvirka samninga og skiptarétt (vilnanir) til starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Um slík víðskipti er einkum að finna ákvæði í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Í 3. tölul. 2. gr. er að finna í tveimur bókstafslíðum skilgreiningu á verðbréfi. Er það annars vegar samkvæmt a-lið 3. tölul. 2. gr. hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignaréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum. Hins vegar er verðbréf í lögnum talið merkja samkvæmt b-lið 3. tölul. 2. gr. skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa samkvæmt a-lið. Til verðbréfavíðskipta teljast svokallaðir afleiðusamningar, en það eru samningar þar sem uppgjörskvæði byggist á breytingu einhvers þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Andvirði slíks samnings er háð breytingu þessara viðmiðunarþátta á tilteknu tímabili, sbr. nú skilgreiningu í 21. tölul. 2. gr. laga nr. 13, 1996, sbr. 1. gr. laga nr. 164, 2000. Afleiðusamningur sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma nefnist framvirkur samningur, sbr. 24. tölul. 2. gr. Með vísan til framanritaðs og að öðru leyti til ákvæða laga um viðskiptabanka og sparisjóði og laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996 er hvorki tilefni til að fallast á þá málsástæðu sóknaraðila

að varnaraðili hafi ekki að lögum haft heimild til að gera þá samninga sem mál þetta snýst um, né að umræddir skiptasamningar falli ekki undir hugtakið verðbréfavíðskipti.

Í samningi sóknaraðila og umboðsmanns hans er hinum síðarnefnda falið að annast verðbréfavíðskipti fyrir hönd sóknaraðila og engar hömlur við því hvaða bréf umboðsmaðurinn ætti víðskipti með. Kom umboðsmaður sóknaraðila í samræmi við þetta fram fyrir hönd sóknaraðila gagnvart varnaraðila og annaðist gerð umræddra tveggja skiptasamninga, sem framlengdir voru í tvígang eins og áður var rakið. Hefur það ekki þýðingu í þessu sambandi gagnvart varnaraðila hvort umboðsmaður sóknaraðila hafi haft starfsleyfi sem verðbréfamiðlari eður ei. Af umboði sóknaraðila verður ekki ráðið að það sé takmarkað við einstök verðbréfavíðskipti umfram önnur. Þvert á móti er gefið til kynna að engar hömlur séu á víðskiptunum sem fram eigi að fara í nafni sóknaraðila. Hafi það verið ætlun sóknaraðila að takmarka með einhverjum hætti umboðið verður hann sjálfur að bera hallan af óskýru orðalagi í samningi sínum við umboðsmanninn. Í öllu falli liggur ekkert fyrir um að varnaraðila hafi verið eða hafi mátt vera ljóst að greindur umboðsmaður hafi ekki haft heimild til að gera samninga þess eðlis sem um var að ræða. Er sóknaraðili því bundinn við samninga þessa gagnvart varnaraðila. Ámælisvert er að ekki hefur verið vandað nægilega til vinnubragða af hálfu varnaraðila við frágang skjala í tengslum við víðskipti aðila. Það þykir hins vegar engu breyta um fyrrgreinda niðurstöðu þótt undirritun og vottun hafi verið áfátt í einstökum tilvikum, enda ekki dregið í efa að umræddir samningar hafi verið gerðir fyrir hönd sóknaraðila.

Handveðssetningu hefur verið aflétt af reikningi sóknaraðila, enda hefur varnaraðili fallist á að fyrrgreint umboð hafi ekki náð til þess. Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að varnaraðili hafi ekki haft tilefni til að álykta á annan veg en að í umboðinu hafi falist heimild til handa umboðsmanninum til að ráðstafa fjármunum sóknaraðila í tengslum við verðbréfavíðskiptin, m.a. með því að stofna reikninginn, leggja fé inn á hann og eftir atvikum að taka út af honum aftur.

Með vísan til alls framanritaðs þykir ekki verða hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M á hendur fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 23. janúar 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarasdóttir

Sölvi Sölvason

